ÓLAFUR FINNBOGASON
*Veiðir sér til matar*
Matur Tilboð Langur laugardagur
allt Í MIÐJU BLAÐSINS





SIRKUS
BJÖSSI BASTI
*Leikstýrir auglýsingum í Hollywood*
SIRKUS Í MIÐJU FRÉTTABLAÐSINS










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. janúar 2007 — 4. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

**Samstarfssamningur**
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Kristján Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, skrifuðu undir samning sem miða á að frekari menningaruppbyggingu í höfuðstað Norðurlands.



MENNING 32

**Flottur í London**
Einar Bárðarson hefur opnað skrifstofu á horni Oxfordstrætis og Tottenham Court Road í London.



FÓLK 46

**Áróðursbrellur Stefáns**
„Allir hafa nú miklu fleiri tækifæri en áður, af því að hagkerfið er opnara og frjálsara. Ójöfnuður hefur í þeim skilningi minnkað,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 22

**KR vann í Hólminum**
KR vann uppgjör toppliðanna í Stykkishólmi þar sem liðið vann sigur á heimamönnum í Snæfelli.



ÍÞRÓTTIR 42

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRAVEÐUR** Í dag verður hæg suðlæg átt en bætir í vind sunnan til í kvöld. Skúrir á suðurhluta landsins en styttir upp norðaustan til eftir hádegi og léttir til. Hiti 2-6 stig syðra en um eða undir frostmarki á Norðaustur- og Austurlandi.

VEÐUR 4




# Álverinu í Straumsvík lokað ef ekki verður af stækkun

**Tillögur að deiliskipulagi líklega tilbúnar í janúar. Kosning Hafnfirðinga verður um deiliskipulag sem felur í sér stækkunina. Talsmaður Alcan segir að ef ekki verði af henni sé það upphafið að endi álversins.**

**STÓRIÐJA** Starfshópur sem unnið hefur að því á vegum fulltrúa bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Alcan er langt kominn með að útbúa tillögu að nýju deiliskipulagi sem tekur til svæðisins við álverið í Straumsvík. Fyrirhugað er að stækka álverið þannig að árleg framleiðslugeta þess verði 460 þúsund tonn á ári, en í dag er hún 180 þúsund tonn. Til þess að af stækkun álversins verði þurfa íbúar Hafnarfjarðar að samþykkja deiliskipulagið sem starfshópurinn vinnur að.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segist eiga von á því að tillögurnar að nýju og breyttu deiliskipulagi verði kynntar núna í janúar. Í kjölfarið munu þær verða lagðar fyrir skipulagsráð bæjarins og bæjarstjórn sem mun taka þær til meðferðar.

Eftir að starfshópurinn hefur skilað tillögunum munu bæjaryfirvöld í Hafnarfirði ákveða hvort þau séu samþykk stækkun álversins á þeim forsendum sem koma fram í þeim. Ef svo verður þá munu íbúar Hafnarfjarðar ganga til kosninga um hið nýja deiliskipulag sem er forsenda fyrir því að af stækkuninni verði. „Deiliskipulagið er lykilspurningin um stækkun álversins. Ef íbúar Hafnarfjarðar munu samþykkja deiliskipulagið; þá eru þeir með því að samþykkja stækkun álversins í Straumsvík,“ segir Lúðvík, og bætir því við að ef íbúarnir hafni deiliskipulaginu þá séu þeir þar með að segja að þeir séu samþykkir núgildandi deiliskipulagi.

Bæjarstjórinn segir að kosningin um stækkunina verði í síðasta lagi á sama tíma og þingkosningarnar í vor. Lúðvík segir að vel geti komið til greina að hafa kosningu um stækkunina á sama tíma. Að sögn bæjarstjórans gæti kosningin hins vegar alveg orðið fyrr.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir að ef álverið verði ekki stækkað sé það upphafið að endi álversins í Straumsvík. „Það getur vel farið svo að álverinu verði lokað ef það verður ekki stækkað. Við viljum stækka það til að tryggja samkeppnishæfni þess til lengri tíma á alþjóðlegum markaði, þannig að álverið geti verið hér í að minnsta kosti 40 ár í viðbót,“ segir Hrannar.

Aðspurður segir Hrannar að ekki sé búið að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir stækkuninni. Það verður ekki gert fyrr en það liggur ljóst fyrir hvort íbúar Hafnarfjarðar eru hlynntir stækkuninni. - ifv



**MEÐ HAMARINN Á LOFTI** Nancy Pelosi var í gærkvöld kjörin forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, en hún er fyrsta konan í sögunni sem gegnir því embætti. Pelosi, sem er þingmaður Demókrataflokksins í Kaliforníu fékk 223 af 435 atkvæðum þegar kosið var til embættisins í gær. Sjá síðu 6 NORDICPHOTOS/AFP

Sérfræðingar bresku veðurstofunnar um þróun loftslags á árinu:

# Spá hlýjasta ári sögunnar

**LONDON, AP** Árið 2007 stefnir í að verða það hlýjasta í heiminum frá því mælingar hófust. Þetta tilkynntu sérfræðingar bresku veðurstofunnar í gær.

Aðalforsendurnar fyrir þessari spá eru að gróðurhúsaáhrifin vegna losunar koltvísýrings og annarra gróðurhúsalofttegunda haldi áfram að hita upp lofthjúp jarðar, en við það bætist að El Nino-veðurfyrirbrigðið, sem ýkir árstíðabundnar veðursveiflur í kringum Kyrrahaf, færist aftur í aukana í ár. Hlýjasta árið sem mælst hefur til þessa var árið 1998, en það ár gætti áhrifa El Nino mjög áþreifanlega. Ársmeðaltalshitinn var þá 0,52 gráðum yfir langtímameðaltalinu, sem var 14 gráður.

Að mati sérfræðinga bresku veðurstofunnar eru 60 prósent líkur á því að árið 2007 verði enn hlýrra en metárið 1998. „Þessar nýju upplýsingar fela í sér nýja viðvörun um að loftslagsbreytingar séu að eiga sér stað um allan heim,“ segir í tilkynningu frá stofnuninni.

Allar tölur fyrir árið 2006 liggja ekki enn fyrir en bresku veðurfræðingarnir segja óhætt að slá því föstu að nýliðið ár verði einnig í hópi þeirra tíu hlýjustu í sögunni.

Talsmenn umhverfisverndarsamtaka segja skýrsluna gefa kröfum um frekari aðgerðir gegn losun gróðurhúsalofttegunda aukið vægi. - aa

Frumvarp um Ríkisútvarpið:

## RÚV-frumvarp til skoðunar

**FJÖLMIÐLAR** Enn er óljóst hvort Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, lýkur vinnu sinni vegna umfjöllunar um breytingar á Ríkisútvarpinu áður en kemur til þriðju umræðu vegna málsins.

Íslensk stjórnvöld hafa leitast við að fara að athugasemdum ESA, eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpinu, en ekki hefur enn verið greitt úr öllum álitaefnum. Samkvæmt upplýsingum frá Agniesku Montoya, lögfræðingi hjá ESA sem hefur málefni RÚV til skoðunar hjá stofnuninni, standa vonir til þess að ljúka umfjölluninni innan skamms tíma. - mh/sjá síðu 20

Citigroup hleypti lífi í markaðinn:

## Mælir með Kaupþingi

**VIÐSKIPTI** Greiningardeild Citigroup, stærsta fjármálafyrirtækis heims, sendi í gær frá sér ítarlega verðmatsskýrslu um Kaupþing.

Citigroup mælir með kaupum á hlutabréfum Kaupþings og setur markið á gengið þúsund krónur á hlut að ári.

Greiningin er mikilvæg fyrir bankann og fer til tugþúsunda viðskiptavina Citigroup víða um heim. Fleiri slíkra greininga á verðmæti bankans mun vera að vænta frá erlendum fjármálafyrirtækjum á næstunni.

Bréf bankans hækkuðu um 2,79 prósent í gær og drógu með sér úrvalsvísitöluna sem hækkaði um 1,59 prósent í gær og hefur nú á tveimur viðskiptadögum frá áramótum hækkað um tæplega þrjú og hálft prósent. -hh/sjá síðu 20




## SPURNING DAGSINS



*Stefán, stendur nokkuð til að slátra á haustin?*

Nei, en við munum alla vega halda smalamennskunni áfram af fullum krafti.

Stefán Eiríksson, nýskipaður lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, vill efla sýnilega löggæslu með reglubundnum eftirlitsgöngum allt árið um kring.

Hjaðningavíg á Vesturbakkanum:

# Æ meiri heift færist í átök Palestínumanna

**VESTURBAKKINN, AP** Innbyrðis átök Palestínumanna hafa færst í vöxt síðustu daga. Í gær urðu þrír frammámenn Hamas-hreyfingarinnar fyrir árás á Vesturbakkanum. Einum var rænt, bíll annars var brenndur og skotið var að þeim þriðja er hann sté út úr bænhúsi, að því er palestínskir lögreglumenn greindu frá.

Þá var liðsmaður vopnaðra öryggissveita Hamas skotinn til bana í Jabaliya-flóttamannabúðunum á Gaza, þar sem hann átti leið um í bíl. Fjórir aðrir særðust. Og í Beit Lahiya, bæ þar stutt frá, hlutu fimmtán manns skotsár í skotbardaga milli Fatah- og Hamas-liða.

Hamas sakar liðsmenn Fatah um árásirnar, sem áttu sér stað eftir að Hamas-menn drápu fjóra Fatah-liða í skotbardögum fyrr um daginn.

Skærurnar milli hreyfinganna tveggja hafa farið síversnandi síðan í desember, einkum síðan Fatah-maðurinn Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, sagðist hafa ákveðið að boða til þingkosninga þótt innan við ár sé liðið frá þeim síðustu, sem Hamas vann. - aa



**VOPNIN TALA** Liðsmenn Al Aqsa-píslarvottanna, herskás arms Fatah-hreyfingarinnar, munda vopnin í útför lögreglumanns úr Fatah í Gaza-borg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Á FUNDINUM** Formaður menntaráðs segir fundinn eitt fyrsta skrefið í mótun nýrrar menntastefnu.

Endurskoðun menntastefnu:

## Skólamálin skeggrædd

**MENNTAMÁL Um hundrað manns sátu fund um endurskoðun menntastefnu Reykjavíkurborgar á skrifstofu Menntasviðs í gær. Fundurinn var haldinn að frumkvæði starfshóps menntaráðs sem falið var að endurskoða menntastefnuna.**

**„Hér er þéttpakkaður salur af fólki sem er að koma að fyrstu skrefum í mótun nýrrar menntastefnu,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs og formaður starfshópsins. „Það er mikilvæg byrjun á þessu starfi að leita ráða og hugmynda hjá þeim sem þekkja þetta best,“ segir hann.** - sþs

Slys við Garðatorg:

## Keyrt á feðga í Garðabænum

**SLYS** Ekið var á föður og ársgamalt barn við verslunarmiðstöðina Garðatorg í Garðabæ um sjö leytið í gærkvöldi. Faðirinn slasaðist á baki og olnboga en sonurinn fékk kúlu á höfuðið. Báðir voru fluttir á slysadeild.

Að sögn talsmanns lögreglunnar áttu þeir eftir að fara í frekari aðgerðir í gærkvöld en meiðsl þeirra voru ekki jafn alvarleg og talið var í fyrstu. Ekki er ljóst hvernig slysið bar að en málið er í rannsókn.

Mikið var um umferðaróhöpp á höfuðborgarssvæðinu í gær en flest voru minniháttar. - sþs

# Dauðaleit hafin að loðnu á miðunum

**Tvö rannsóknaskip og þrjú loðnuskip munu leita næstu daga að loðnu úti fyrir Norðurlandi og Vestfjörðum. Stofninn sem veiða á úr á þessari vertíð hefur aldrei mælst. Veiðiárið 2007 er því í óvissu. Mikil verðmæti gætu tapast.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Bæði rannsóknaskip Hafrannsóknastofnunar eru farin til loðnuleitar og voru stödd á miðunum djúpt út af Vestfjörðum í gær. Leitað verður næstu daga frá Vestfjarðamiðum og að miðunum norðaustur af Langanesi. Loðnuleit hefur gengið erfiðlega nokkur síðustu ár og veiði því minnkað verulega frá því sem var um miðjan tíunda áratuginn. Þá veiddust yfir milljón lestir nokkrar vertíðir í röð. Á síðustu vetrarvertíð veiddust aðeins 230 þúsund lestir. Ekkert hefur sést til stofnsins sem veidd skal úr á þessari vertíð, hvorki sem seiði, ungloðnu eða fullorðinnar loðnu.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunar, segir að nú verði enn á ný gert samstillt átak til að finna loðnuna og innan fárra daga haldi þrjú loðnuskip til leitar. Þau fara líklegast austur fyrir landið og koma til móts við rannsóknaskipin. „Þessi leit er með svipuðu sniði og var í rúma viku í desember en þá náðist enginn teljandi árangur. Auk þess var Árni Friðriksson við leit allan nóvembermánuð og fann ekki neitt.“ Þorsteinn segir jafnframt að það hafi gengið mjög illa að finna loðnu fyrr en í janúar allt frá því árið 2000.

„Vandræðin núna eru þau að við höfum aldrei séð neitt til þess árgangs sem á að halda uppi veiðinni á þessari vertíð“, segir Þorsteinn og vísar til árgangsins frá 2004 sem sást aldrei í neinum mæli sem seiði, aldrei sem ársgömul loðna og ekki undanfarna mánuði þrátt fyrir mikla leit. „Við getum ekki veitt veiðiráðgjöf án undangenginna mælinga því við höfum enga vitneskju um stærð stofnsins. Við verðum að taka ábyrga afstöðu í því.“

Helstu skýringarinnar á því að svo illa gengur að finna loðnuna síðustu ár eru taldar vera hækkandi hitastig sjávar við strendur landsins. Þorsteinn telur líklegustu skýringuna vera þá að loðnan flýi í kaldari sjó. „Þetta er þó aðeins kenning og ekki fyrirséð hvort þetta gengur til baka. Það er náttúran sem stjórnar því.“

Aðspurður um það hvort loðnu hafi verið leitað með aðstoð flugvéla frá Langhelgisgæslunni sagði Þorsteinn að slíkt hefði verið prófað í janúar 2006, en án árangurs enda þyrfti veður að vera með eindæmum gott til að hægt væri að sjá hvalablástra á þessum árstíma. Inntur eftir áhrifum flottrollsveiða og áhrifa þeirra á göngur loðnunnar minnir Þorsteinn á að aldrei hefur verið veitt úr árgangnum frá 2004 sem nú er leitað ákaft. Ástæðunnar fyrir hvarfi hans verði einstökum veiðarfærum ekki um kennt.

svavar@frettabladid.is



**LOÐNA** Loðnuleit hefur gengið erfiðlega undanfarin ár og veiði minnkað verulega.

**ÚTFLUTNINGSVERÐMÆTI LOÐNUAFURÐA**

| Ár | milljónir króna á verðlagi hvers árs | Hlutfall af útflutningi |
|---|---|---|
| 1996 | 15.676 | 16,45% |
| 1997 | 16.006 | 16,59% |
| 1998 | 748,5 | 15,8% |
| 1999 | 9.646 | 9,7% |
| 2000 | 10.756 | 11,2% |
| 2001 | 15.403 | 12,5% |
| 2002 | 20.467 | 15,8% |
| 2003 | 11.794 | 10,4% |
| 2004 | 9.336 | 7,7% |
| 2005 | 9.295 | 9,1% |



**AF MIÐUNUM** Heildarafli íslenska flotans er minni en undanfarin ár.

Afli íslenskra skipa:

## Minnsti heildarafli í 15 ár

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenskra skipa árið 2006 verður 1.324 þúsund lestir að mati Fiskistofu. Þetta er áætlun út frá fyrirliggjandi upplýsingum og er minnsti heildarafli síðan 1991 þegar ársaflinn var 1.044 þúsund lestir. Aflinn er 345 þúsund lestum minni en árið 2005 þegar hann var 1.669 þúsund lestir.

Áætlað er að botnfisksafli aukist um 9 þúsund lestir milli ára en afli uppsjávartegunda minnki um 345 þúsund lestir. Samdráttur í uppsjávarafla er allur í loðnu en afli kolmunna og síldar óx nokkuð frá fyrra ári. - shá

Áramótaskaup Ríkisútvarpsins:

## Neita að gefa upp kostnað

**FJÖLMIÐLAR Forsvarsmenn Ríkisútvarpsins neita að gefa upp hver heildarkostnaður RÚV hafi verið vegna Áramótaskaups sjónvarpsins.**

**Haft var eftir Bjarna Guðmundssyni, framkvæmdastjóra RÚV, í Fréttablaðinu í gær að kostnaður við skaupið yrði ekki gefinn upp „enda viðskiptaleyndarmál og trúnaðarupplýsingar“.**

**Páll Magnússon útvarpsstjóri sagðist í samtali við Fréttablaðið líta svo á að ekki væri hægt að gefa upp kostnaðinn þar sem það fæli í sér brot á samningi við Pegasus, sem framleiddi Skaupið.**

**Fréttablaðið hefur kært neitun forsvarsmanna RÚV til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.** - mh


**BÍLL DAGSINS**

**INFINITI FX35**

Nýskr. 04.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 12 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Útskriftarnemar úr viðskipta- og hagfræði vilja hvorki vinna í stóriðju né orkuveitu:

# Annar hver vill vinna í banka

**KÖNNUN** Kaupþing er það fyrirtæki sem flesta útskriftarnema úr viðskipta- og hagfræði langar að vinna hjá. Í næstu sætum eru Glitnir, Landsbankinn og Straumur - Burðarás.

Þetta er meðal niðurstaðna könnunar sem birt er í nýju tölublaði Hags, tímariti Félags viðskipta- og hagfræðinga.

Í sömu könnun kemur fram að innan hópsins er enginn sem hefur áhuga á að vinna hjá stóriðju- eða orkufyrirtæki og tveir svarenda hafa áhuga á að vinna hjá sjávarútvegsfyrirtæki.

Könnunin - sem var gerð í október - náði til þeirra rúmlega fimm hundruð sem eru á lokaári í viðskipta- og hagfræði í háskólunum fjórum; Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Bifröst og Háskólanum í Reykjavík. Tæpur helmingur svaraði.

44 prósent svarenda kváðust helst vilja vinna í fjármálafyrirtæki að námu loknu. Tólf prósent vilja helst vinna við endurskoðun og jafn margir nefndu þjónustufyrirtæki eða flokkinn annað. Verslun og opinber þjónusta komu í næstu sætum en þær greinar nefndu fjögur og fimm prósent þátttakenda. - bþs



**VINSÆLIR** Forystumenn Kaupþings, Sigurður Einarsson og Hreiðar Már Sigurðsson, þurfa vart að óttast áhugaleysi ungra viðskiptafræðinga á að vinna hjá fyrirtækinu.

KB LÍF → KAUPÞING LÍF

# VIÐ HÖFUM TEKIÐ UPP NÝTT NAFN

Undir nýju nafni, **Kaupþing líf**, bjóðum við eftir sem áður upp á sömu hagstæðu tryggingarnar.

**Hjá Kaupþingi lífi færðu:**

- Hagstæð iðgjöld hjá íslensku félagi sem býður mest úrval persónutrygginga.
- Val um ýmsar gerðir vátrygginga eftir þínum þörfum.
- Þarfagreiningu og tilboð.

**Þú getur komið í heimsókn til okkar eða hringt í síma 540 1400 og óskað eftir ráðgjöf.**

KAUPÞING LÍF

Kaupþing líftryggingar hf. • Sóltúni 26 • 105 Reykjavík • Sími 540 1400 • Fax 540 1401 • www.kaupthinglif.is

## GENGIÐ 04.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,89 | 70,23 |
| Sterlingspund | 135,81 | 136,47 |
| Evra | 91,55 | 92,07 |
| Dönsk króna | 12,283 | 12,355 |
| Norsk króna | 11,083 | 11,149 |
| Sænsk króna | 10,117 | 10,177 |
| Japanskt jen | 0,5850 | 0,5884 |
| SDR | 104,70 | 105,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

125,4304

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fundað vegna áætlaðrar uppsetningar spilasalar í verslunarmiðstöðinni í Mjódd:

# Borgarstjóri líður ekki spilasal

**BORGARMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri mun ekki líða spilasal í verslunarmiðstöðinni í Mjódd. Það er megin niðurstaða fundar sem hann átti í gær með Páli Hreinssyni, formanni stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands, vegna deilu um uppsetningu spilasalar sem fyrirhugað er að setja þar upp. Borgarstjóri sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir skemmstu að sér þætti uppsetning spilasalar hálfgerður yfirgangur af hálfu Háskólans, en Páll vísaði því á bug með þeim rökum að Háskólinn ætti ekki spilasalinn og gagnrýni borgarstjóra ætti að beinast að fyrirtækinu sem ætlar að setja upp spilakassana.

Niðurstaða fundarins að sögn borgarstjóra er að með vitneskju HHÍ verði fundað með fyrirtækinu Háspennu þar sem hann mun gera forsvarsmönnum grein fyrir þeirri afstöðu sinni að hann leggist mjög eindregið gegn uppsetningu spilasalar. Einnig að skýrt sé eftir fundinn að Happdrætti Háskólans og þar með Háskólinn beri ábyrgð á því hvar spilakassar eru settir upp, eins og kemur skýrt fram í reglum um happdrættið.

Í fréttatilkynningu frá HHÍ er lýst furðu á að borgaryfirvöld séu óánægð með staðsetningu salarins og að borgaryfirvöld hafi beint spjótum sínum að HHÍ. Farið hafi verið að lögum og öll leyfi til staðar. HHÍ telur að með fundi með Háspennu sé málið komið í réttan farveg og vonast til að lausn finnist sem sátt er um. **- shá**



**FRÁ MJÓDD** Borgarstjóri leggst mjög eindregið gegn því að spilakassar verði settir upp í verslunarmiðstöðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bílslys á Kjósarskarðsvegi:

# Einn alvarlega slasaður

**LÖGREGLUMÁL** Maður slasaðist alvarlega í bílveltu á Kjósarskarðsvegi, um klukkan tvö í gær. Fjórir aðrir voru í bílnum en meiðli þeirra eru ekki talinn alvarlega. Mennirnir eru allir rússneskir ferðamenn og voru á bílaleigubíl. Sá sem mest slasaðist mest var farþegi í aftursæti en fólkið er allt á fertugsaldri. Gríðarleg hálka er á veginum en Kjósarskarðsvegur er liggur frá Þingvallavegi og niður í Hvalfjörð. Bíllinn var á leið niður í Hvalfjörð þegar hann valt rétt norðan við bæinn Fellsenda. Á síðasta ári létust tveir í bílslysi á þessum vegi. **- kdk**



**FLÓTTINN REKINN** Sómalskir stjórnarhermenn sigurreifir í Mogadishu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átökin í Sómalíu:

# Skæruliðar sagðir umkringdir

**SÓMALÍA, AP** Hermenn frá Eþíópíu börðust í gær með hermönnum sómölsku bráðabirgðastjórnarinnar við um 600 skæruliða herskárra múslima syðst í landinu, nærri landamærunum að Kenía.

Að því er talsmaður stjórnarhersins greindi frá hafði hann umkringt skæruliðana „úr öllum áttum“. Keníaher lokaði landamærunum sín megin frá og bandarísk sjóhersveit hindraði að skæruliðar gætu flúið til hafs.

Ráðamenn í Evrópu og Bandaríkjunum vonast til að fljótt verði hægt að binda enda á átökin og senda friðargæslulið á vettvang. Borgarastríð hefur geisað í Sómalíu í 15 ár. **- aa**

## SPÁNN

### Sprengja fannst í bifreið

Sprengja fannst í gær í bænum Amorebieta í Baskahéruðunum á Spáni, aðeins fimm dögum eftir að bílasprengja sprakk í Madrid og varð einum manni að bana. Aðskilnaðarsamtökunum ETA var kennt um sprengjuárásina og slitnaði þar með upp úr samningaviðræðum við stjórnvöld.

# Flóttamaður talinn höfupaur

**Málflutningur vegna innflutnings á kókaíni hófst í gær. Lögreglumaður segir Davíð Garðarsson grunaðan um að hafa skipulagt innflutninginn. Fimm eru ákærðir og tengdust þeir lítið innbyrðis fyrir málið.**

**DÓMSMÁL** „Það var sagt við mig að ég þyrfti að fara í þessa ferð eða taka út refsingu,“ sagði Arnar Sindri Magnússon, einn fimmmenninganna sem komu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í gær vegna innflutnings á tveimur kílóum af kókaíni í ágúst síðastliðnum.

Auk Arnars eru þau Elísabet Arnardóttir, Elva Hlín Hauksdóttir, Friðjón Veigar Gunnarsson og Guðmundur Andri Ástráðsson ákærð. Þau hafa öll viðurkennt aðild sína að málinu. Upp komst um málið þegar fíkniefnin fundust við leit í tösku sem Elva Hlín kom með til landsins þann 9. ágúst síðastliðinn. Hún er einungis 18 ára gömul. Við efnagreiningu kom í ljós að um tvö kíló af mjög hreinu kókaíni væri að ræða.

Arnar og Elísabet báru bæði fyrir dómi að þau hafi verið neydd til þátttöku í innflutningnum. Arnar átti að fara til Spánar, ná í tösku á óþekktum stað og afhenda burðardýri sem Elísabet átti að útvega.

Arnar vildi ekki nafngreina þá sem stóðu að baki innflutningnum fyrir dómi af ótta við að hann eða hans nánustu yrðu fyrir ofbeldi af hendi þeirra sem áttu efnin. Hann sagðist áður hafa lent í pyntingum og barsmíðum frá sömu aðilum þar sem hann var meðal annars brenndur. Hann hefði ekki áhuga á að lenda í slíku aftur.

Elísabet sagði að hún hefði verið þvinguð til að útvega burðardýr með hótunum og ofbeldi. Hún vildi ekki nafngreina þá aðila sem stæðu að baki innflutningnum af ótta við að þeir myndu drepa hana. Guðmundur Andri hafi síðan komið henni í kynni við Friðjón sem síðar hafi fengið Elvu Hlín til verksins. Hún átti að fá 500.000 krónur fyrir vikið. Elísabet sagðist hafa verið í mikilli neyslu á þessum tíma og að ákveðnir aðilar, sem hún vildi ekki nafngreina, hefðu tak á henni vegna óuppgerðrar fíkniefnaskuldar fyrrum sambýlismanns hennar, sem nú væri látinn.

Við aðalmeðferð málsins kom fram að fólkið þekktist lítið sem ekki neitt innbyrðis. Elísabet hafi hitt Arnar einu sinni á BSÍ í aðdraganda innflutningsins til að ganga frá tilhögun hans. Hún hafi síðan þekkt Guðmund Andra sem kom henni í kynni við Friðjón einvörðungu í þeim tilgangi að finna burðardýr. Elva Hlín hafi engan annan þekkt en Friðjón.

Lögreglumaður sem vann að rannsókn málsins sagði við skýrslutöku að Davíð Garðarsson væri grunaður um að hafa skipulagt og staðið á bak við innflutninginn, en Davíð er eftirlýstur af lögreglu bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi. Hann flúði land í desember 2005 og hefur enn ekki fundist.

**thordur@frettabladid.is**



**ÁKÆRÐ FYRIR STÓRFELLT KÓKAÍNSMYGL** Hin ákærðu neituðu að nafngreina þá aðila sem stóðu að baki innflutningnum sökum ótta um eigin líf. Burðardýr var handtekið með efnin þann 9. ágúst síðastliðinn.

Davíð Garðarsson:

## Eftirlýstur á alþjóðavettvangi

**DÓMSMÁL** Davíð Garðarson er eftirlýstur af lögreglu hér á landi og af Alþjóðalögreglunni Interpol vegna fíkniefnabrota og nauðgunar. Hann var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi í Hæstarétti 1. desember 2005 fyrir að hafa nauðgað fyrrum sambýliskonu sinni á hrottafenginn hátt á heimili hennar rúmu ári áður. Hann flúði land skömmu síðar og hefur ekki fundist enn.

Davíð á langan sakaferil að baki og hefur hlotið 13 refsidóma frá árinu 1985. Samanlögð óskilorðsbundin refsing hans á þeim tíma nemur sjö árum. Hann er fæddur árið 1969 og er því 37 ára. **- þsj**



## ATBURÐARÁSIN

**Fimmmenningarnir sem hafa verið ákærðir fyrir innflutning á tveimur kílóum af kókaíni sögðu fyrir dómi að þau tengdust nánast ekkert innbyrðis heldur hafi hver haft sitt hlutverk í innflutningnum og ekki komið að skipulagningu hans.**

Júní 2006:
Arnar Sindri Magnússon fer til Spánar í þeim tilgangi að flytja fíkniefnin og afhenda burðardýri. Eitthvað fer úrskeiðis og hann snýr aftur til Íslands án þess að af innflutningnum verði.

Júlí 2006:
Arnar fær þau skilaboð að hann eigi að fara aftur út. Hann á að sækja efnin á einum stað og afhenda þau burðardýri á Benidorm. Hann hittir Elísabetu Arnardóttur á BSÍ. Þar er henni afhentur miði með upplýsingum um afhendinguna, útlitslýsingu á Arnari og lykilorð sem burðardýrið átti að nota þegar afhendingin færi fram.

Lok júlí:
Guðmundur Andri Ástráðsson kemur á fundi milli Elísabetar og Friðjóns Veigars Gunnarssonar. Friðjón hafði áður sagst geta útvegað burðardýr. Þremenningarnir hittast þrisvar alls og ræða tilhögun ferðarinnar. Friðjón ræðir við Elvu Hlín Hauksdóttur um að flytja efnin til landsins. Elva Hlín ákveður að verða við bóninni. Hún átti að fá 500.000 krónur fyrir vikið.

31. júlí:
Arnar fer til Spánar að beiðni óþekkts manns til að sækja fíkniefnin á óþekktan stað. Þegar hann fær þau í hendurnar er þegar búið að koma þeim fyrir í botni ferðatöskunnar.

5. ágúst:
Arnar afhendir Friðjóni töskuna á Benidorm.

9. ágúst:
Elva Hlín handtekin á Keflavíkurflugvelli við komuna frá Spáni um London. Tvö kíló af kókaíni í tveimur pakkningum finnast undir klæðningu ferðatösku sem hún ferðaðist með.

4. janúar:
Rannsóknarlögreglumaður segir fyrir dómi að lögreglan gruni að Davíð Garðarsson standi að baki innflutningnum.


Sykurskert Kókómjólk




helmingi léttari!

*Sykurskerta Kókómjólkin inniheldur helmingi minni viðbættan sykur og fitu en hefðbundin Kókómjólk og orkuinnihaldið er fjórðungi lægra.*

*Yfir 80% af mjólkursykrinum hafa verið klofin og hentar drykkurinn því flestum þeim sem hafa mjólkursykursóþol.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KÖLD HELGI**
Um helgina snýr hann sér í norðlægar áttir og þá kólnar. Á laugardag vex vindur á Vestfjörðum og á norðurlandi með snjókomu eða éljum. Má búast við allhvössum og sums staðar hvössum vindi sem gengur að miklu leyti niður á sunnudag. Samfara því harðnar frostið.
Syðra verður hæg suðlæg átt á laugardag með slyddu- eða snjóéljum en á sunnudag rofar til í hægri norðlægri átt.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hæg suðaustlæg átt en suðvestlægur síðdegis. Skúrir. Hiti 2-4 stig.

um hádegi »



» á morgun



Vaxandi norðanátt nyrðra og á Vestfjörðum annars annars hægur vindur

» sunnudagur



Norðan 5-10 m/s. Harðnandi frost.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C alskýjað | London | 11°C alskýjað | Alicante | 20°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 9°C rigning | París | 11°C skúrir | Mallorca | 16°C heiðskírt |
| Osló | 2°C hálfskýjað | Frankfurt | 9°C rigning | Algarve | 18°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 7°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 2°C skúrir | Krít | 15°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 8°C hálfskýjað | Berlín | 7°C skúrir | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# GLJÁÐUR KJÚKLINGUR
## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

- 1 stk. stór kjúklingur
- 4 msk. hunang
- 3 msk. smjör
- 5 msk. limesafi
- 3 msk. svört sesamfræ
- 2 msk. kóríanderfræ, möluð
- salt og hvítur pipar

Hitið hunang í potti og hrærið saman við stofu-heitt smjör. Blandið saman við limesafa, sesamfræ og kóríanderfræ. Penslið gljáanum á kjúklinginn og kryddið með salti og hvítum pipar. Setjið kjúklinginn á ofngrind með bakka undir og eldið við 120°C þar til kjarnhiti nær 70°C, eða í um 2 klst. Penslið gljáanum reglulega á kjúklinginn á meðan á steikingu stendur. Berið fram með fersku salati. Uppskriftin miðast við fjóra.

Holta-kjúklingur



35% afsláttur við kassa

Ferskur kjúklingur

TILBOÐ 484 kr/kg
Merkt verð 745,-



Í fiskréttum okkar er einungis notað ferskt hráefni

Lax
í chili, engifer og hvítlauk

TILBOÐ 1.649 kr/kg
Verð áður 1.989,-



Heimalagaður plokkfiskur

TILBOÐ 899 kr/kg
Verð áður 1.089,-





Kjöt & fisktorgið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Svínalundir | TILBOÐ | 1.998 kr/kg | ~~2.549~~ kr/kg |
| Svínalæri | TILBOÐ | 598 kr/kg | ~~779~~ kr/kg |

TILBOÐ 249 kr/stk
Verð áður 319,-



TILBOÐ 59 kr/stk
Verð áður 88,-



**Heilsubrauð**
- bakað á staðnum, alltaf nýbakað



TILBOÐ 179 kr/stk
Verð áður 219,-

**Ananas**
- frískandi og fullur af vítamínum



40% afsláttur við kassa

**Ben & Jerry´s ís 473 ml**
- ekta amerísk ísblanda

Gildir til 7. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**




*Myndir þú gangast undir lyfjapróf hjá þínu fyrirtæki?*

| | |
|---|---|
| Já | 66% |
| Nei | 34% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Reykir þú?*

Segðu skoðun þína á visir.is **vísir**

Maðurinn sem leitað var að í fyrrinótt gat engar skýringar gefið á hvarfi sínu:

# Fannst drukkinn í heimahúsi

**MANNSHVARF** Maðurinn sem leitað var að í fyrrinótt og í gærmorgun kom í leitirnar um klukkan tíu í gær. Björgunarsveitarmenn höfðu upp á bíl mannsins fyrir utan hús í Hafnarfirði. Hann var heill á húfi, nokkuð ölvaður og gat enga skýringu gefið á hvarfi sínu.

Maðurinn fór frá heimili sínu í Hafnarfirði í gærkvöldi. Þegar hann hafði ekki skilað sér aftur í nótt var hafin leit að honum. Um hundrað björgunarsveitarmenn frá sjö björgunarsveitum tóku þátt í leitinni með sporhundum. Þyrla Landhelgisgæslunnar var einnig kölluð út.

Þótt björgunarsveitarmenn gefi sína vinnu má ætla að kostnaður vegna vinnu hundrað manns, útkalls og þyrlu sé ekki undir milljón króna.

„Þetta kennir okkur bara að vinna undirbúningsvinnuna betur áður en haldið er af stað," segir Kristján Maack, formaður Landsstjórnar Björgunarsveita. „Það skrifast kannski frekar á lögregluna en okkur."

Hann segir ekki koma til greina að rukka manninn sem fannst eða þann sem hringdi í neyðarlínuna fyrir leitina. „Við erum styrkt af almenningi og þetta er fyrirframgreidd þjónusta."



**LEIT STJÓRNAÐ** Formaður Landsstjórnar Björgunarsveita segir ekki koma til greina að rukka fyrir leitina.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir alltaf hægt að vera vitur eftir á, en þegar símtalið hafi borist hafi lögreglan séð ástæðu til að hafa hraðann á. Málið sé enn í rannsókn. **- kdk / sþs**

Furðudýr vekur athygli:

## Kom í heiminn með tvö andlit

**VÍSINDI, AP Kálfur nokkur í Virginíu í Bandaríkjunum hefur vakið mikla athygli, en hann kom í heiminn fyrir áramót. Kálfurinn er með tvö andlit en annars fullkomlega heilbrigður.**

**Kálfur þessi er með tvö nef og tungur tvær, en einungis eina augnatóft. Út úr henni stara hins vegar tvö augu. „Þetta er það geggjaðasta sem ég hef séð," segir bóndinn, sem í fyrstu hélt að kýrin væri tvíkelfd. Dýralæknar kalla svona nokkuð diprosopus upp á latínu.**

**Dýrið varð til með gervifrjóvgun til kynbóta.** **- kóþ**



enn meiri afsláttur
50-70%
evans.
smáralind og kringlunni

# Pelosi segir breytta tíma gengna í garð

**Demókratar hafa nú meirihluta í báðum deildum Bandaríkjaþings í fyrsta sinn í tólf ár. Nancy Pelosi var fyrst kvenna kosin forseti fulltrúadeildarinnar og segist ætla að breyta stefnu þjóðarinnar.**

**BANDARÍKIN** Demókratar tóku við stjórninni í báðum deildum Bandaríkjaþings í gær og létu það verða sitt fyrsta verk að kjósa Nanci Pelosi forseta fulltrúadeildarinnar. Hún tekur við þeirri stöðu af repúblikananum Dennis Hastert.

„Í dag brjótum við blað í sögunni. Í dag breytum við stefnu þjóðarinnar," sagði Pelosi, sem er fyrsta konan í meira en 200 ára sögu Bandaríkjaþings sem gegnir embætti þingforseta. Konum fjölgaði nokkuð á Bandaríkjaþingi í gær, þær eru orðnar 90 talsins, þar af 74 í fulltrúadeild og 16 í öldungadeild.

Pelosi verður í forsvari fyrir öruggum meirihluta demókrata í fulltrúadeildinni, þar sem demókratar eru 233 á móti 202 repúblikönum. Í öldungadeildinni er meirihlutinn hins vegar afar naumur, með 51 demókrata á móti 49 repúblikönum. Demókratinn Harry Reid er leiðtogi nýja meirihlutans í öldungadeildinni.



**NÝI ÞINGFORSETINN** Nancy Pelosi veifar úr þingsalnum meðan atkvæði eru greidd um það hver verði forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings. Hún mætti til fyrsta fundar nýs þings í fylgd barnabarna sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pelosi ítrekaði í gær fyrri loforð demókrata um að vinna náið með Repúblikanaflokknum til að koma fram málum sem báðum flokkum þykja mikilsverð. Engu að síður ætla demókratar að nota fyrstu daga þingsins til þess að koma í gegn nokkrum málum án samráðs við repúblikana, og mátti sjá á sumum repúblikananna að þeir voru engan veginn sáttir við þær ráðagerðir.

Meðal annars ætla demókratar að samþykkja lög um hækkun lágmarkslauna, hert tök á ríkisútgjöldum og um að torvelda þrýstihópum að hafa áhrif á lagasetningar.

„Við skulum taka höndum saman á fyrstu hundrað klukkustundum þingsins og gera þetta þing að því heiðarlegasta og opnasta sem þekkst hefur í sögunni," sagði Pelosi í ræðu sinni á þingi í gær.

Sterk staða demókrata breytir einnig mjög stöðu George W. Bush Bandaríkjaforseta, sem enn á eftir tvö ár í embætti. Demókratar leggja mikla áherslu á breytta stefnu í Írak og krefjast þess að bandaríski herinn verði kallaður heim þaðan sem allra fyrst, en Bush hefur ekki enn skýrt frá því hvernig hann hyggst taka á málum í Írak.

Nú þegar Bandaríkjaþing er komið saman með nýjum meirihluta getur hann þó ekki beðið öllu lengur með að taka ákvarðanir.

Í gær skýrðu bandarískir fjölmiðlar svo frá því að John Negroponte, yfirmaður leyniþjónustu Bandaríkjanna, muni segja af sér og verða aðstoðarutanríkisráðherra. **gudsteinn@frettabladid.is**

120 1886 2006

Bankastjóra vantar. Umsóknarbréf skulu komin til landshöfðingja fyrir lok ágústmánaðar. Árslaunin eru 5000 krónur.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

Flugstoðir ohf. endurskoða verðskrá sína fyrir flugfélögin:

# Hækkunin fer beint í verðið

**SAMGÖNGUR** „Þetta fer beint í verðið og það munar töluvert um það," segir Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Iceland Express, um fyrirhugaðar breytingar á verðskrá Flugstoða ohf., sem tóku við rekstri flugumferðarstjórnunar um áramótin.

Flugstoðir hyggjast breyta gjaldtöku sinni þannig að allt að fjórfalt dýrara verði fyrir íslensk flugfélög að fljúga frá Evrópu til Bandaríkjanna, samkvæmt fréttum RÚV. Hins vegar verður ódýrara fyrir mörg flugfélög í Evrópu að fljúga sömu leið.

Áhrif hækkunarinnar hafa ekki verið reiknuð út hjá félaginu en Matthías segir víst að „þetta eru stórar upphæðir, stórir reikningar sem eru að koma." Hann segist vonast til að breytingarnar verði ekki að veruleika og telur nær að Flugstoðir hagræði í rekstri sínum. „Þeir verða bara að reka



**FLUGVERÐ GÆTI HÆKKAÐ** Verðskrárhækkun Flugstoða gæti haft þau áhrif að flugmiðar hækki í verði, hversu mikið er ekki komið í ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

þetta apparat á hagkvæmari hátt. Þeir eru aldeilis búnir að sýna það á síðustu dögum að það er vel hægt," segir Matthías.

Þorgeir Pálsson, forstjóri Flugstoða, segir á móti að alltaf komi til greina að lækka þjónustustigið í samráði við flugfélögin. Þessi breyting sé hins vegar svar við tillögum frá Alþjóðasambandi flugfélaga og beiðni Kanadamanna og Breta um að taka við flugumferðarstjórn á svæði Íslendinga. „Þær voru tilefni til þess að fara út í alla þætti sem snerta þjónustuna," segir Þorgeir og bætir við að þetta sé einnig réttlætismál, því hingað til hafi mörg flugfélög verið að greiða fullt verð fyrir þjónustu sem þau nýttu sér ekki. **- kóþ**

www.toyota.is




## Toyota - stjörnuskoðun

Við fögnum nýju ári með stórsýningu og af því tilefni verða Toyotaumboðin um land allt stjörnum prýdd um helgina.

- ★ Frumsýning á nýjum Hilux með öflugri 3ja lítra vél
- ★ Frábær tilboð á nýjum bílum
- ★ Tilboð á fjármögnunarleiðum
- ★ Á móti sól rokkar upp stemninguna á Nýbýlaveginum kl. 13:00 á laugardaginn
- ★ Léttar veitingar í boði

Komdu og skoðaðu skærustu stjörnur nýs árs hjá Toyota um helgina. Opið á Nýbýlaveginum laugardag frá kl. 12-16 og sunnudag frá kl. 13-16.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hver málaði myndirnar sem Héraðsdómur dæmdi Reykjavíkurborg eiganda að á miðvikudag?*
2. *Hvað er talið að áramóta-skaupið hafi kostað?*
3. *Hvaða handboltamaður kemst ekki á HM vegna meiðsla?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Þremenningarnir sem leitað var vegna líkamsárásar á nýársnótt gáfu sig fram:

# Foreldrarnir þekktu drengina

**LÖGREGLUMÁL** Þremenningarnir sem leitað var að vegna mjög alvarlegrar líkamsárásar í Reykjavík á nýársnótt, gáfu sig fram við lögreglu í fyrrakvöld. Lögreglan segir myndir sem teknar voru á eftirlitsmyndavél, sem staðsett er við Kínverska sendiráðið í Garðastræti þar sem árásin átti sér stað, hafa skipt sköpun við lausn málsins.

Foreldrar drengjanna þriggja þekktu þá í sjón, þótt myndin væri óskýr, tóku sig saman og höfðu samband við lögreglu. Drengirnir hafa játað verknaðinn en þeir réðust á tvo menn, börðu þá niður í götuna og héldu áfram að sparka í höfuð þeirra þótt þeir hefðu misst meðvitund. Annar þeirra sem ráðist var á höfuðkúpubrotnaði við árásina en bæði fórnarlömbin hafa verið útskrifuð af sjúkrahúsi.

Lögreglan segir árásina virðast hafa verið tilefnislausa með öllu.

Einn árásarpiltanna er aðeins sextán ára og hinir tveir eru sautján. Barnaverndaryfirvöldum verður gert viðvart þó að þeir séu allir orðnir sakhæfir.

Drengirnir hafa ekki áður komið við sögu lögreglu svo vitað sé. - kdk



**ÁRÁSARMENNIRNIR Á FERÐ** Foreldrarnir þekktu drengina sína á myndunum. MYND/LÖGREGLAN.IS

Breskur drengur slær met:

# Yngstur yfir Atlantshafið

**BRETLAND, AP** Fjórtán ára drengur frá Englandi, Michael Perham, kom til hafnar á eyjunni Antigua á Karíbahafi á miðvikudag og lauk þar með 5.600 kílómetra seglskútusiglingu sinni yfir Atlantshafið. Hann er yngstur sjófarenda til að ná þessum áfanga, svo vitað sé. Ferðin tók sex vikur á tæplega níu metra seglbáti og var pilturinn að vonum feginn að ná landi. „Þetta var frábær leiðangur," sagði Perham sem hvetur alla foreldra til að styðja við bakið á ævintýragjörnum börnum, en pabbi hans fylgdi honum alla leiðina á sínum eigin bát. - kóþ















**TRUKKAR, HESTAR OG MENN** Hestamenn í hesthúsahverfinu Heimsenda í Kópavogi hafa áhyggjur af ástandinu og telja það lífshættulegt því það breytist dag frá degi og óvíst er hvenær reiðleið er tryggð. Þá stytta stórvirkar vinnuvélar og gröfur sér leið í gegnum hesthúsahverfið. Hér má sjá Gunnar Þórðarson hestamann ríða út með trukk í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Framkvæmdirnar skapa lífshættu

**Þungavinnuvélum er ekið um reiðleiðir, reiðleiðir eru sundurgrafnar, lýsingu vantar og skurðir við hesthúsin gera hestamönnum erfitt um vik. Ástandið er lífshættulegt. Hestamenn hafa áhyggjur af börnum og dýrum í hverfinu.**

**FRAMKVÆMDIR** Gríðarlegar framkvæmdir eru við hesthúsahverfið Heimsenda í Kópavogi þar sem verið er að byggja íþróttaakademíu og blokkir í Kórahverfi. Ökumenn á stórvirkum vinnuvélum og gröfum stytta sér leið í gegnum hestahúsahverfið, reiðleiðir hafa verið skornar sundur og lýsingu vantar. „Hestamönnum er ætlað að ríða út í svartamyrkri. Það er ekki hugsað út í að lýsa upp reiðvegi nema að hluta til," segir Gunnar Andrés Sigtryggsson hestamaður.

„Reiðleiðirnar skerast í sundur í gegnum hverfið og við þurfum að fara akvegi til að ná að ríða út. Reiðleið, sem hefur verið opin daginn áður, er kannski slitin daginn eftir. Svo er kannski komið myrkur eða rökkur og fólk fer ríðandi út í þeirri trú að þetta sé allt í lagi. Það er hættulegt að reiðleiðir séu opnar í dag og lokaðar á morgun og svo sér fólk ekki í kringum sig og veit ekki hvað er tryggt."

Ástandið í Heimsenda er svo slæmt að margir hestamenn telja það lífshættulegt. Oddný Ellertsdóttir, formaður húseigendafélagsins, segir að unnið sé á stórvirkum vinnuvélum í hverfinu alla daga. „Það er mikil slysahætta af þessu. Við erum búin að biðja um úrbætur og ég á von á því að bæjaryfirvöld geri eitthvað sem fyrst því að þetta er mjög hættulegt. Fólk á erfitt með að ríða út við þessar aðstæður," segir hún.

Framkvæmdunum við Heimsenda hefði átt að vera lokið en hafa tafist. Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir að verið sé að reyna að lagfæra ástandið. Lýsing hafi farið að hluta til af göngustíg og rafmagnsveitan sé að gera við það. Þá sé unnið að vatns- og holræsalögnum. „Það er ljóst að það verður alltaf einhver óánægja út af framkvæmdum en við erum að reyna að gera þetta þannig að hestamenn geti riðið sómasamlega út og með tilkomu reiðstígs niður að vatni verður það hægt. Við höfum reynt að gera eins vel við þetta fólk og hægt er."

Þegar Fréttablaðið spjallaði við hestamenn í Heimsenda í gær kom fram óöryggi þeirra og áhyggjur af framtíð hestahverfisins. Gunnar Andrés telur að íbúðabyggðin sé að færast „ískyggilega" nálægt hesthúsabyggðinni og kveðst vera hissa á því að byggðin verði svona nálægt. „Hesthúsabyggðin er að lokast inni í þessari íbúðabyggð og maður fer að hugsa um hvort þeir ætli að hafa hesthúsin inni í garðinum hjá blokkunum hérna." Oddný sagði svæðið framtíðarsvæði fyrir hestamenn í Kópavogi og Garðabæ. „Það er brýnt að þetta leysist," segir hún. ghs@frettabladid.is



**REIÐLEIÐIR SKORNAR Í SUNDUR** „Reiðleiðirnar skerast í sundur í gegnum hverfið og við þurfum að fara akvegi til að ríða út. Reiðleið, sem hefur verið opin daginn áður, er kannski slitin daginn eftir," segir Gunnar Andrés Sigtryggsson hestamaður sem hér stendur við reiðleið sem er einmitt skorin í sundur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# útsala

# 30 til 70 prósent afsláttur

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 35519 12/06

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



**KÍNVERSK ÁHRIF Í AFRÍKU** Kínverskur eftirlitsmaður fylgist með verkamanni í Gíneu-Bissá þar sem verið er að reisa byggingu sem Kínverjar hafa gefið hernum þar í landi. Kínverjar leggja nú mikið kapp á að efla tengsl sín við Afríkuríki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fangar á Litla-Hrauni geta sótt námskeið í skapandi tónlistarmiðlun í vor

# Námið eykur sjálfstraustið

**FÉLAGSMÁL** Fangar á Litla-Hrauni geta á vordögum tekið þátt í námskeiði í skapandi tónlistarmiðlun með tilkomu nýstárlegs samstarfsverkefnis Listaháskóla Íslands og fangelsisins.

„Þetta námskeið hefur verið sett upp í fangelsum erlendis og byggir á ákveðnum félagslegum markmiðum. Þetta á að kenna samvinnu, umburðarlyndi og stuðning, auk þess að hafa einstaklingsmiðuð markmið eins og að efla sjálfstraust og annað slíkt,“ segir Valtýr Sigurðsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar.

Ekki skiptir máli hvort fangarnir hafi þekkingu á tónlist eða kunnáttu á hljóðfæri, heldur verður námskeiðið sniðið að þörfum hvers og eins. Auk kennara frá Listaháskólanum munu nemendur skólans taka þátt í verkefninu og vinna að tónlistarsköpun ásamt föngunum.



**TÓNLISTARNÁM** Námskeið í tónlistarmiðlun byggir á erlendri fyrirmynd.

Kveikjan að námskeiðinu eru orð Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra í setningarræðu hans á norrænni ráðstefnu um menntun í fangelsum, en þar hvatti hann til þess að stuðlað yrði að listrænu starfi meðal fanga.

Valtýr segir að kostnaður við námskeiðið verði um 500 þúsund krónur, en dómsmálaráðuneytið styrkir námskeiðið. - bj

Um tvítugt á ofsahraða:

## Oft stöðvaður af lögreglu

**LÖGREGLUMÁL Rúmlega tvítugur karlmaður var stöðvaður fyrir hraðakstur á Reykjanesbraut í Kópavogi í gærkvöld. Bíll hans mældist á 139 km hraða á vegarkafla þar sem hámarkshraði er 70 km. Maðurinn hefur oft komið við sögu lögreglu vegna umferðarlagabrota.**

**Skömmu fyrr hafði lögreglan stöðvað tvo pilta um tvítugt fyrir hraðakstur. Annar þeirra var stöðvaður á Kringlumýrarbraut á 130 km hraða en hinn á Hafnarfjarðarvegi á 120. Á báðum stöðum er hámarkshraði 80 km.** - kdk

Elli- og örorkulífeyrisþegar:

## Fleiri fá afslátt

**BORGARMÁL** Að tillögu borgarstjóra hefur borgarráð ákveðið að hækka tekjuviðmið vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og holræsagjaldi. Fyrir vikið njóta allt að 4.700 tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar afsláttar eða fullrar niðurfellingar af áðurnefndum gjöldum.

Niðurfellingar njóta einstaklingar með tæpar 1.900 þúsund króna árstekjur og hjón með ríflega 2.600 þúsund króna árstekjur.Helmings afsláttur fæst ef árstekjur einstaklings eru undir 2.500 þúsund krónum og tekjur hjóna undir 3.490 þúsund krónum. - bþs

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Mildi að ekki fór verr

Rúmlega fertugur karlmaður þótti sleppa ótrúlega vel, að sögn lögreglu, þegar sendibifreið sem hann ók rann út af vegi, niður hlíð og endaði á götu fyrir neðan. Slysið átti sér stað í fyrradag á Fáskrúðsfirði.

UMFERÐ

### Tíu prósent fleiri nota göngin

Á síðasta ári fóru tæpar tvær milljónir ökutækja um Hvalfjarðargöng. Það er 9,28 prósenta aukning frá árinu 2005, að sögn Gylfa Þórissonar framkvæmdastjóra Spalar sem á og rekur göngin. Þetta kemur fram á fréttavefnum Skessuhorni.

120 1886 2006

Vegna miðbæjarbrunans mikla verður lokað næstu daga.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár



**VÍÐSÝNT** Útsýnið er frábært ofan af Rjúpnahæð. Nýja lóðin sem skipulögð er að ósk Þorsteins Vilhelmssonar verður sú efsta í byggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Þorsteinslóð auglýst segir bæjarstjórinn

**Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir lóðina sem á að stofna á Rjúpnahæð að ósk Þorsteins Vilhelmssonar verða auglýsta. Vegna ásóknar í lóðir gangi ekki lengur að menn njóti skipulagshugmynda sem þeir setja fram.**

**STJÓRNSÝSLA** Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir viðbótarlóðina sem stofnuð verður í Austurkór á Rjúpnahæð eftir tillögu Þorsteins Vilhelmssonar muni verða auglýst með hefðbundnum hætti þegar þar að komi.

„Menn hafa oft komið með hugmyndir í skipulagsmálum. Þá eiga menn að njóta sem koma með hugmyndina og það gerðum við alltaf þegar var ekki svona mikil ásókn í lóðir en núna þegar það er svona mikil ásókn í lóðir þá gengur það því miður ekki. Þessi lóð verður auglýst eins og allar aðrar,“ segir Gunnar.

Ekki hefur náðst tal af Þorsteini undanfarna daga. Hann hefur dvalist erlendis í leyfi.

Bæjarstjórinn vísar á bug gagnrýni Lindu Bentsdóttur sem fékk úhlutað endalóðinni í Austurkór 159 sem fjölmargir aðrir sóttu um, þar á meðal Þorsteinn Vihelmsson sem vill að nýja lóðin verði við hlið lóðar Lindu. Hún telur viðbótarlóðina muni rýra verðmæti sinnar lóðar.

„Á kortunum eru ekki teiknaðir neinir endar á götur þannig að það er engin endalóð neins staðar og það er möguleiki að lengja göturnar,“ segir bæjarstjórinn og útskýrir að þótt Austurkór liggi alveg að bæjarmörkum Garðabæjar sé möguleiki að teygja byggðina þangað yfir ef semst um að breyta lögsögumörkum.

„Ef það verður ein lóð þarna til viðbótar þá hljóta allir að eiga rétt á því að sækja um hana,“ segir Bjarni Jónsson, sem var meðal þeirra sem sóttu um endalóðina Austurkór 159 í Rjúpnahæð en fengu ekki. Hann segir nýju lóðina í raun vera sambærilega þeirri endalóð sem hann sótti áður um.

„Ég held að almenna reglan ætti að vera sú að menn fylgdu hefðbundnum útboðsreglum í Kópavogsbæ varðandi þessa aukalóð,“ segir Viðar Þorkelsson, sem sótti einnig um Austurkór 159.

Guðmundur Ingvarsson, sem einnig vildi fá Austurkór 159, segir að aðrir en Þorsteinn eigi að sjálfsögðu að fá tækifæri til þess að sækja um nýju lóðina.

„Þeir sem sóttu um þessa lóð gerðu það út af staðsetningunni í jaðrinum. Það gildir því sama um þessa nýju lóð og hina lóðina. Mér finnst mjög réttlátt að það sýni dregið á milli umsækjanda sem eru taldir hæfir,“ segir Guðmundur.

gar@frettabladid.is



Fæðingarorlofssjóður:

## Fluttur til Hvammstanga

**VINNUMARKAÐUR Fæðingarorlofssjóður fluttist um síðustu áramót frá Tryggingastofnun ríkisins til Vinnumálastofnunar og er til húsa að Strandgötu 1, Hvammstanga.**

**Umsækjendur geta skilað inn umsóknum sínum til skrifstofunnar þar auk þess sem umsækjendur af landsbyggðinni geta sent skattkort sín þangað ef þeir vilja nýta sér þau hjá Fæðingarorlofssjóði.**

**Umsækjendur af höfuðborgarsvæðinu eiga hins vegar að skila skattkortum sínum til Vinnumálastofnunar við Engjateig í Reykjavík.** - ghs

Kjartan Gunnarsson hefur látið af starfi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins:

# Andri tekinn við lyklunum

**STJÓRNMÁL** Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins í aldarfjórðung, afhenti í gær eftirmanni sínum, Andra Óttarssyni, lyklana að Valhöll, húsakynnum flokksins í Reykjavík.

Starfslok Kjartans voru opinberuð í byrjun október og var þá jafnframt greint frá ráðningu Andra. Hafa þeir starfað hlið við hlið þar til í gær að formleg framkvæmdastjóraskipti urðu á fundi tvímenninganna með formanni og varaformanni Sjálfstæðisflokksins, þeim Geir H. Haarde forsætisráðherra og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. - bþs



**TÍMAMÓT** Geir H. Haarde, Kjartan Gunnarsson, Andri Óttarsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Heilbrigðisstarfsfólk á Íslandi:

## Sjúkraliðum fækkar stöðugt

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisstarfsmönnum á Íslandi hefur fjölgað stöðugt í öllum stéttum miðað við íbúafjölda frá árinu 1981 að sjúkraliðum undanskildum. Þetta kemur fram í yfirliti hjá Landlæknisembættinu.

Í samanburði við hinar Norðurlandaþjóðirnar kemur fram að Ísland er vel statt í fjölda lækna og sjúkraþjálfara. Hins vegar starfa hér hlutfallslega fæstir hjúkrunarfræðingar og næstfæstir sjúkraliðar. Sá fyrirvari er á samanburðinum að Noregur gefur upp fjölda þeirra sem hafa leyfi en eru ekki starfandi í stéttinni. - sdg



**FLÓÐ** Sveitarstjórn Eyjafjarðar býður þeim sem urðu fyrir tjóni aðstoð við að leita réttar síns.

Leita til Bjargráðasjóðs:

## Tjón vegna skriðufalla og flóða metið

**EYJAFJÖRÐUR** Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar mun leita til stjórnar Bjargráðasjóðs um mat á tjóni vegna skriðufallanna og flóðanna sem áttu sér stað í firðinum fyrir jólin. Þetta kemur fram í fundargerð sveitarstjórnarinnar á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar. Sveitarstjórnin mun bjóða þeim sem urðu fyrir tjóni aðstoð við að leita réttar síns og mun auk þess leita til umhverfisráðuneytisins um hættumat á flóðasvæðinu.

Þann 20. desember urðu mikil skriðuföll í Eyjafirði, sér í lagi við bæinn Grænuhlíð auk þess sem vegurinn við Djúpadalsá rofnaði báðum megin brúarinnar. - iáh



**FRÁ BLÖNDUÓSI** Þar á að byggja nýja sundlaug. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Framkvæmdir á Blönduósi:

## Sundlaug í stað bifreiðastæða

**BLÖNDUÓS Byggja á nýja sundlaug á Blönduósi samkvæmt ákvörðun bæjarráðs.**

**Greint er frá þessu á vef Blönduóssbæjar.**

**Nýja laugin verður þar sem nú er bílastæði við íþróttahús bæjarins og munu laugargestir nýta búningsaðstöðu hússins.**

**Í ráði er að laugin verði 16,7 x 10 metrar og við hana verði einn eða tveir heitir pottar, vaðlaug og rennibraut.**

**Framundan er að gera kostnaðaráætlun og leita hönnunartilboða.**

**Á Blönduósi er nú innisundlaug sem komin er til ára sinna.** - bþs

**HVÍTA-RÚSSLAND**

**Lúkasjenkó reiður Rússum**

Alexander Lúkasjenkó, forseti Hvíta-Rússlands, fór á miðvikudag hörðum orðum um rússnesku stjórnina fyrir hækkun orkuverðs, sem Hvít-Rússar hafa neyðst til að samþykkja. Lúkasjenkó segir verðhækkunina ósvífna.


SCANIA

Mest seldu vörubílarnir á Íslandi



Scania er framúrskarandi

Í flokki stærri vörubíla var Scania með 32% markaðshlutdeild árið 2006.*
Þessar fréttir þurfa ekki að koma neinum á óvart, enda sjötta árið í röð sem Scania er söluhæsti vörubíllinn.

**Hafðu samband við vélasvið HEKLU og kynntu þér kosti Scania.**

HEKLA®

* Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu um nýskráða bíla í flokki II (16 tonn og stærri)

HEKLA, Klettagörðum 8-10 · sími 590 5100 · www.hekla.is · hekla@hekla.is




**BUSH BRENNDUR** Þeim er eitthvað illa við Bush Bandaríkjaforseta, þessum mótmælendum í Kalkútta á Indlandi sem brenndu líkneski af honum í gær. Þeir voru að mótmæla aftöku Saddams Hussein í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikil spenna í Taílandi í kjölfar sprengjutilræða í Bangkok:

# Orðrómur um ný valdaránsáform

**TAÍLAND, AP** Orðrómur um að nýtt valdarán væri í undirbúningi breiddist hratt út í Bangkok í gærkvöldi. Þótt talsmenn bráðabirgðastjórnarinnar og yfirstjórnar hersins vísuðu á bug að nokkur fótur væri fyrir þessum orðrómi var enn mikil spenna í lofti í taílensku höfuðborginni í kjölfar sprengjutilræða þar á gamlárskvöld sem urðu þremur mönnum að bana en enginn hefur gengist við.

Íslenski flugstjórinn Sölvi Axelsson var meðal þeirra sem urðu fyrir meiðslum af völdum sprenginganna á gamlárskvöld.

Eftir sprengingarnar hefur hermönnum fjölgað sýnilega á götum Bangkok, en talsmaður þjóðaröryggisráðs hersins, sem steypti Thaksin Shinawatra forsætisráðherra af stóli í september, sagði ekkert hæft í orðrómi um nýja valdaránstilraun.

Surayud Chuanont, forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar, varaði við því fyrr í gær að frekari ofbeldisverk kynnu að vera framundan. Hann tilgreindi þó ekki nánar hver ógnin væri.

Síðan sprengjurnar sprungu á gamlárskvöld hafa talsmenn hersins látið að því liggja að stuðningsmenn Thaksins stæðu að baki þeim; þeir væru að reyna að skapa glundroða með það fyrir augum að rýja bráðabirgðastjórnina trausti og koma Thaksin aftur til valda. Thaksin sjálfur segir þessar ásakanir vera rakalausan róg. - aa



**SPENNA Í BANGKOK** Surayud Chuanont, forsætisráðherra taílensku bráðabirgðastjórnarinnar. Innanríkisráðherrann Aree Wongaraya situr hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Taflfélag Reykjavíkur:

# Bæta aðgengi með nýrri lyftu

**AÐGENGI** Ný stólalyfta verður tekin í notkun í húsakynnum Taflfélags Reykjavíkur næstkomandi sunnudag. Markmiðið með uppsetningu hennar er að bæta aðgengi fatlaðra og aldraðra að salarkynnum félagsins.

Þessum áfanga í sögu skákfélagsins verður fagnað með sérstakri athöfn. Borgarstjórinn í Reykjavík mun flytja ávarp, og viðstaddir verða formenn Öryrkjabandalagsins og Félags eldri borgara ásamt forseta Skáksambands Íslands. Athöfnin hefst klukkan 13.45. - sþs

Útlendingalögregla í Finnlandi:

# Vísar Afgönum úr landinu

**FINNLAND** **Útlendingalögreglan í Helsinki hefur tilkynnt að hún byrji að senda heim þá Afgana og jafnvel Norður-Íraka sem hafa sótt um hæli í Finnlandi ef ástandið í Afganistan og Írak helst svipað og nú. Hugsanlegt er að þá verði hundruðum hælissækjenda vísað brott, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat.**

**Á síðasta ári fengu rúmlega hundrað Afganar og tæplega áttatíu Írakar tímabundið dvalarleyfi í Finnlandi vegna þess að þeir gátu ekki snúið til heimalands síns. Útlendingalögreglan hefur áður borið fyrir sig að ekki sé hægt að senda flóttamenn til heimalands síns vegna skorts á beinum flugsamgöngum til Finnlands.** - ghs

**VINNUMARKAÐUR**

### Kaupauki hjá Laugafiski

Starfsfólk Laugafisks fær 125 þúsund krónur í kaupauka miðað við fullt starfshlutfall eins og aðrir starfsmenn Brims. Þetta kemur fram á vefsíðu Verkalýðsfélags Akraness.

**FÍDJÍ-EYJAR**

### Forseti endurheimtir embætti

Frank Bainimarama, herforinginn sem gerði valdarán á Fídjí-eyjum fyrr í vetur, hefur veitt Ratu Josefa Iloilo aftur forsetaembættið og opnar þannig möguleika á að ný bráðabirgðastjórn taki við völdum á eyjunum.

**BRETLAND**

### Strætisvagnastjóri handtekinn

Strætisvagnastjóri í London var handtekinn eftir að gáleysisakstur hans olli árekstri í gær sem varð tveimur farþeganna að bana og níu aðrir liggja alvarlega slasaðir á sjúkrahúsi. Sextíu farþegar voru í vagninum og slösuðust þeir næstum því allir.



**FÓLK Í INNKAUPUM** Skattalækkanir sem tóku gildi um áramótin auka ráðstöfunartekjur launafólks. Skattbyrði þeirra tekjulægstu minnkar hlutfallslega smest. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skattabreytingarnar skila krónum í vasa

**Skattbyrði einstaklinga minnkaði með breytingum á skattalögum um áramótin. Skattbyrði tekjulægsta fólksins minnkar hlutfallslega mest. Einstaklingur með 300 þúsund króna mánaðartekjur fær um 6.000 krónum meira í vasann.**

**EFNAHAGSMÁL** Skattabreytingarnar sem tóku gildi nú um áramótin lækka greiðslur venjulegs launafólks til ríkisins. Skattbyrði þeirra sem minnstar tekjur hafa minnkaði hlutfallslega mest, en þeir sem hærri tekjur hafa lækka þó meira í krónum talið.

Þær tvær breytingar sem hvað mest áhrif hafa á almenning eru annars vegar lækkun eins prósentustigs lækkun á tekjuskatti, úr 36,72 prósentum í 35,72 prósent, en hins vegar hækkun persónuafsláttar úr 29.029 krónum í 32.150 krónur á mánuði.

Taka má dæmi af einstaklingi með 100 þúsund krónur í mánaðartekjur, rétt yfir skattleysismörkum. Fyrir breytingarnar greiddi hann tæplega 7.700 krónur í skatta á mánuði, en eftir þær aðeins tæplega 3.600 krónur. Í hverjum mánuði enda 4.121 krónur í vasa hans sem hefðu farið í skatt fyrir áramót. Ef hjón eru með 100 þúsund krónur í mánaðartekjur hvort hafa þau því 8.242 krónur meira úr að spila eftir skattabreytingarnar.

Munurinn er hlutfallslega minni hjá þeim sem hafa meiri tekjur. Einstaklingur með 300 þúsund króna mánaðartekjur greiddi fyrir áramót rúmar 81 þúsund krónur í tekjuskatt, en greiðir eftir áramót 75 þúsund krónur. Hann hefur því 6.121 krónum meira úr að spila í hverjum mánuði. Hjón með 300 þúsund króna tekjur hvort hafa því 12.242 krónur úr að spila á mánuði sem fyrir áramót hefðu farið í skatt.

Dæmið er í raun afskaplega einfalt. Eftir fyrstu 100 þúsund krónurnar, sem persónuafslátturinn spilar inn í, munar 1.000 krónum á mánuði fyrir hverjar 100 þúsund krónur sem einstaklingur er með í tekjur á mánuði.

brjann@frettabladid.is

### TVÖ DÆMI UM SKATTGREIÐSLUR

**Dæmi 1: Hjón með 100 þúsund krónur í mánaðartekjur hvort**

| Fyrir áramót | Hvor einstaklingur: |
|---|---|
| Tekjur: | 100.000 |
| Tekjuskattur: | 36.720 |
| Persónuafsláttur: | 29.029 |
| Samtals greitt í skatt: | 7.691 |
| Eftir stendur: | 92.309 |
| Samtals hjá hjónum: | 184.618 |

| Eftir áramót | Hvor einstaklingur: |
|---|---|
| Tekjur: | 100.000 |
| Tekjuskattur: | 35.720 |
| Persónuafsláttur: | 32.150 |
| Samtals greitt í skatt: | 3.570 |
| Eftir stendur: | 96.430 |
| Samtals hjá hjónum: | 192.860 |

Aukalega í vasann: 8.242 krónur á mánuði

**Dæmi 2: Hjón með 300 þúsund krónur í mánaðartekjur hvort**

| Fyrir áramót | Hvor einstaklingur: |
|---|---|
| Tekjur: | 300.000 |
| Tekjuskattur: | 110.160 |
| Persónuafsláttur: | 29.029 |
| Samtals greitt í skatt: | 81.131 |
| Eftir stendur: | 218.869 |
| Samtals hjá hjónum: | 437.738 |

| Eftir áramót | Hvor einstaklingur: |
|---|---|
| Tekjur: | 300.000 |
| Tekjuskattur: | 107.160 |
| Persónuafsláttur: | 32.150 |
| Samtals greitt í skatt: | 75.010 |
| Eftir stendur: | 224.990 |
| Samtals hjá hjónum: | 449.980 |

Aukalega í vasann: 14.242 krónur á mánuði


Matstækni

KYNNINGARFUNDUR

Laugardaginn 6. janúar kl. 13:30

í Háskólanum í Reykjavík,

Höfðabakka 9.



Matstækni er hagnýtt og sérhæft nám sem er sniðið fyrir sérfræðinga og þá sem hafa hug á að starfa á sviði eignamats, s.s. kostnaðarmats vegna viðhalds fasteigna, markaðsmats vegna fasteignaviðskipta o.fl.

Námskeið hefjast í febrúar.
Umsóknarfrestur er til 15. janúar.

Nánari upplýsingar má finna á www.hr.is og hjá Guðmundi Borgþórssyni, gudmb@ru.is.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • KRINGLUNNI 1 • HÖFÐABAKKA 9
SÍMI: 599 6200 www.hr.is


Rúm 44 prósent þeirra 2.169 sem ákærðir voru 2005 voru yngri en 25 ára:

# 6,5 prósent ákærðra útlendingar

**DÓMSMÁL** Alls sættu 2.169 manns ákæru árið 2005 og voru 141 þeirra með erlent ríkisfang eða 6,5 prósent. Af þeim voru Danir og Pólverjar fjölmennastir eða 13 manns frá hvoru landi. Erlendir ríkisborgarar 38 landa voru ákærðir og vantaði upplýsingar um ríkisfang 43 einstaklinga sem einnig voru ákærðir.

Þetta kemur fram í nýútkominni ársskýrslu ríkissaksóknara fyrir árið 2005. Samkvæmt tölum Hagstofunnar var hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda hér 4,6 prósent árið 2005.

Rúmlega 44 prósent allra sem ákærðir voru árið 2005 voru yngri en 25 ára. Langflestir hinna ákærðu voru á aldursbilinu 20 til 24 ára eða 26,8 prósent. Yngsti aldurshópurinn, 14 til 19 ára, var næstfjölmennastur meðal ákærðra eða 17,4 prósent.

Þar á eftir eru 16,4 prósent ákærðra á aldrinum 25 til 29 ára og fer fjöldi ákærðra síðan stiglækkandi með hækkandi aldri. Rúmlega 80 prósent ákærðra voru innan við fertugt.

Karlmenn voru 88,4 prósent ákærðra og meðalaldur þeirra 29,3 ár. Konur voru 11,6 prósent ákærðra og meðalaldur þeirra 32,1 ár. Þrjú fyrirtæki sættu ákæru sem er 0,1 prósent ákærðra. - sdg

Uppbyggingarstarf í Tógó fær milljónastyrk:

# Kiwanis styrkir SPES

**STYRKUR** Kiwanisklúbburinn Hekla og styrktarsjóður íslenska Kiwanisumdæmisins styrkja SPES-samtökin um milljón krónur. Styrkurinn er veittur til aðstoðar uppbyggingarstarfi samtakanna í Tógó í Vestur-Afríku, einu af fátækustu ríkjum heims. Þar reisa þau barnaþorp fyrir munaðarlaus börn.

Ríflega sextíu börn eru komin í umsjá samtakanna en í barnaþorpinu verða alls um hundrað og þrjátíu börn. Við afhendingu styrksins sögðu forsvarsmenn Kiwanis fara vel á því að styrkja fátæk börn í snauðasta ríki veraldar. - sþs



**AFHENDING** Styrkurinn var afhentur á jólafundi Kiwanisklúbbins Heklu.



**STRÍÐ VIÐ SKÆRULIÐA** Frá herbúðum ISAF nærri Kandahar í Suður-Afganistan, þar sem stríðið við skæruliða talibana er blóðugast. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannfall í röðum óbreyttra borgara í Afganistan:

# NATO-herliðið lofar bót og betrun

**AFGANISTAN, AP** Talsmaður fjölþjóðaherliðs Atlantshafsbandalagsins í Afganistan, ISAF, segir liðið hafa á síðasta ári banað of mörgum óbreyttum borgurum í átökum við skæruliða talibana. Sór hann að bandalagið hygðist ekki láta það endurtaka sig á þessu ári.

Þessi ummæli lét Richard E. Nugee, hershöfðingi og aðaltalsmaður ISAF, falla á miðvikudag, degi eftir að Hamid Karzai, forseti Afganistans skoraði enn á ný á erlenda herliðið í landinu að sýna ýtrustu varkárni í hernaðaraðgerðum sínum svo að lágmarka mætti mannfall í röðum óbreyttra borgara. Í átökum fyrr í vikunni í Suður-Afganistan, sem NATO-hermenn áttu aðild að, eru tveir óbreyttir borgarar sagðir hafa látið lífið. ISAF er einnig sakað um að hafa drepið tugi óbreyttra borgara í loftárásum á meintar stöðvar skæruliða á liðnu ári.

Nugee tók fram á blaðamannafundi að NATO-liðið hefði orðið miklu færri óbreyttum Afgönum að fjörtjóni en skæruliðar talibana. Sprengjutilræði þeirra bitnuðu mest á saklausum heimamönnum. - aa

Útgáfa afsláttarkorta vegna heilbrigðisþjónustu:

# Enn þarf að safna kvittunum

**KJARAMÁL** Fjárskortur er ástæða þess að sjálfvirk útgáfa afsláttarkorta vegna heilbrigðisþjónustu er ekki að fullu komin í framkvæmd að sögn Karls Steinars Guðnasonar, forstjóra Tryggingamiðstöðvar ríkisins. Karl Steinar segir að lengi hafi staðið til að bjóða upp á þessa þjónustu og markmið stofnunarinnar að allar upplýsingar um greiðslur sjúklinga berist rafrænt. „Tæknivinnan hefur farið af stað eftir því sem fjármagn hefur leyft. En þetta er spurning um peninga.“

TR kynnti nýja þjónustu um áramót þar sem fólk fær afsláttarkort af læknis- og heilbrigðisþjónustu sjálfkrafa send heim til sín til að auðvelda sjúkratryggðu fólki að nálgast rétt sinn um afslátt þegar hámarksgreiðslum er náð. Áður þurfti að skila inn öllum kvittunum.

TR berast upplýsingar frá sjálfstætt starfandi sérfræðingum sem eru með samning við stofnunina um flestar greiðslur sjúklinga fyrir þjónustu þeirra. TR berast hins vegar ekki upplýsingar frá heimilis- og heilsugæslulæknum eða sjúkrahúsum. Fólk þarf því áfram að safna kvittunum fyrir heilbrigðisþjónustu hjá sjúkrahúsum og heimilis- og heilsugæslulæknum og skila inn til Tryggingastofnunar ríkisins.

Samningaviðræður standa yfir milli TR og Landspítalans um að fá upplýsingar á rafrænan hátt um greiðslur sjúklinga í kjölfarið að sögn Karls Steinars. - sdg

**ÁRLEGAR HÁMARKSGREIÐSLUR FYRIR LÆKNIS- OG HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU**

| | |
|---|---|
| Einstaklingar | kr. 18.000 |
| Elli- og örorkulífeyrisþegar | kr. 4.500 |
| Yngri en 18 ára í sömu fjölskyldu | kr. 6.000 |




# HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA

# SJÓNVARPSTÆKI
## MYNDBANDSTÆKI
## DVD SPILARAR
## HÁTALARAR
### HLJÓMTÆKI
### OG FLEIRA
OG FLEIRA

# ÚTS

# ALLT AÐ 65%

| 17% | 23% | 25% |
|---|---|---|
| 28" SJÓNVARP | 32" LCD SJÓNVARP | 17" LCD SJÓNVARP |
| VERÐ ÁÐUR kr. 29.990 | VERÐ ÁÐUR kr. 129.990 | VERÐ ÁÐUR kr. 39.990 |
| TILBOÐ kr. 24.990 | TILBOÐ kr. 99.990 | TILBOÐ kr. 29.990 |
| AFSLÁTTUR kr. 5.000 | AFSLÁTTUR kr. 30.000 | AFSLÁTTUR kr. 10.000 |
| UNITED | AKAI | enox. |

EKKI MISSA AF FRÁBÆRU TÆKIFÆRI

**BÍLGRÆJUR OG HÁTALARAR**
ALLT AÐ 50% AFSL.

**JVC STAFRÆNAR TÖKUVÉLAR MEÐ HÖRÐUM DISK**
ALLT AÐ 30% AFSL.

SPARAÐU STÓRFÉ Á ÚTSÖLUNNI

**JVC LCD SJÓNVÖRP**
ALLT AÐ 50% AFSL.

**OLYMPUS STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR**
ALLT AÐ 20.000 KR. AFSL.

**THOMSON LCD SJÓNVÖRP**
ALLT AÐ 150.000 KR. AFSL.

## RAFTÆKI Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

# MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

JBL BÍLHÁTALARAR, BÍLBASSAR OG BÍLMAGNARAR MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI
JVC TÖKUVÉLAR MEÐ HÖRÐUM DISK MEÐ ALLT AÐ 30% AFSLÆTTI
JVC LCD SJÓNVÖRP, MARGAR GERÐIR, AFSLÁTTUR ALLT AÐ 50%
OLYMPUS STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 20.000 KR. AFSLÆTTI
THOMSON LCD SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 150.000 KR. AFSLÆTTI
MIKIÐ MAGN TÆKJA Á TILBOÐI – FERÐATÆKI, HLJÓMTÆKI, BÍLTÆKI OFL. OFL.

# ALA

## AFSLÁTTUR

| 32% | 32% | 50% |
|---|---|---|
| 21“ SJÓNVARP/DVD | 32” LCD SJÓNVARP | HIGH DEF. DVD SPILARI |
| VERÐ ÁÐUR kr. 24.990 | VERÐ ÁÐUR kr. 219.990 | VERÐ ÁÐUR kr. 19.990 |
| TILBOÐ kr. 16.990 | TILBOÐ kr. 149.990 | TILBOÐ kr. 9.990 |
| AFSLÁTTUR kr. 8.000 | AFSLÁTTUR kr. 70.000 | AFSLÁTTUR kr. 10.000 |
| Dantax DVD VIDEO | GRUNDIG | enox. DVD VIDEO |

HARMAN KARDON HLJÓMTÆKI OG JBL HÁTALARAR - FRÁBÆRT VERÐ

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

DANTAX ÚTVARPSVEKJARAR frá 990 - allt að 50% afsláttur
**ASUS FERÐATÖLVUR með allt að 25% afslætti**

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SJÁIÐ TILBOÐIN Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

## „ORÐRÉTT“

### Kurteisin í fyrirrúmi

**„Það var skrýtið að sjá einræðisherrann sem gamlan og kurteisan mann sem hlýddi fyrirmælum óvopnaðra stráklinga í einu og öllu.“**

BÖRKUR GUNNARSSON, FYRRVERANDI UPPLÝSINGAFULLTRÚI NATO, VAR VIÐSTADDUR RÉTTARHÖLD SADDAMS HUSSEIN Í ÍRAK.

**Morgunblaðið. 4. janúar**

### Bjartsýni skiptir öllu

**„Ég er bara hress. Málið er þó enn í sama hnút og áður fyrr og menn eru ósammála um rekstrarformið.“**

SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON, ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS OG FORMAÐUR MENNTANEFNDAR, AÐ LOKNUM FUNDI UM RÚV FRUMVARPIÐ.

**Blaðið, 4. janúar**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BENEDIKT GRÉTARSSON Í JÓLAGARÐINUM Í EYJAFIRÐI

## Snjórinn létti á jólastressinu



„Héðan er allt gott að frétta. Jólin fóru friðsamlega fram og eru að enda þótt þau séu ekki búin hér hjá okkur,“ segir Benedikt Grétarsson í Jólagarðinum í Eyjafirði og bætir við að núna fari rólegasti tíminn í hönd í Jólagarðinum.

Aðspurður segist Benedikt komast í gott jólaskap í desember þrátt fyrir að vera umkringdur jólaskrauti allt árið um kring. „Á sumrin kemur fólk frekar hingað til að skoða og pæla og kaupa eitthvað fallegt handa sjálfu sér. Andrúmsloftið er allt öðruvísi í desember. Þá er fólk að sækja gleði sem verður ekki keypt og gefur mér af þessari gleði. Svo spilum við alltaf jólakveðjurnar á Þorláksmessu sem mér finnst alveg svakalega jólalegt, það er eitthvað svo hátíðlegt við þessar kveðjur. Eftir 22. desember verður ekki hægt að redda neinu þar sem tíminn býður ekki upp á það og fyrir vikið verð ég afslappaður svo það má segja að eftir þann tíma komist ég í almennilegt jólaskap.“

Benedikt segir gestagang í Jólagarðinum allt árið um kring og sér í lagi ef snjór sé í Hlíðarfjalli og leikfélögin bjóði upp á vinsælar sýningar. „Frá miðjum janúar fram að páskum er rólegur tími en svo byrjar þetta aftur. Nú þarf að sópa undan teppinu öllu því sem sópað var undir það í haust og svo í maí kemur tími viðhalds.“

## STÆRSTI FISKUR HEIMS

### HVALHÁKARLINN ER MEINLAUS RISI

■ Hvalhárkarlinn er svo nefndur vegna stærðar sinnar og matarvenja. Hákarlinn getur orðið tólf metra langur svo vitað sé, og mögulega lengri. Hann lifir á svifi og litlum smokkfiskum, og er meinlaus mönnum. Köfurum stafar einungis sú hætta af honum að hann berji sporði sínum óvart í þá. Hákarlinn finnst á hlýjum hafsvæðum hringinn í kringum hnöttinn. Hann ferðast yfirleitt einn, og karldýrið ferðast yfir mun stærra svæði en kvendýrið.



## SJÓNARHÓLL

MUNIR KJARVALS

## Best borgið hjá borginni



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR
Skáld

„Ég get rosalega vel skilið sjónarhól ættingjanna og mér finnst þetta tragískt,“ segir Birgitta Jónsdóttir skáld sem starfar hjá kosningaskrifstofu vinstri grænna. „Maður veit ekki hver samskiptin voru innan fjölskyldunnar og þekkir ekki söguna, en ættingjarnir þyrftu að útskýra hvers vegna þeir biðu þangað til núna með þessa kröfu. Þetta eru gríðarleg verðmæti og spurning hvar þau eru best niðurkomin. Íslendingum finnst eins og þeir eigi Kjarval, rétt eins og skinnhandritin. Mér finnst þó að ættingjarnir eigi rétt á persónulegum munum hans, en ekki endilega listaverkunum.“ Eiginmaður Birgittu, sem nú er látinn, var ljósmyndari og Birgitta gaf myndir hans til Ljósmyndasafns Íslands. „Ef ég væri í sömu stöðu og ættingjarnir vildi ég að myndirnar yrðu geymdar á öruggum stað, og ég tel þeim vera best borgið hjá borginni.“



**TIMUR ZOLOTUSKIY, PRESTUR RÉTTTRÚNAÐARKIRKJUNNAR, KVEIKIR Á KERTUM ÁSAMT SYNI SÍNUM KIRILL** Rétttrúnaðarjólin verða haldin hátíðleg í Friðrikskapellu um helgina. Helsti hátíðardagurinn er á aðfangadag, sem er á laugardaginn. Samkvæmt hefðinni á þá að borða tólf rétta máltíð, einn rétt fyrir hvern lærisvein. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Jólum fagnað í Friðrikskapellu um helgina

**Á meðan síðasti jólasveinninn heldur aftur til fjalla og landsmenn búa sig undir að takast á við lífið og skuldirnar á ný að hátíðum loknum eru aðrir í óða önn að undirbúa jólahald. Þeir sem tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni búa svo vel að eiga enn jólin í vændum, og verða þau haldin hátíðleg sunnudaginn 7. desember.**

Ástæðan fyrir þessu misræmi er sú að árið 1582 tók nýtt tímatal sem kennt er við Gregoríus páfa gildi í löndum kaþólskunnar. Löndin austan við páfagarð héldu þó enn fast í gamla júlíanska tímatalið, og var hið nýja tímatal ekki tekið upp í Rússlandi fyrr en eftir byltinguna 1917. Rússneska kirkjan var hvorki ánægð með þetta né annað í stefnu byltingarmanna, og miðar því hátíðir sínar enn við tímatalið gamla.

Í tilefni jóla verða tvær guðsþjónustur haldnar þann 6. janúar í Friðrikskapellunni við Perluna, sú fyrri klukkan 10 og sú síðari klukkan 23. Mun sú seinni standa fram yfir miðnætti og þar með ljúka á jóladag. Búist er við rúmlega hundrað manns af ýmsu þjóðerni.

Prestur Rétttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi heitir Timur Zolotuskiy. Hann er fyrsti rétttrúnaðarpresturinn á Íslandi í fullu starfi og hefur verið hér í um eitt og hálft ár. Samkvæmt síðustu tölum Hagstofunnar tilheyrðu 144 manns rétttrúnaðarkirkjunni á Íslandi, en hún heyrir undir patríarkann í Moskvu. „Guðsþjónustur okkar sækja Rússar en einnig fólk frá Póllandi, Búlgaríu, Georgíu, Úkraínu, Slóvakíu og Eystrasaltslöndunum, og jafnvel orþódoxtrúarfólk frá Bandaríkjunum hefur komið við sé það statt hérlendis í leyfi,“ segir Timor. „Serbarnir heyra undir patríarkann í Belgrad, og prestur þeirra í Osló kemur hingað tvisvar á ári, á Pálmasunnudag og þann 8. september þegar hátíð fæðingar Maríu Guðsmóður er haldinn. En þar sem þeir hafa ekki fastan prest hér sækja þeir guðsþjónustur patríarkatsins í Moskvu inn á milli.“

Timur hefur aðsetur á Sólvallagötu 10, þar sem hann heldur guðsþjónustur á sunnudögum klukkan 10, en hann er um þessar mundir að leita að lóð undir rétttrúnaðarkirkju. Söfnuðurinn var fyrst skráður hérlendis þann 12. desember árið 2001 og fagnaði því fimm ára afmæli í fyrra. Heimasíða hennar er http://orthodox-iceland.blogspot.com/, en er einungis á rússnesku. **valurg@frettabladid.is**


GRAND PARMA
ÞURRVERKAÐ GRÍSAKJÖT





# Hvítlaukur í öll mál

Nýlega var fullt tungl bæði á Íslandi og annars staðar og þegar slíkt gerist er best að hafa varann á. Því eins og allir vita er það sá tími mánaðar þegar kjöraðstæður myndast fyrir svefnleysi, geðveiki (eða tunglveiki), vampírur og varúlfa ýmiss konar. Gott er því að hafa hvítlaukinn við höndina. Samkvæmt hefðinni skal hengja hvítlaukinn um hálsinn, setja hann upp í glugga eða maka honum á skorsteina eða skráargöt. En það hlýtur að vera ekki síður áhrifaríkt að innbyrða hann.

The Stinking Rose er elsti hvítlauksstaður í heimi, og er staðsettur í San Francisco. Þar er hægt að fá meðal annars hvítlaukskolkrabba eða krabba með hvítlauks-ís í eftirrétt og skola niður með hvítlauks-hvítvíni. Allt á matseðlinum inniheldur hvítlauk nema beðið sé um annað, og er það þá kallaður vampírukostur. Staðurinn er með útibú í Beverly Hills, en hvítlauksstaði er einnig að finna í Helsinki, Tallinn, Gautaborg og Moskvu. Best er líklega að njóta þeirra með fólki sem maður vill ekki fara heim með eða þá þegar sambandið hvílir á mjög styrkum stoðum. **- vg**




**HVÍTLAUKSVEITINGASTAÐUR** Stinking Rose er fyrsti hvítlauksstaður í heimi og hefur meðal annars stofnað útibú og gefið út matreiðslubók.



# Kauphöll Íslands er orðin hluti af OMX Nordic Exchange

Frá og með deginum í dag verður heiti Kauphallarinnar OMX Nordic Exchange á Íslandi. Rekstur félagsins verður hluti af rekstri OMX og þjónusta fyrirtækisins mun smám saman verða samþætt þjónustu OMX Nordic Exchange í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

## Helstu breytingar á íslenska markaðnum:

- Frá 3. janúar er isec markaðurinn hluti af First North hliðarmarkaði OMX
- Íslensk félög verða skráð á samræmdan Nordic kauphallarlista frá 2. apríl 2007
- Hinn 2. apríl 2007 verða íslensk félög tekin inn í vísitölur OMX
- Íslenskar markaðsupplýsingar samþættast markaðsupplýsingum OMX þann 2. apríl 2007
- Kauphöllin tekur í notkun sameiginlega heimasíðu OMX 2. apríl 2007
- Afleiðumarkaður settur á stofn 7. maí 2007

Þessar breytingar marka tímamót í sögu verðbréfaviðskipta á Íslandi. Útgefendur á Íslandi munu fá aukinn sýnileika og víðtækari aðgang að fjárfestum. Íslenskir fjárfestar munu hafa úr fleiri kostum að velja.

**UM OMX.** OMX er leiðandi aðili í kauphallarstarfsemi. OMX Nordic Exchange veitir aðgang að u.þ.b. 80% af verðbréfamarkaði Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Nordic Exchange er ekki lögaðili heldur er um að ræða hugtak sem notað er í markaðslegum tilgangi. Hugtakið lýsir sameiginlegri þjónustu kauphallanna í Helsinki, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi, Kauphallar Íslands og kauphallanna í Tallinn, Ríga og Vilníus. Samþætt upplýsingatæknikerfi OMX á öllu ferli viðskipta stuðla að skilvirkum verðbréfaviðskiptum í yfir 60 kauphöllum í rúmlega 50 löndum. OMX er í fjármálageira og er flokkað með stórum félögum í OMX Nordic Exchange (e. Nordic Large Cap). Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni www.omxgroup.com.

**omx**group.com/nordicexchange

## Svona erum við

> Raforkusala til stóriðju í gígawattstundum




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** LÖG UM FJÁRMÁL STJÓRNMÁLAFLOKKA OG -MANNA GENGU Í GILDI UM ÁRAMÓT

# Styrkja má um 300.000 krónur á ári

Um áramót tóku gildi lög um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda. Í þeim er kveðið á um hámark styrkja, opinber framlög og upplýsingaskyldu.

**Hvað má styrkja flokka um háar fjárhæðir?**
Fyrirtækjum og einstaklingum er heimilt að styrkja hvern flokk um 300 þúsund krónur á ári. Til viðbótar má greiða almenn félagsgjöld til flokka en þau mega hæst nema hundrað þúsund krónum á ári.

**Ná lögin til einstaklinga?**
Já. Styrkja má einstaklinga í stjórnmálum um 300 þúsund krónur á ári. Að auki er kveðið á um hámarkskostnað sem þátttakendur í prófkjörum mega verja til prófkjörsbaráttu. Grunnfjárhæð er ein milljón króna en álag eftir fjölda kjósenda búsettum á kjörsvæðinu (kjördæmi eða sveitarfélagi) bætist við. Sem dæmi má nefna að þátttakendur í sameiginlegu prófkjöri í kjördæmum höfuðborgarsvæðisins mega kosta ellefu milljónum til. Þetta lagaákvæði tekur gildi eftir kosningarnar í vor.

**Styrkja ríki og sveitarfélög stjórnmálastarfsemi?**
Já. Ríkissjóður ver á árinu 425 milljónum króna til þeirra stjórnmálaafla sem eiga fulltrúa á alþingi. Þá er stærri sveitarfélögum skylt að veita fé til afla sem eiga fulltrúa í sveitarstjórnum en smærri sveitarfélög hafa um það val. Í lögunum er ekki fjallað um hve háir slíkir styrkir eiga að vera.



**Ber að upplýsa um gefendur fjár til stjórnmálastarfsemi?**
Já og nei. Upplýsa skal um þau fyrirtæki sem styrkja stjórnmálaflokka eða -menn en ákvæðið nær ekki til einstaklinga.

**Liggja refsingar við brotum á lögunum?**
Já. Alvarleg brot gegn lögunum geta varðað allt að sex ára fangelsi en fyrir vægari brot, hvort sem er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, skal refsa með fésektum.

## SPURT & SVARAÐ
BÖRN SEM FLYTJA HEIM

### *Aðstoð foreldra mikilvæg*

Afar misjafnt er eftir skólum hvernig tekið er á móti íslenskum börnum sem koma úr skólum erlendis. Helga Margrét Guðmundsdóttir, er verkefnastjóri hjá samtökunum Heimili og skóli.



**HELGA MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR** Verkefnastjóri hjá Heimili og skóla.

**Hvernig geta foreldrar aðstoðað börn sín við íslenskunám erlendis?**
Það er hægt að fá upplýsingar og kennsluleiðbeiningar á ýmsum stöðum, meðal annars á netinu. Eins er mikilvægt fyrir foreldra að kynna sér hefðir og væntingar varðandi foreldrasamstarf á hverjum stað og taka virkan þátt í skólastarfinu.
**Hvað er mikilvægt þegar flutt er heim til Íslands aftur?** Mikilvægt er að foreldrar gefi sér svigrúm til að styðja við nám barna sinna fyrst um sinn og aðstoða þau við að aðlagast nýjum siðum og venjum í skólastarfinu. Mikilvægt er að foreldrar tilkynni komu barnanna í skólann með góðum fyrirvara svo skólinn geti gert sínar ráðstafanir, sérstaklega ef nemandinn þarf á stuðningi að halda, til dæmis með íslenskuna.

120 1886 2006

Ekkert mál!
Nú geturðu nálgast reiðufé allan sólarhringinn í hraðbönkum okkar.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

# Breytingar á RÚV eru enn í skoðun hjá Eftirlitsnefnd EFTA

**Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur fyrirhugaðar eignarhaldsbreytingar á Ríkisútvarpinu enn til umfjöllunar. Þriðja umræða um frumvarp menntamálaráðherra fer fram seinna í mánuðinum. Fréttablaðið hefur fengið afhent gögn um samskipti ESA við íslensk yfirvöld.**



**HÖFUÐSTÖÐVAR RÚV** Frumvarp um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins verður að líkindum samþykkt, fljótlega eftir að störf Alþingis hefjast að nýju.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrátt fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hafi málefni er tengjast hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins enn til umfjöllunar, og verði að líkindum ekki búin að ljúka störfum sínum vegna málsins á næstu vikum, er stefnt að því að samþykkja frumvarp um hlutafélagavæðingu RÚV síðar í mánuðinum.

Fréttablaðið óskaði eftir afriti af öllum gögnum um samskipti íslenskra stjórnvalda og ESA vegna umfjöllunar stofnunarinnar er varðaði frumvarpið sem lagt hefur verið fram.

Fjármálaráðuneytið féllst á að afhenda hluta gagnanna, sömu gögn og fjallað hefur verið um í menntamálanefnd, en taldi sig ekki geta látið önnur gögn af hendi, „á meðan málið er enn til meðferðar hjá stofnunni,“ það er ESA, eins og orðrétt segir í svarbréfi Ingva Más Pálssonar og Þórðar Reynissonar fyrir hönd fjármálaráðherra til Fréttablaðsins.

Sú niðurstaða ráðuneytisins, að afhenda hluta gagnanna en ekki öll sem fyrir liggja, hefur verið kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

### Tveir kostir – aðlögun

Athugasemdir ESA vegna málefna RÚV snúa í meginatriðum að ríkisstyrkjareglum og hvaða skilyrði frumvarpið þarf að uppfylla til þess að standast kröfur ESA. Sérstaklega hafa komið fram athugasemdir um það hvernig þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði skuli háttað. Þar sem RÚV er að öllu leyti í eigu íslenska ríkisins telur ESA nauðsynlegt að breytingar á lögum feli í sér að tillit sé tekið til alþjóðlegra laga og reglna, og um leið uppfylltar þær kröfur sem gerðar eru til opinberra fyrirtækja og stofnana.

Athugasemdir ESA snúa öðru fremur að því hvernig lagalegt umhverfi RÚV þarf að vera svo það stríði ekki gegn meginstoðum samkeppnisreglna og alþjóðlegra laga.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hefur Samkeppniseftirlitið lagt fram álit til menntamálanefndar þess efnis að frumvarpið um hlutafélagavæðingu RÚV feli í sér samkeppnislega mismunun. Tveir kostir eru nefndir í álitinu til þess að leiðrétta þá annmarka sem Samkeppniseftirlitið gerir við frumvarpið í áliti sínu. Fyrri kosturinn er sá að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði, til þess að starfsemi RÚV hefti ekki möguleika fyrirtækja sem byggja tekjuöflun sína á auglýsingum. Seinni kosturinn er að ef RÚV fer ekki út af auglýsingamarkaði þá fari sú starfsemi fram á vegum „sérstakrar hljóð- og sjónvarpsstöðvar eða -rása sem alfarið verði fjármagnaðar með auglýsingatekjum og kostun þannig að tryggt sé að […] samkeppnisstarfsemi RÚV verði ekki niðurgreidd með skattfé,“ eins og orðrétt segir í áliti Samkeppniseftirlitsins.



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON** Hefur stýrt starfi menntamálanefndar.

### Vinna í farvegi – kærur til meðferðar

Agnieska Montoya, lögfræðingur hjá ESA og umsjónaraðili umfjöllunar ESA um málefni RÚV hjá stofnuninni, segir óvíst hvenær vinnu ESA vegna málsins lýkur. Hún telur ekki nauðsynlegt að vinnu ESA ljúki áður en frumvarpið verði samþykkt þar sem ESA geti komið athugasemdum og sjónarmiðum á framfæri eftir afgreiðslu þess. Agnieska var ekki tilbúin til þess að taka afstöðu til þess hvort það væri óeðlileg tilhögun að ljúka afgreiðslu frumvarpsins áður en vinnu ESA vegna þess lýkur.

Kæra fyrirtækisins Norðurljósa frá því snemma árs 2002 er enn til meðferðar hjá ESA en samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni er óljóst hvenær meðferð hennar lýkur. Ekki fékkst heldur uppgefið hvað hefði valdið því að hún hefði verið til meðferðar í tæp fimm ár.

### Tillit tekið til athugasemda

Eins og fram kemur skýrlega í athugasemdum með frumvarpinu um RÚV ohf. taldi ESA frumvarpið á fyrri stigum ekki uppfylla kröfuna um skýran greinarmun á almannaþjónustuhlutverki RÚV og starfsemi sem væri viðskiptalegs eðlis. Þar með talið er krafa um fjárhagslegan aðskilnað milli þessara tveggja rekstrarþátta í starfsemi RÚV.

Í svarbréfi fjármálaráðuneytisins til ESA frá 15. ágúst 2005, fyrir hönd íslenskra stjórnvalda, kemur fram að stjórnvöld myndu leitast við að breyta frumvarpinu um Ríkisútvarpið, þá sf., á þann veg að þrengd yrði skilgreining á almannaþjónustuhlutverki RÚV, skýrri aðgreiningu milli almannaþjónustuskyldna og samkeppnisrekstrar yrði komið á og dregið yrði úr ótakmarkaðri ríkisábyrgð með breytingu á rekstrarformi.

Í almennum athugasemdum frumvarpsins er sérstaklega vikið að því að reynt hafi verið að koma til móts við þær kröfur sem ESA setti fram við gerð frumvarpsins um RÚV ohf. Skýr afstaða kemur ekki fram í athugasemdum með frumvarpinu til þess hvort uppfyllt hafi verið öll skilyrði sem ESA setti.

### Unnið að framvindu málsins

Menntamálanefnd, sem skipuð er Björgvini G. Sigurðssyni, Dagnýju Jónsdóttur, Einari Má Sigurðssyni, Kjartani Ólafssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Merði Árnasyni, Sigurrósu Þorgrímsdóttur, Sæunni Stefánsdóttur og Sigurði Kára Kristjánssyni, fundaði í gær um málefni Ríkisútvarpsins en frumvarpið hefur þó verið afgreitt út úr nefndinni. Samkvæmt upplýsingum frá Sigurði Kára, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, miðar vinna nefndarinnar nú meðal annars að því að fjalla enn frekar um athugasemdir ESA vegna málefna RÚV og tryggja að réttindi starfsmanna haldi sér við hlutafélagavæðinguna.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is



Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN
ÚTSALA
15-50%
afsláttur!
Grafíska smiðjan ehf. 12-06
Öndvegi húsgagnaverslun, Síðumúla 20, sími 568 8799, www.ondvegi.is - ondvegi@ondvegi.is
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.632 **+1,59%** **Fjöldi viðskipta:** 880 **Velta:** 11.831 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Exista** | +4,89% | **Mosaic** | -1,66% |
| **Teymi** | +4,29% | **Marel** | -1,29% |
| **Kaupþing** | +2,79% | **Alfesca** | -0,99% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,82 +0,42% ... Actavis 65,80 +1,54% ... Alfesca 5,00 -0,99% ... Atlantic Petroleum 562,00 +1,81% ... Atorka 6,86 +0,59% ... Bakkavör 63,20 +0,00% ... Eimskipafélagið 32,30 +0,00% ... FL Group 27,00 +2,27% ... Glitnir 23,60 +0,00% ... Kaupþing 883,00 +2,79% ... Landsbankinn 28,20 +2,55% ... Marel 76,50 -1,29% ... Mosaic Fashions 14,85 -1,66% ... Straumur-Burðarás 17,50 +0,58% ... Össur 113,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Slúður og vangaveltur**
Menn eru farnir að velta því fyrir sér hver næstu skref Baugs verði í Bretlandi og spá margir í framvinduna í hinni munaðarlausu verslanakeðju Woolworths. Þar heldur Baugur utan um þrettán prósenta hlut með beinum og óbeinum hætti. Margir hallast að því að félagið selji annaðhvort allan þennan hlut eða reyni að taka Woolworths yfir með fulltingi annarra fjárfesta. Þá hefur Baugur verið orðaður við herrafatakeðjuna Moss Bros sem er að stærstum hluta í eigu fjárfestingafélagsins Unity sem er í eigu Baugs, Fl Group og Kevins Stanford. Sú keðja gæti fallið vel að Mosaic Fashions. Þá heyrast einnig þær fréttir í bresku pressunni að Baugur beini spjótum sínum að sportvöruverslanakeðjunni JJB Sports.



**Að toppa Jones**
Hið árlega ármótapartí Ármanns Þorvaldssonar, forstjóra Kaupþings í London, verður haldið með pompi og prakt nú um helgina. Þessar veislur eru fyrir löngu orðnar stórviðburður í viðskiptaheiminum. Á árum áður brá Ármann sér á svið og söng Delilu Toms Jones, en í fyrra mætti Tom Jones sjálfur og skemmti gestum. Erfitt verður fyrir Ármann að toppa skemmtiatriðið í fyrra og margir velta því fyrir sér hvernig það verði toppað í ár. Helst eru menn á því að Elvis sjálfur mæti á svæðið í veislu ársins.

### MARKAÐSPUNKTAR...

Almar Örn Hilmarsson, forstjóri danska lággjaldaflugfélagsins Sterling, mun taka sæti Hannesar Smárasonar, forstjóra FL Group, í stjórn félaganna Sterling og Flyselskabet. Þetta kemur fram á fréttavef Børsen.

Greiningardeild LÍ hefur hækkað verðmat sitt á Össuri. Er Össur nú metið á 666 milljónir Bandaríkjadala eða 124,3 krónur á hlut. Mælt er með því að fjárfestar kaupi bréf í félaginu og yfirvogi þau í vel dreifðu eignasafni.

Cisco hefur tilnefnt Símann til þriggja verðlauna fyrir IP-net. Flokkarnir sem Síminn er tilnefndur til verðlauna fyrir eru besta breiðbandsþjónustan, besta þjónustustýring á breiðbandi og breiðbandsþjónusta fyrir fyrirtæki.




**NEXT** Býst við betri afkomu þrátt fyrir erfiðar aðstæður í Bretlandi.

# Next gengur vel

Stjórnendur bresku tískuverslanakeðjunnar Next búast við að hagnaður félagsins, á reikningsárinu sem lýkur í lok janúar, verði meiri en afkomuspár markaðsaðila gera ráð fyrir og aukist á milli ára. Hagnaður fyrir skatta verður á bilinu 463-473 milljónir punda eða nálægt 65 milljörðum króna. Rekstarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) mun aukast um 5,1-7,2 prósent á milli ára.

Þetta eru gleðifréttir fyrir hluthafa félagsins í ljósi erfiðra aðstæðna í breskri smásöluverslun. Hlutabréf í Next hækkuðu lítillega við tíðindin.

Velta Next jókst um 2,8 prósent á milli ára frá 31. júlí til aðfangadags, en þegar tillit hefur verið tekið til nýrra verslana þá dróst sala í 308 verslunum saman um tæp sjö prósent. Netverslun jókst til muna. **- eþa**

# Auka sjóflutninga og hlífa vegakerfinu

Samskip hafa einsett sér að auka enn frekar sjóflutninga milli meginlands Evrópu og Skandinavíu og draga með því úr umferð gámaflutningabíla á þjóðvegum Norður-Evrópu. Þetta segir Ásbjörn Gíslason, forstjóri skipafélagsins, í tengslum við að eitt af sex nýjum gámaflutningaskipum Samskipa í Evrópu, Samskip Express, hóf um áramót siglingar milli meginlandsins og Noregs.



**Í ROTTERDAMHÖFN** Samskip Pioneer, systurskip Express, á siglingu í Rotterdamhöfn í Hollandi. Samskip Express hóf um áramót siglingar milli Noregs og meginlands Evrópu. MYND/HREINN MAGNÚSSON

Tilgangurinn með ferðum Samskipa Express er sagður að efla enn frekar þjónustuna á siglingaleiðinni sem er sameiginleg með norska flutningafyrirtækinu DFDS Lys Line. „Þetta er líka ákveðinn áfangi í sókn okkar inn á Skandinavíumarkað að hefja siglingar með okkar eigin skipi á þessari leið milli Rotterdam og hafna við Oslóarfjörðinn," segir Ásbjörn.

Með tilkomu Samskip Express, sem flutt getur allt að 803 gámaeiningar, eykst flutningsgeta félaganna til og frá Noregi um 10 prósent. „Jafnframt verður hægt að bjóða upp á ferðir tvisvar í viku milli Rotterdam og Noregs en fram til þessa hefur eitt 750 gámaeiningaskip frá DFDS Lys Line, Lys Point, annast þessar siglingar vikulega," segir í tilkynningu Samskipa. **- óká**

# Citigroup mælir með kaupum í Kaupþingi

**Stærsta fjármálafyrirtæki heims hefur birt greiningu á Kaupþingi og mælir með kaupum á hlutabréfum bankans. Fleiri fjármálafyrirtæki vinna að geiningu á bankanum og munu þær birtast á næstu dögum og vikum.**



**MIKILVÆGT FYRIR FREKARI LANDVINNINGA** Ólöf Hildur Pálsdóttir og Jónas Sigurgeirsson sinna tengslum við fjárfesta í Kaupþingi. Erlendar verðmatsskýrslur munu efla möguleika bankans til að sækja sér hlutafé á erlendum mörkuðum til frekari vaxtar.

Greiningardeild Citigroup sendi í gær til viðskiptavina sinna nýja og ítarlega greiningu á Kaupþingi. Niðurstaða Citigroup er að kauptækifæri sé í bréfum bankans og er markgengið sett á þúsund krónur á hlut. Í Vegvísi Landsbankans segir að miðað við tíu prósenta ávöxtunarkröfu sé gengi dagsins, samkvæmt verðmatinu, 928. Bréf Kaupþings tóku kipp í gær á markaði þegar greiningarskýrslan, sem er ríflega 70 síður, spurðist út. Gengi bankans hækkaði um 2,79 prósent og endaði í 883 krónum á hlut.

Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Kaupþings, segir slíka greiningu mikilvæga fyrir bankann. „Þetta þýðir að þeir fjárfestar sem við kynnum bankann fyrir þekkja til greiningarinnar og það auðveldar okkur alla kynningu á bankanum að hafa í höndunum greiningu á bankanum frá svo stóru og virtu fjármálafyrirtæki."

Citigroup telur bankann með vel dreift eignasafn milli markaðssvæða og segir bankann ódýrari en norræna banka ekki síst í ljósi væntinga til meiri vaxtar í nánustu framtíð. Bankinn búi yfir stjórnendateymi þar sem frumkvöðlaandi ríki. Áhættan er metin há þar sem bankinn reiði sig mikið á fjármögnun á skuldabréfamarkaði, hafi hátt hlutfall þóknanatekna og tekna af fjárfestingum, auk þess sem gengi bankans hafi sveiflast í fortíðinni.

Kaupþing sótti sér nýverið hlutafé á markað og var Citigroup einn umsjónaraðila útboðsins sem fékk góðar viðtökur. Bréfin þá voru seld með talsverðum afslætti. Fagfjárfestar líta nánast á slík útboð sem frumútboð og gera í fyrstu atrennu kröfu um afslátt.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu greiningar fjármálafyrirtækjanna Morgan Stanley og Fox-Pitt Kelton vera með greiningarskýrslur um Kaupþing í vinnslu sem birtast munu á næstu dögum og vikum. Að þeim skýrslum birtum munu sex greiningardeildir fylgjast með Kaupþingi sem er mikilvægt fyrir sókn bankans. Fagfjárfestar leggja slíkar greiningar til grundvallar við ákvörðun um fjárfestingar og með aukinni athygli aukast líkur á frekari fjárfestingar erlendra aðila í bankanum.

Sérfræðingar á markaði telja þessi tíðindi mikilvæg fyrir innlendan hlutafjármarkað. Kaupþing er verðmætasta félagið í íslensku kauphöllinni metið á ríflega 650 milljarða og því aðkoma erlendra fjárfesta nauðsynleg bankanum til frekari vaxtar og landvinninga. Kaupþing er þriðja félagið sem er verðmetið af erlendum greiningardeildum með tilliti til hlutafjár, en bæði Actavis og Össur hafa verið verðmetin í slíkum greiningarskýrslum. Greiningar á íslensku bönkunum hafa hingað til lotið að greiðsluhæfi og áhættu en ekki að því að verðmeta þá. **haflidi@frettabladid.is**

# Fá starfsleyfi í London

Breska fjármálaeftirlitið hefur veitt Straumi-Burðarási fjárfestingarbanka hf. leyfi til að starfrækja útibú í London og hófst starfsemin þann 1. janúar 2007. Starfsemin mun í fyrstu snúa að útlánastarfsemi, einkum í formi sambankaléna, þar sem Straumur-Burðarás er ýmist þátttakandi eða leiðandi lánveitandi, að því er kemur fram í tilkynningu. Freyr Þórðarson, sem starfað hefur á Lánasviði Straums-Burðaráss, mun stýra starfsemi Lánasviðs í London. Opnun útibúsins er í takt við þau yfirlýstu markmið bankans um að verða leiðandi fjárfestingarbanki í Norður-Evrópu innan fimm ára. **- hhs**

# Söluaukning hjá HoF

Jólasala jókst um 7,3 prósent hjá vöruhúsakeðjunni House of Fraser að öllu óbreyttu samanborðið við desembermánuð í fyrra.

Þetta eru ánægjuleg tíðindi fyrir Baug Group, FL Group og aðra meðfjárfesta er stóðu að sjötíu milljarða yfirtöku á HoF í nóvember. Smásöluverslun átti undir högg að sækja á haustmánuðum í Bretlandi vegna óvenju hlýs veðurfars og var almennt búist við slæmum tölum eftir að stórverslanakeðjan Woolworths gaf út afkomuviðvörun sem var á neikvæðum nótum í desmber. **- eþa**

# Betri greiðsluafkoma ríkisins

Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs jókst um 52 milljarða krónur á fyrstu 11 mánuðum síðasta árs. Þetta er 30,1 milljarði hagstæðari niðurstaða en ári áður, samkvæmt Vefriti fjármálaráðuneytisins.

Tekjur ríkissjóðs námu 339 milljörðum króna frá janúar til nóvember á síðast ári en það er 22 milljörðum minna en á sama tíma árið áður. Munar þar einna helst um 57 milljarða hagnað af sölu Símans árið áður. Að sölunni undanskilinni jukust tekjurnar um 34 milljarða á fyrstu 11 mánuðum síðasta árs. Gjöld námu 285 milljörðum króna á tímabilinu sem er 5 milljarða hækkun á milli ára. Þetta merkir að greiðsluafkoma ríkissjóðs var jákvæð um rúma 23 milljarða krónur á fyrstu 11 mánuðum ársins samanborið við 11,4 milljarða árið áður.



**STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS** Tekjur ríkissjóðs námu 339 milljörðum króna á síðasta ári að desember undanskildum. Þetta er 34 milljarða betri afkoma en ársins á undan ef salan á Símanum er undanskilin í útreikningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Af einstökum tekjuflokkum vekur athygli að tekjuskattur lögaðila nam 22,7 milljörðum króna á tímabilinu sem er 89,8 prósenta aukning á milli ára en hann hefur hækkað um tæp 143 prósent frá 2004.

Innheimta skatta á vöru og þjónustu (svokallaðir veltuskattar) námu 160 milljörðum króna á tímabilinu en það er 5,9 prósenta aukning að raunvirði. Fjármálaráðuneytið segir hægt hafa á raunvexti tekna af veltusköttum á árinu og þannig hafi þeir dregist saman um 0,8 prósent milli ára miðað við 4 mánaða hreyfanlegt meðaltal. **- jab**



tab
ÍTALÍA
HEILIR STURTU KLEFAR
SÉR TILBOÐ!
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
MEÐ ÖLLU
80x80 eða 90x90
ÖRYGGISGLER
Sturtuhaus
Handsturta
Hitastýrð blöndunartæki
8 nuddstútar
Sæti
VERÐ FRÁ 77.900
BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
www.i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is


BÓNUS
Ferskt ALI svínahakk
ALI SVÍNAHAKK kílóverð nú:
639 KR.
Merkt verð 798KR.
Ferskt ungnautahakk 8-12% fita
KJÖTBANKINN
30% afsláttur við kassann
UNGNAUTAHAKK kílóverð nú:
979 KR.
Merkt verð 1398KR.
Rískökur 100g
59 KR.
Rice cakes • Rijstwafels
Riskakor • Riisikakku
Tilboð vikunnar
Colgate 2 burstar
198 KR.
TILBOÐSPAKKI
2 í pakka
Mánadagar í Bónus
FISKIMÁNAR
GRÍSAMÁNAR
KJÚKLINGAMÁNAR
Með skinku og osti
Með hvítlauksosti
Með piparosti
Með jalapeno
Með piparosti
Með beikoni
Með pepperoniosti
4x2 lítrar
T2 4 x 2 lítrar
398 KR.
KIPPUTILBOÐ
Fiskimánar
Mánar
Fulleldaðir mánar verð nú:
349 KR.
Merkt verð 499KR.
ÞYNGD UM 310g
30% afsláttur við kassann
Colgate tannkrem
159 KR.
100 ml
100 ml
Laukbuff/ítalskt buff verð nú:
239 KR.
Merkt verð 398KR.
ÞYNGD UM 420g
ÍSLANDS GRÍS
40% afsláttur við kassann
Wella froða 200 ml
259 KR.
Wella gel 150 ml
259 KR.
SHOCK WAVES
Kauptu tvo 1.5 kg poka af Whiskas kattamat og þú færð 5 kíóa THOMAS kattasandspoka í kaupbæti!
whiskas
whiskas
whiskas
THOMAS
5 kg
Kaupbætir!
Cat Litter
A natural mineral product



Bónus álegg: Betra verð!
Bónus malakoff kílóverð nú:
719 KR.
Merkt verð 799KR.
Malakoff framleitt af Síld og fisk
Nú er 20% verðlækkun á Létt & laggott!
20% verðlækkun!
Tekex 200g
39 KR.
Tilboð í viku 1 2007
Frá Bónus!
Sjáðu verðið!
Frosnar danskar kjúklingabringur
1395 KR.
900g
Bónus vínarpylsur kílóverð nú:
539 KR.
Merkt verð 599KR.
1 lítri af Bónus jógúrtís með 3.5% fitu
Bónus jógúrtís
259 KR.
1 lítri
Steiktar fiskibollur 1% fita
259 KR.
430g
1% fita
400g
35 KR.
Sjáðu þetta!
Aðeins 3.5% fita
Bónus býður betur!
Vatnsmelóna kílóverð:
85 KR.
2 kassar!
99 KR.
3 pokar í kassa
2 poppkassar 99 KR.!
www.bonus.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Erlend greining á Kaupþingi mikilvægur áfangi.

## Næsta skref er hlutafé í evrum

**HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR**

Stærsta fjármálafyrirtæki heims, Citigroup, hefur birt verðmat á Kaupþingi og mælir með kaupum á hlutabréfum í bankanum. Þetta er merkilegur áfangi, ekki einungis fyrir Kaupþing, heldur fyrir öll alþjóðleg vaxtarfyrirtæki á íslenska markaðnum. Fleiri slíkar greiningar frá erlendum fjármálafyrirtækjum eru í farvatninu og með þeim aukast möguleikar stærstu íslensku fyrirtækjanna til að nálgast nýtt hlutafé sem er forsenda frekari vaxtar þeirra.

Það er íslensku hagkerfi afar mikilvægt að auka erlenda fjárfestingu og enn mikilvægara að sú fjárfesting sé ekki öll sprottin af opinberum framkvæmdum í orkugeiranum. Athyglin er farin að beinast að íslenskum fyrirtækjum, en enn eru ýmis ljón í vegi þess að erlendir fjárfestar komi að íslenska markaðnum í nokkrum mæli.

Helsta hindrunin í þeim efnum er skráning hlutabréfa í íslenskum krónum. Fjárfestar í hlutabréfum eru almennt engir áhugamenn um gjaldeyrisviðskipti, né sérfræðingar í slíkum viðskiptum. Skráning bréfanna í sveiflukenndum gjaldmiðli er þeim því þyrnir í augum. Það er því sífellt meira hagsmunamál stærstu íslensku fyrirtækjanna að hægt verði að skrá hlutabréf í íslenskri kauphöll í evrum.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, sem nú er hluti af norrænu kauphöllinni OMX, hefur lýst eindregnum vilja til þess að mögulegt verði á síðari hluta ársins að skrá hlutafé í evrum. Slíkt skref er afar nauðsynlegt ef til lengri tíma á að vera hægt að halda stærstu fyrirtækjunum á Íslandi.

Hitt er annað mál að slík ákvörðun mun eðli málsins samkvæmt minnka vægi krónunnar í hagkerfinu og í hugum landsmanna. Eindregnir fylgismenn krónunnar munu sjá sína sæng upp reidda og vilja hindra slíka þróun. Það er hins vegar afar óskynsamlegt og kynni að lokum að leiða til flótta stærstu fyrirtækjanna frá landinu. Þrátt fyrir að slík skráning veiki krónuna, er hún mun skárri kostur og myndi gefa íslenskum fyrirtækjum færi á að vaxa til muna hraðar með aðkomu erlendra fjármuna.

Umræðan um gjaldmiðilinn er ekki einföld, en svo virðist sem þeim fari hratt fjölgandi sem telja að ekki verði búið við krónuna til langframa. Spurningin um gjaldmiðilinn er ein af grundvallarspurningum samfélagsumræðunnar og hana þarf að vanda. Undanfarið ár hafa sífellt fleiri sest við hringborð þessarar umræðu og ljóst að þeir hagsmunir sem lagðir hafa verið til grundvallar umræðunni fyrr á tíð hafa ekki sama vægi og áður. Það er mikilvægt að staða okkar í alþjóðlegu hagkerfi verði metin með framtíðarhagsmuni í huga fremur en stundarhagsmuni, hvað þá að hagsmunir fortíðar séu hafðir að leiðarljósi. Spurningin um krónu eða evru er sennilega brýnni en við höfum hingað til talið og ljóst að leita þarf ígrundaðra svara við henni á fleiri stöðum en í atvinnulífinu og á vettvangi fræða.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?
Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.
550 5600
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lágstemmd kveðjustund

Kjartan Gunnarsson hefur nú kvatt skrifstofur Valhallar eftir 26 ár í stóli framkvæmdastjóra. Formleg framkvæmdastjóraskipti fóru fram í Valhöll í gær að viðstöddum Geir H. Haarde formanni og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur varaformanni. Ritstjórnum var send mynd frá fundinum sem tekin var af ljósmyndara Sjálfstæðisflokksins. Greinilegt er að Kjartan hefur viljað gera lítið úr þessum tímamótum. Hann hefur hvorki gefið færi á viðtali né myndatöku. Veisluhöld örugglega bundin við hóp vina og náinna samstarfsmanna. Margir höfðu gert ráð fyrir lúðrablæstri og ræðuhöldum í stórum sal. Kannski lýsir það Kjartani. Hann er viljugri til þess að klappa fyrir öðrum en að láta klappa fyrir sjálfum sér.



### Frelsisskjöldur KG

Samband ungra sjálfstæðismanna, SUS, ætlar samt að heiðra þennan fyrrum framkvæmdastjóra með því að afhenda frelsisverðlaun kennd við hann sjálfan. Árlega mun einstaklingur eða samtök sem hafa að mati ungra sjálfstæðismanna unnið frelsishugsjóninni gagn með störfum sínum og hugmyndabaráttu fá Frelsisskjöld Kjartans Gunnarssonar afhentan. Verða fyrstu verðlaunin afhent í Valhöll í dag. Segja ungir sjálfstæðismenn að Kjartan hafi frá unga aldri verið í forystu þeirra sem barist hafa fyrir frjálshyggju á Íslandi. Er þá ekki við hæfi að Kjartan Gunnarsson fái Frelsisskjöld Kjartans Gunnarssonar?



### Góð atriði betri

Það mætti alveg búast við því að valdamenn í viðskiptum og stjórnmálum væru hörundsárir. Auðmenn voru til dæmis sérstakt viðfangsefni skaupsins í ár þar sem Björgólfur Thor Björgólfsson var meðal annars talinn kynþokkafyllri en Hannes Smárason, Hreiðar Már Sigurðsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og fleiri. Jón Ásgeir var spurður að því í Blaðinu á miðvikudag hvernig honum fannst skaupið. „Mér fannst áramótaskaupið stórskemmtilegt í ár. Það var ekki laust við föst skot í allar áttir sem var bara til að gera góð atriði betri," svaraði hann. Líklega nýtist skapið betur í keppni um viðskipti en fegurð.

bjorgvin@frettabladid.is

## Áróðursbrellur Stefáns



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**
**Í DAG** | Jöfnuður

Stefán Ólafsson prófessor er kominn í kosningaham. Hann hefur dælt í fjölmiðla tölum og dæmum um, að stjórnvöld hafi níðst á rosknu fólki og öryrkjum, um leið og þau hafi hækkað skatta, þótt þau þykist hafa lækkað þá. Fátækt og ójöfnuður hafi stóraukist. Til að sýna þetta beitir Stefán ýmsum brellum.

Hann talar um, að stjórnvöld hafi hækkað skatta, af því að skatttekjur hafa hækkað. Með því ruglar hann saman aðgerðum og afleiðingum. Til dæmis gerist það í góðæri eins og undanfarin ár, að tekjur ríkisins af vörugjöldum hækka. Hafa stjórnvöld þá hækkað skatta? Auðvitað ekki. Þetta eru afleiðingar góðærisins, ekki aðgerðir.

Það hefur einnig gerst vegna verðhækkunar fasteigna og stórfelldrar hækkunar almennra launatekna, að færri fá nú vaxtabætur en áður. Ríkið sparar sér þannig stórfé. En hafa stjórnvöld með því hækkað skatta? Auðvitað ekki. Þetta eru afleiðingar góðærisins, ekki aðgerðir.

Sama er að segja um skattleysismörk. Stefán sakar stjórnvöld um að hafa lævíslega hækkað skatta með því að hækka skattleysismörk ekki eins hratt og launatekjur hafa hækkað. En af hverju hefðu stjórnvöld átt að gera það? Hugsunin með skattleysismörkum er, að menn sleppi við að greiða skatta af mjög lágum tekjum. Hún er ekki, að hlutfall þeirra, sem bera tekjuskatt, sé alltaf fast. Ef menn hafa efni á að greiða tekjuskatt, ættu þeir þá ekki að greiða hann?

Stefán sakar stjórnvöld líka um að hafa hækkað skatta með því að minnka ekki tekjutengingu margvíslegra bóta, sem menn hafa misst, af því að tekjur þeirra hafa hækkað í góðærinu. En hugsunin með tekjutengingunni er, að menn fái ekki bætur, nema þeir þurfi þær. Ef tekjur manna hækka, þá þurfa þeir ekki lengur bætur. Hvers vegna í ósköpunum ættu ríkir menn að fá barnabætur?

Stefán brenglar hugtök með því að kenna þessar afleiðingar góðærisins við skattahækkanir. Stjórnvöld hækka skatta, ef þau hækka til dæmis tekjuskatt um 5%. Íslensk stjórnvöld hafa gert hið gagnstæða síðustu fimmtán árin. Þau hafa lækkað tekjuskatt einstaklinga úr 30,41% í 22,75%, tekjuskatt fyrirtækja úr 45% í 18%, lækkað erfðafjárskatt og fellt niður aðstöðugjald, hátekjuskatt og eignaskatt. Þetta eru verulegar skattalækkanir, þótt ég hefði vissulega viljað hafa þær meiri.

*Stefán virðist hafa meiri áhyggjur af ríku fólki en fátæku. Betra sé að allir séu jafnfátækir en að kjör allra batni, ef kjör sumra batni talsvert meira en annarra.*

Árangurinn af þessum skattalækkunum hefur verið sá, sem vonast var eftir, að skatttekjur ríkisins hafa aukist. Lítil sneið af stórri köku er stærri en stór sneið af lítilli köku. Skatttekjur ríkisins af tekjuskatti fyrirtækja voru 20,5 milljarðar 2005, þegar skattheimtan nam 18%, en 2,7 milljarðar 1991, þegar skattheimtan nam 45%.

Stefán kvartar undan því, að kjör tekjulægsta hópsins hafi aðeins batnað um 30%, á meðan kjör hafi almennt batnað um 50%. En er það ekki dágóður árangur, að kjör tekjulægsta hópsins batni um 30%? Á það að halda vöku fyrir okkur, að kjör annarra hópa hafi batnað enn meira? Stefán virðist hafa meiri áhyggjur af ríku fólki en fátæku. Betra sé að allir séu jafnfátækir en að kjör allra batni, ef kjör sumra batni talsvert meira en annarra.

Stefán talar að vísu ekki eins mikið um fátækt í þessari kosningabaráttu og fyrir fjórum árum. En nú sem þá notar hann hugtakið í þröngri, fræðilegri merkingu. Fátækt er í hugum flestra skortur á lífsgæðum. En Stefán talar um fátækt, þegar fjölskyldur hafa innan við helming af svokölluðum miðtekjum heimila, en það eru þær tekjur, sem skipta fjölskyldum í tvo jafna helminga. Þetta hugtak er auðvitað fróðlegt í umræðutímum í háskólum, en það gagnast lítt fátæku fólki.

Í þessari kosningabaráttu talar Stefán þeim mun meir um ójöfnuð. Hann á þar við ójafna tekjuskiptingu. Það er rétt, að tekjuskiptingin hefur orðið ójafnari við það að margir hafa orðið ríkir, jafnvel forríkir, síðustu fimmtán árin. Teygst hefur á tekjunum upp á við. En er það áhyggjuefni? Hitt er mikilvægara, að allir hafa nú miklu fleiri tækifæri en áður, af því að hagkerfið er opnara og frjálsara. Ójöfnuður hefur í þeim skilningi minnkað. Nú ráða hæfileikar, ekki flokksskírteini. Menn spyrja ekki lengur, hvar í flokki bakarinn stendur, heldur hvernig brauð hans smakkast.

## Brugðist við nýjum aðstæðum

**UMRÆÐAN**
Sjávarútvegur



**EINAR KRISTINN GUÐFINNSSON**

Þær fréttir sem bárust á dögunum um hagtölur í sjávarvegi eru athyglisverðar. Annars vegar sjáum við af tölunum að fiskaflinn í tonnum talið er sá minnsti í 15 ár og dróst saman um fimmtung á milli ára. Hins vegar jókst verðmætið um 12 til 14 prósent frá árinu á undan.

Skýringin á minni afla verður einkum rakin til mikils samdráttar í loðnuveiðum. Aflinn var 680 þúsund tonn árið 2003, fór í 525 þúsund tonn ári síðar, varð 605 þúsund tonn árið 2005, en einvörðungu 184 þúsund tonn í fyrra. Vitaskuld er þetta áfall. Loðnuveiðar og vinnsla eru mikilvægur þáttur í atvinnusköpun víða um land auk þess sem loðnan er þýðingarmesti þáttur fæðuöflunar þorsksins. Minna aðgengi að loðnu hefur áhrif á stöðu þorskstofnsins og hefur áhrif á veiðiráðgjöfina á hverju ári. Ánægjulegt var þó að sjá þá niðurstöðu úr haustleiðangri Hafrannsóknastofnunar að loðna í maga þorsks var meiri en undanfarin ár.

Atferli loðnunnar hefur verið talsvert öðruvísi undanfarin ár en fyrrum. Ekki hefur tekist að mæla loðnu á hefðbundnum tíma til þess að unnt væri að gefa út kvóta til veiðanna á þeim tíma sem venjulegt hefur verið. Í rannsóknarleiðöngrum sl. haust fannst veiðanleg loðna ekki í nægjanlegu magni. Sömu sögu var að segja um haustrannsóknir árið 2005. Meiri áhersla var lögð á loðnuleit í fyrra og hitteðfyrra en að jafnaði áður. Veiðanleg loðna fannst þó fyrst í lok janúar í fyrra og kvótinn sem út var gefinn, var sá minnsti frá því fyrir 15 árum.

Sjávarútvegurinn hefur sýnt mikla aðlögunarhæfni í gegnum tíðina. Menn hafa brugðist við sveiflum í lífríkinu með margvíslegum hætti og ótrúlegt í raun að sjá hvernig atvinnugreinin hefur leitað nýrra tækifæra þegar önnur hafa brugðist. Loðnuvertíðin á síðasta ári var gott dæmi um það. Þótt aflinn í tonnum talið hafi einungis verið 27 prósent loðnuaflans árið 2003, varð verðmætisminnkunin langt um minni. Því veldur að sönnu hátt afurðaverð að nokkru. En langhelsta skýringin er sú að útgerðarmenn beittu skipum sínum í aukna vinnslu. Þannig var aflaverðmætið 2003 11,8 milljarðar, ári síðar 9,4 milljarðar, ári síðar varð verðmætið 9,3 milljarðar og í fyrra 6,3 milljarðar, eða um 53% verðmætisins þegar aflinn var þó hlutfallslega miklu meiri.

*Höfundur er sjávarútvegsráðherra.*



**AMERÍSKT AFTUR Í TÍSKU**

Vinnufatabúðin hefur verið starfrækt í rúm sjötíu ár og ekkert lát virðist vera á vinsældum hennar.

LANGUR LAUGARDAGUR 6



**VEITINGASTAÐUR, KAFFIHÚS OG VÍNBAR**

Deco er nýlegur veitingastaður í Austurstræti.

MATUR 2



## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]

**Hagkaup** eru nú með mikinn afslátt af raftækjum og húsgögnum. Hægt er að fá allt að þrjátíu og þriggja prósenta afslátt af raftækjum og áttatíu prósenta afslátt af húsgögnum.

**Líf** ávaxtasafi er á tilboði í verslunum Nóatúns og er hægt að fá þrjár lítrafernur á verði tveggja.

**Risaútsala** stendur yfir í Húsgagnahöllinni og er hægt að fá allt að áttatíu prósenta afslátt af húsgögnum.

**Útsala** er hafin í Centrum og er boðið upp á allt að fimmtíu prósenta afslátt af vörum.

**Herrafataverslun** Birgis er með tuttugu og fimm prósenta afslátt af jakkafötum, stökum jökkum, stökum buxum og yfirhöfnum.



**Útsala** er hafin í Habitat og er hægt að fá allt að þrjátíu til fimmtíu prósenta afslátt.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 5. janúar, 5. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.14 | 13.33 | 15.52 |
| Akureyri | 11.25 | 13.18 | 15.10 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Ólafur Finnbogason er mikill veiðimaður og segist hann hafa mjög gaman af því að gera tilraunir með villibráðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Veiðir sér til matar

***Ólafur Finnbogason, sölumaður fasteigna, er mikill veiðimaður og leggur hann stund á nær alla sportveiði. Bráð sína notar Ólafur til þess að matreiða miklar kræsingar.***

„Ég er mikill áhugamaður um bæði stangveiði og skotveiði. Ég hef verið að skjóta hreindýr, gæs, rjúpu og svartfugl. Þar að auki er ég mikið í stangveiðinni og meðal annars verið leiðsögumaður í Langá á Mýrum,“ segir Ólafur. „Ég held að ég sé bara með náttúrulegt veiðieðli í mér, en auðvitað sækist ég líka mikið í útiveruna og félagsskapinn sem fylgir veiðinni.“

Ólafur skýtur gæs á Snæfellsnesi og í Seljalandi og rjúpu austur í Jökulsárhlíð. Hann viðurkennir fúslega að mikill tími fari í þetta aðal áhugamál sitt. „Ég er um það bil 60 daga á ári í einhverskonar veiði.“

Ólafur er einnig heilmikill matgæðingur enda nóg af úrvals hráefni í boði þegar menn eru með jafn óbilandi veiðiáhuga og hann. „Ég er kannski enginn stórkokkur en ég hef mjög gaman af því að gera tilraunir með villibráðina. Ég gref gæs, hreindýr og lax, svo matreiði ég líka hreindýrin og rjúpurnar við tækifæri.“ Villibráð sem Ólafur skaut var áberandi í veisluhöldum yfir hátíðirnar. „Ég var með rjúpur á aðfangadagskvöld og hreindýr í sveppavillibráðasósu á gamlárskvöld,“ segir hann. Uppskriftir af hreindýrasteikinni, sósunni og gröfnum laxi er að finna á síðu 3.

*valgeir@frettabladid.is*

# Íslensk hráskinka

DÝRINDIS HRÁSKINKA ER NÝJASTA ÁLEGGIÐ FRÁ SS. HÚN HEFUR HLOTIÐ HEITIÐ GRAND PARMA.

Enn eitt áleggið frá Sláturfélagi Suðurlands hefur litið dagsins ljós. Það er hráskinkan Grand Parma sem er unnin úr grísakjöti og þurrkuð og meðhöndluð í nokkra mánuði samkvæmt ströngustu gæðakröfum. Því lengur sem tekur að vinna hana þeim mun tryggari eru gæði hennar, að sögn sérfróðra.



Þótt hráskinkan sé góð ein og sér þá hentar hún líka vel á pitsur, snittur og brauð og í alls kyns smárétti eftir því sem andinn blæs mönnum í brjóst og bragðlaukarnir leyfa. Skinkan er mjúk undir tönn og gefur örlítinn reyk- og kryddkeim. Hún er án msg eins og aðrar áleggstegundir frá SS.


BYLTING Í SVEFNLAUSNUM

BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

20-65% AFSLÁTTUR







55 ÁRA

Húsgagnavinnustofa RH

Rúm Gott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

**Fiskur**
er vinsæll í verslunum þessa dagana enda flestir orðnir leiðir á söltu og reyktu kjöti.








Kristján er mjög ánægður með hvernig hefur gengið síðan staðurinn opnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Með mikið úrval léttvína

***Deco er nýr veitingastaður í Austurstræti 12. Kristján Örn Sævarsson veitingastjóri segir að allt hafi farið mjög vel af stað.***

Kristján segir að Deco sé blanda af veitingastað, kaffihúsi og vínbar. „Í hádeginu erum við með hlaðborð og matseðil, um miðjan daginn erum við kaffihús og á kvöldin erum við með mat og gott úrval af léttvínum,“ segir hann.

Helsta sérstaða Deco að sögn Kristjáns er léttvínsúrvalið. „Við höfum töluvert úrval af víni í glösum og það er dálítið breytilegt hjá okkur. Á krítartöflu má sjá tilboð dagsins og fólk getur alltaf verið að smakka eitthvað nýtt. Við munum svo bjóða upp á vínkynningar ef óskað er eftir því.“

Opnunartími er til eitt á virkum dögum og þrjú um helgar. „Við höfum stundum verið með plötusnúð á fimmtudögum, föstudögum og laugardögum og munum gera eitthvað af því áfram. Við eigum eitthvað eftir að vera með lifandi tónlist líka en það verður ekkert fast. Við látum þetta bara rúlla svona allt í bland,“ segir Kristján.

Síðan staðurinn opnaði hefur gengið mjög vel að sögn Kristjáns. „Við höfum ekki farið í neina markaðsetningu og ákváðum bara að opna í rólegheitum.

Meðfylgjandi er uppskrift að saltfiski frá Jóni Magnúsi Harðarsyni, kokki á Deco.

**SALTFISKUR AÐ HÆTTI BASKA**
**800 g saltfiskur**
**4 dl hrísgrjón**
**grænmetiskraftur**
**2 dl ólífuolía**
**2 hvítlauksgeirar pressaðir**
**salt og pipar**
**smjör**
**olía**
**2 gulrætur (meðalstórar)**
**½ blaðlaukur**
**klettasalat**

**SÓSA**
**2 ½ dl niðursoðnir tómatar**
**1 rauð paprika skorin í litla bita**
**1 græn paprika skorin í litla bita**
**1 laukur fínt saxaður**
**3 hvítlauksgeirar fínt saxaðir**
**1 búnt basil (ferskt)**
**1 tsk. timían**
**½ tsk. sykur**
**salt og pipar**
**ólífuolía**

**HRÍSGRJÓN**
**4 dl hrísgrjón**
**8 dl vatn**
**2 tsk. grænmetiskraftur**
**1 hvítlauksgeiri fínt saxaður**



Saltfiskur að hætti Baska.

Látið saltfiskinn liggja í bleyti í sólarhring. Hitið pönnu og steikið saltfiskinn upp úr olíu og smjöri, þar til hann er fallega brúnn og setjið hann inn í ofn á 180° C í 12 mínútur.

Hvítlaukurinn er steiktur í potti og hrísgrjónin sett út í ásamt vatninu og grænmetiskraftinum. Soðið í 15 mínútur og látið standa í 10 mínútur með lokinu á.

Sósan er næst löguð. Laukur og paprika er steikt í olíu og þegar laukurinn fer að verða glær er hvítlauknum bætt saman við. Maukið tómatana með gaffli og setjið saman við og kryddið með sykri, timían, salti, pipar og basil. Sjóðið sósuna niður í um 3 mínútur. Setjið saltfiskinn á disk og hellið sósunni yfir.

Blaðlaukurinn og gulrætunar skornar í strimla og steikt á pönnu með salti og pipar.

*emilia@frettabladid.is*



Á Deco er hægt að fá mikið úrval léttvína.

# Sjaldan fellur eplið langt frá ofninum



***Epli eru oft við hendina í eldamennskunni enda ljúffeng og góð.***

Eplið steig sín fyrstu frægðarskref í aldingarðinum til forna en það var hin víðþekkta Eva sem kom eplinu, þá forboðnu, á kortið. Mjallhvít er önnur kona sem borðaði epli en ekki sér til heilsubótar. Epli hafa líka lengi verið uppáhald kennarastéttarinnar, kannski vegna þess að eplið hjálpaði Newton við að uppgötva þyngdarlögmálið.

Eplatréð er eitt algengasta ávaxtatréð og er eplið talið vera fyrsti ávöxturinn sem mannfólkið ræktaði. Í dag eru til mörg afbrigði af eplinu, sum hver henta betur til eldunar en önnur eru betur fallin til að borða hrá. Þegar eplin eru valin er best að þefa af þeim og skoða vel að utan. Eplin geymast svo best á þurrum og svölum stað. Sé ætlunin að geyma eplin lengi má vefja hverju og einu í pappír sem viðheldur betur ferskleika þeirra. Gott ráð er að pensla sítrónusafa yfir yfirborð eplisins þegar búið er að skera það svo yfirborðið verði ekki brúnt.

Eplin henta vel í hvers kyns bakstur, í salöt, eftirrétti og sem skraut með villibráðarréttum. Auðvelt er að leika sér með ávöxtinn í eldamennskunni og hér koma nokkrar uppskriftir sem ættu að hjálpa ykkur af stað.

**- jóa**

*Heimildir: Matarást og uppskriftir.is*



Eplin má einnig skera niður í báta og bera fram sem hollustusnakk.

### EPLAKAKA

**Botn**

3 dl rúsínur
120 g hveiti
6 msk. sykur
½ dl Sambuca
30 g smjör, ósaltað
2 tsk. kanill
2 tsk. lyftiduft
6 egg
5 epli

Fyrst eru rúsínur lagðar í bleyti í hvítvín og vatn. Eplin eru skræld, skorin í bita og sett í skál. Svo er litlum hluta af sykrinum stráð yfir og Sambuca, rúsínur og kanill sett saman við og hrært vel. Eggjarauðurnar eru settar með afgangnum af sykrinum og eggjahvíturnar stífþeyttar sér. Þeyttu eggjarauðurnar eru hrærðar saman við hveiti, lyftiduft og smjör. Síðan er eggjahvítan hrærð saman við og öllu blandað saman við eplin. Smyrjið mótin með smjöri og bakið í ofni í um 40 mínútur við 160 gráður.

**Sósa**

100 g Mascarpone-ostur
50 g pistasíumassi
40 g sykur
4 stk. eggjarauður

Hrærið ostinn og skafið hann í gegnum fínt sigti. Stífþeytið eggjahvíturnar. Hitið sykurinn í 121 gráðu og hellið rólega saman við eggjarauðurnar. Hrærið allan tímann, þar til kólnar. Bætið ostinum út í og að síðustu pistasíumassa.

### EPLASKÍFUR

480 g epli, eða um þrjú stór epli
1¼ dl rúsínur
4 msk. smjör
1 msk. kókosmjöl
12 stk. filodeigsblöð
Kanill
Flórsykur



Filodeigið kemur oftast í örþunnum lengjum, en deigið verður að afþýða áður en það er notað. Klæðið ofnplötu með bökunarpappír og leggið fyrst eina lengju þar á. Bræðið smjörið og penslið filolengjuna með því. Passið að setja ekki of mikið smjör. Leggið aðra lengju ofan á þá smurðu og penslið hana einnig. Raðið þannig sex lengjum saman, hverri ofan á aðra. Penslið alltaf með smjöri á milli. Afhýðið síðan eplin, skerið þau í sneiðar og raðið þeim ofan á filodeigið. Dreifið rúsínum yfir, einnig kókósmjöli, kanil og flórsykri. Skerið lengjurnar síðan í sneiðar og bakið við 200 gráður í 10 til 15 mínútur.

Réttinn má bera fram heitan eða volgan. Gott er að strá flórsykri yfir og hafa þeyttan rjóma með.

### EPLABAKA

**Botn**

250 g hveiti
200 g smjör, mjúkt
50 g flórsykur
2 msk. vatn
1 tsk. vanilludropar
1 tsk. kanill

Setjið allt hráefnið nema hveitið í hrærivélarskál. Best er að nota hnoðara. Hrærið þar til hráefnið hefur blandast vel saman. Bætið þá hveitinu saman við og hrærið þar til deigið losnar frá skálinni. Þrýstið deiginu á botninn og upp með hliðunum á bökuformi sem er um 26 sentimetrar.



Stinga má priki í eplin og baða þau svo í karamellu eða flórsykri og borða með bros á vör.

**Fylling**

100 g heslihnetur, smátt saxaðar
6 græn epli

Afhýðið eplin, skerið í sneiðar og raðið á deigbotninn í forminu eftir smekk. Dreifið heslihnetunum yfir eplin.

**Kryddlögur**

2 dl mjólk
200 g rjómaostur
100 g sykur
50 g flórsykur
6 egg
1 tsk. kanill
1 tsk. vanillusykur

Setjið eggin í hrærivélarskál. Bætið sykri og flórsykri saman við og hrærið þar til lögurinn er orðinn léttur í sér. Kryddið með kanil og vanillusykri. Bætið rjómaosti og mjólk saman við og hrærið þar til allt hefur blandast vel saman.
Hellið svo kryddleginum yfir eplin. Bakið við 160 gráður í um 50 mínútur. Bakan er svo borin fram með þeyttum rjóma.

## uppskrift Ólafs }

## Hreindýrasteik og graflax

**Hreindýrasteik**

1 kg hreindýravöðvi
Blóðinu hellt til hliðar, kryddaður með salti og pipar og hann steiktur á pönnu á mesta hita í ca 20-30 sek. á hvorri hlið (loka kjötinu)
Sett í ofn á 160°c í 35 mín. og látið síðan standa með álpappír ofan á í ca 20 mín. (verður vel blóðugt)

**Sósan**

Krafturinn af pönnunni eftir steikingu ásamt blóðinu er steikt vel og síðan



bætt út í vatni og látið sjóða í ca 10 mín.
Bætt út í 2 pökkum af Tasty villibráðagrunni og ½ lítra af rjóma.
Einn pakki af ferskum sveppum settur út í.
½ pakki af gráðosti
Kryddað til með villibráðakryddi, pipar, rifsberjasultu og villibráðakrafti.
Látið krauma í góðan hálftíma.
Sósan er jöfnuð út af eigin smekk með sósujafnara eða hveiti.

**Graflax**

Laxinn er smurður með mjög þunnu lagi af sætu sinnepi.
Gróft salt og dill.
Sinnepsfræ.
Flökin lögð saman og látin liggja í ísskáp í tvo sólarhringa.
Dilli og salti er stráð aftur yfir
Laxinn bútaður niður og settur í frysti.



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## Súpa með kókosmjólk og sætum kartöflum

Nýtt ár er gengið í garð og því fylgja fögur fyrirheit um betra líf þar sem hollusta, dugur, hreysti og sparsemi eru í fyrirrúmi. Þessi súpa er óskasúpa fyrir þá sem vilja höndla þessa fyrrnefndu lykla hamingjunnar.

**1 msk rautt karrímauk**
**1 kg sætar kartöflur**
**1-2 msk. ólífuolía**
**1 l kjúklingasoð**
**400 ml af kókósmjólk**
**1 rautt chili**



1. Afhýðið kartöflurnar, skerið þær í teninga, dreypið yfir þær ólífuolíu og bakið þær síðan í ofni við 200 gráður í um 25 mínútur.

2. Þegar kartöflurnar hafa bakast, setjið þær í pott og hrærið karrímaukinu saman við. Hellið því næst kjúklingasoði út í og maukið kartöflurnar þar til úr verður ilmandi og falleg súpa.

3. Hitið súpuna og hellið kókósmjólkinni út í. Hrærið vel í og hitið áfram í 3 mínútur.

4. Setjið súpuna í skálar og stráið yfir hana chili sem hefur verið fræhreinsað og skorið í örfína strimla. Berið fram með grófu brauði.




# Einfalt og létt í byrjun árs

*Að afloknum stórhátíðum er óneitanlega þörf fyrir eitthvað ferskt á diskinn. Oddsteinn Gíslason, matreiðslumeistari hjá Nings, brást vel við beiðni um hugmyndir að slíkum réttum.*

„Þetta eru einfaldir og léttir réttir, svona eftir allan hátíðarmatinn," segir Oddsteinn brosandi. Hann bætir því við að í hans herbúðum sé áherslan alltaf lögð á ferskleika og gæði og að kjöt og fiskur sé eldað við mikinn hita í stuttan tíma. Oddsteinn er einn þeirra sem sér um matreiðsluna í Veisluþjónustu Nings og hefur að sjálfsögðu aðgang að allskyns góðgæti úr sælkerabúð Nings á Suðurlandsbraut 6. Þar rekur Nings líka veitingahús eins og kunnugt er sem og í Hlíðasmáranum og Kringlunni.

Hér koma svo uppskriftirnar hans Oddsteins.





## Grillaður lax teriyaki með og mangó-karrísósu

2 stk. laxasteikur ca. 180 g
Hot spot teriyaki-sósa

100 g sætar kartöflur
100 g kartöflur
Smjörklípa
Salt og pipar

Laxinn er penslaður með teriyaki-sósunni og brúnaður á grillpönnu í um það bil eina mínútu á hvorri hlið og settur í ofnskúffu.

Síðan er hann settur í ofn í 8 mínútur á 180°C
Kartöflurnar eru afhýddar og soðnar í ósöltu vatni
Þegar þær eru soðnar eru þær maukaðar og 30 g af smjöri bætt í ásamt salti og pipar að smekk.

**MANGÓ-KARRÍSÓSA**
3 msk. sýrður rjómi
1 msk. majónes
3 msk. mangó-karrísósa (Hot spot)

Ferskt grænmetissalat er nauðsyn með þessum rétti.




Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006



# Steikt brún hrísgrjón með grillaðri kjúklingabringu

200 g soðin brún hrísgrjón
2 x150 g kjúklingabringur
Brokkólí
Blaðlaukur
Gulrætur
1-2 tsk sojasósa
1/2 saxað chilli
Salt og pipar
1 egg hrært

Grænmetið er skorið og steikt í tvær mínútur á vel heitri pönnu, síðan tekið til hliðar.
Olía sett á pönnuna, eggið sett úti og hrært á meðan það steikist. Þegar eggið er tilbúið er grænmetið og hrísgrjónin sett saman við og kryddað með soja, salti og pipar.

Kjúklingabringan er brúnuð á grillpönnu eða á grilli og krydduð með salti og pipar. Hún er kláruð í ofni á 160°C í 15-20 mínútur.
Bringurnar eru síðan skornar í sneiðar og lagðar á grjónin.



# sætri kartöflumús



# Kjúklingur með aspas í sætri sojasósu

300 g kjúklingabringa skorin í strimla
6 stk. ferskur aspas
1 rauð paprika
50 g blaðlaukur
1 rif hvítlaukur smátt saxaður
½ ferskt chilli saxað
3-4 msk. sæt soja (ketchap manis)

Kjúklingastrimlarnir eru steiktir á pönnu (best er að nota wok-pönnu) og teknir til hliðar. Olía er sett á pönnuna og hvítlaukurinn látinn krauma aðeins áður en restin af grænmetinu er látin á pönnuna og steikt í 2-3 mínútur.
Síðan er kjúklingurinn settur saman við og svo sósan. Látið krauma saman í 1-2 mínútur eða þar til kjúklingurinn hefur náð hita.
Borið fram með hrísgrjónum.



**Bílastæðahús** eru góður kostur fyrir þá sem vilja versla á Laugaveginum. Pössum bara að sýna tillitssemi og leggjum ekki í stæði fatlaðra.

Góðar gjafir - herrapeysur með rennilás og hettu
Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19 • Iðu, Lækjargötu 2A.
s. 552 1890 • www.handknit.is



vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

útsala
útsala
Guðrún tískuverslun
Rauðarárstíg 1. sími 561-5077

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



Þorgeir Daníelsson rekur Vinnufatabúðina ásamt eiginkonu sinni Hildi Símonardóttur en búðin hefur verið í eigu fjölskyldu Þorgeirs um langt skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Amerískt aftur í tísku

***Vinnufatabúðin á Laugavegi 76 hefur verið starfrækt í rúm 70 ár og virðist ekkert lát ætla að verða á vinsældum hennar.***

„Amerískar úlpur, gallabuxur og hermannaklossar eru að koma aftur sterkt inn um þessar mundir, en við vorum fyrst til að flytja slíkan fatnað inn til landsins fyrir fjölmörgum árum síðan," segir Þorgeir Daníelsson, eigandi Vinnufatabúðarinnar.

„Þess konar föt hafa ætíð fengist hjá okkur en áhuginn fyrir þeim hefur aftur stóraukist. Það sýnir einfaldlega hvernig allt fer í hringi, ekki hvað síst tískan. Það sem er vinsælt nú verður aftur eftirsótt eftir nokkur ár og svo framvegis."

Þorgeir segir reksturinn annars almennt ganga vel en hann hefur upplifað töluverðar sviptingar síðan hann tók við versluninni af föður sínum. Var hún upphaflega stofnuð af afa Þorgeirs og hefur því alla tíð verið í eigu fjölskyldunnar ásamt húsnæðinu sem það er staðsett í.

Að mati Þorgeirs blómstra viðskiptin ekki síður á Laugaveginum öllum sem er að hans áliti nú í mikilli uppsveiflu. „Segja má að verslunarlíf hafi náð ákveðinni lægð hér fyrir nokkru, þótt við í Vinnufatabúðinni höfum ekki haft undan neinu að kvarta," útskýrir hann. „Ekki var því við öðru að búast en að leiðin lægi upp á við eftir það og það gerir hún svo sannarlega."

Máli sínu til stuðnings bendir Þorgeir á fjölgun verslana og tilvonandi verslunarhúsnæða, sem eigi vafalaust eftir að ýta enn frekar undir þá þróun. Enda sé nú ekki annað stætt en að hafa flotta aðalverslunargötu í hjarta borgarinnar.

*roald@frettabladid.is*



Köflóttar skyrtur koma sér ekki aðeins vel í vinnunni heldur geta verið flottar.



Hermannaklossar eins og þessir njóta alltaf vinsælda.



Gott úrval gallabuxna er að finna í versluninni.



Hermannahúfur eru meðal þess sem fæst í búðinni og eru eftirsóttar um þessar mundir.



Vinnufatabúðin var fyrst til að flytja inn amerískar úlpur, skyrtur, buxur og hermannaklossa.



Hægt er að fá alls kyns höfuðföt í Vinnufatabúðinni.


Ljósmyndasýning um Tsjernobyl verður opnuð á morgun.

## Á menningarsviðinu

SITTHVAÐ ER AÐ GERAST Í MENNINGARLÍFINU Í MIÐBORGINNI Á MORGUN. MEÐAL ANNARS ÞETTA:

**Tsjernobyl** er yfirskrift ljósmyndasýningar Davids McMillan sem opnuð er í Gallerí Auga fyrir auga að Hverfisgötu 35 í Reykjavík á morgun klukkan 17. Þar birtir hann myndir frá Tsjernobyl í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá þessu versta umhverfisslysi sögunnar. Myndir hans eru merkur vitnisburður um hnignun staðarins.

**Stúdentaleikhúsið** sýnir Þú ert enginn Johnny Depp annað kvöld klukkan 20 í Austurbæ. Þetta er ein af nokkrum aukasýningum á verkinu og sú síðasta verður á sunnudag á sama tíma.

**Í Kling & Bang** galleríi að Laugavegi 23 er jólasýningin Ljósaskipti sem myndlistarmennirnir Sirra Sigrún Sigurðardóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir, Ásdís Sif Gunnarsdóttir og Daníel Björnsson standa að. Galleríið er opnað klukkan 14.

**Í Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin Mynd mín af Hallgrími þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er Jón Reykdal en Listvinafélag Hallgrímskirkju stendur fyrir henni.



**Frelsun litarins/Regard Fauve** er sýning í Listasafni Íslands. Hún geymir 52 verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Þeirra á meðal eru Renoir og Matisse. Sýning á verkum Jóns Stefánssonar listmálara er í sal 2 en hann var eini íslenski nemandi Matisse.



**Skoppa og Skrítla** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur er sýnt í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu klukkan 12.15 og 14 á morgun. Miðasala er í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is. Afgreiðslan er opin kl. 12.30 til 18.

**Sitji guðs englar** eftir Guðrúnu Helgadóttur er líka á fjölum Þjóðleikhússins á morgun í leikgerð Illuga Jökulssonar. Það er sýnt klukkan 14.

**Stórfenglegt** er í aðalsal Þjóðleikhússins annað kvöld og Patrekur 1.5 á Smíðaverkstæðinu. Báðar sýningarnar hefjast klukkan 20.

# Á sama stað í næstum sjötíu og átta ár

***Verslun Guðsteins Eyjólfssonar sf. var stofnuð árið 1918 og hefur verið rekin sem fjölskyldufyrirtæki síðan þá. Svava Eyjólfsdóttir, barnabarn Guðsteins, sér núna um reksturinn.***

Í verslun Guðsteins er seldur herrafatnaður og Svava segir að þar megi fá allt nema skó. Fyrstu árin eftir að verslunin var stofnuð var hún á Grettisgötu en nú er hún búin að vera á sama stað, að Laugavegi 34, í sjötíu og átta ár. „Húsið sem við erum í núna var byggt árið 1929 og verslunin er búin að vera í því síðan þá," segir Svava.

Eyjólfur Guðsteinsson, faðir Svövu, tók við versluninni af Guðsteini föður sínum en þegar hann féll frá fyrir tveimur árum tók Svava við af honum. „Ég var þá búin að vera innanborðs með föður mínum í hátt í tuttugu ár. Ég hef verið í innkaupum og starfsmannahaldi og síðan er ég í versluninni á álagspunktum og þar af leiðandi mikið fyrir jólin. Fyrirtækið er af þeirri stærðargráðu að maður er bara í öllu," segir hún.

Svava segir að verslunin eigi mjög tryggan hóp fastra viðskiptavina. „Í fasta hópnum eru svona miðaldra menn og upp úr og áherslan hjá okkur hefur verið númer eitt, tvö og þrjú að þjóna þeim því eins og ég segi þá þarf eldra fólk líka að klæðast. Hins vegar hefur verið mjög ánægjuleg þróun í gangi síðustu ár að því leyti að það er stöðugt að aukast að yngra fólk komi inn til okkar. Mér finnst vera mikil vakning hjá þessari kynslóð að halda miðbænum gangandi. Mér finnst það mjög ánægjulegt og við erum líka mjög þakklát fyrir okkar föstu viðskiptavini sem hafa haldið tryggð við búðina og þakklát fyrir að þetta skuli hafa gengið allan þennan tíma," segir hún.

*emilia@frettabladid.is*


Svava er mjög þakklát fyrir það hvað margir hafa haldið mikilli tryggð við verslunina. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**50%** Bónus hefur vinninginn þessa vikuna hvað varðar afslátt í tilboðstöflunni. Það er Act örbylgjupopp, 2 pakkar saman með 3 einingum í sem lækka úr 198 krónum í 99 krónur eða um 50%.




**BÓNUS** – Tilboðin gilda til 7. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Danskar kjúklingabringur 900 g | 1.395 | 1.499 | 1.550 | 5 |
| Colgate tannkrem 100 ml | 159 | 229 | 1.590 | 30 |
| OS létt og laggott m.ólífum 400 g | 131 | 163 | 328 | 20 |
| Act örbylgjupopp 2X3 stk. | 99 | 198 | 17 | 50 |
| FK laukbuff 3 stk. 410 g | 239 | 399 | 583 | 40 |
| Móa kjúklingamánar 310 g | 349 | 449 | 1.125 | 20 |
| Bónus jógúrtís 3,5% fita | 259 | Nýtt | 259 | |
| KB ferskt ungnautahakk | 979 | 1.258 | 979 | 20 |

**FK FJARÐARKAUP** *ekki bara verð!* – Tilboðin gilda til 6. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| FK jurtakryddað lambalæri | 1.198 | 1.855 | 1.198 | 35 |
| Roast beef í neti | 1.798 | 2.198 | 1.798 | 20 |
| FK bayonneskinka | 1.098 | 1.498 | 1.098 | 25 |
| Reyktar svínalundir | 1.298 | 1.755 | 1.298 | 25 |
| Nauta Rib-eye | 1.998 | 2.998 | 1.998 | 35 |
| Appelsínur | 98 | 129 | 98 | 25 |
| Klementínur kassi 2.3 kg | 298 | 398 | 130 | 25 |
| Dole vínber 500 g box | 229 | 398 | 458 | 40 |
| Ferskt rauðkál | 598 | 798 | 598 | 25 |

**HAGKAUP** *Skemmtilegast að versla* – Tilboðin gilda til 7. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalundir úr kjötborði | 1.998 | 2.549 | 1.998 | 20 |
| Svínalæri úr kjötborði | 598 | 779 | 598 | 25 |
| Plokkfiskur úr kjötborði | 899 | 1.089 | 899 | 15 |
| Pottagaldra–læri | 1.599 | 1.998 | 1.599 | 20 |
| Pottagaldra–helgarsteik | 2.079 | 2.598 | 2.079 | 20 |
| Holta kjúklingur ferskur | 485 | 745 | 485 | 35 |
| Myllu heilsubrauð bakarí | 249 | 319 | 249 | 20 |
| Ben and Jerry's ís 443 ml | 456 | 759 | 1.029 | 40 |

**KRÓNAN** – Tilboðin gilda til 7. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa kjúklingur ferskur 1/1 | 449 | 749 | 449 | 40 |
| Danpo kjúklingabringur 900 g | 1.399 | 1.998 | 1.554 | 30 |
| Goða kindakæfa 240 g | 199 | 305 | 829 | 35 |
| Goða medisterpylsa reykt | 561 | 748 | 561 | 25 |
| Freschetta XL pítsur 5 tegundir 510 g | 398 | 449 | 780 | 10 |
| Gouda 17% | 812 | 955 | 812 | 15 |
| Lýsi heilsutvenna 32 dagskammtar | 719 | 899 | 22 | 20 |
| Power bar PRIA strawb.jógúrt | 95 | 119 | 95 | 20 |
| Heilsa kvennablómi 60 stk. | 1.334 | 1.569 | 1.334 | 15 |
| Grand.It farfalle/fusilli 500 g | 81 | 115 | 162 | 25 |

**NÓATÚN** – Tilboðin gilda til 7. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri | 899 | 1.498 | 899 | 40 |
| Lambalærisneiðar | 1.498 | 1.998 | 1.498 | 25 |
| Laxaflök beinhreinsuð | 998 | 1.498 | 998 | 35 |
| Móa kjúklingabringur magnp. | 1.898 | 2.679 | 1.898 | 30 |
| Hreindýrafille | 2.998 | 4.998 | 2.998 | 40 |
| Heilsa Lið-Aktín 500 mg 60 stk. | 2.119 | 2.649 | 35 | 20 |
| Rustichella pastas. Carbonara 270 g | 415 | 519 | 1.537 | 20 |
| HM Lífrænt spelthveiti 907 g | 331 | 389 | 365 | 15 |
| Power BarFuelup energy drink lemon 500 ml | 231 | 289 | 462 | 20 |
| Egils kristall sítrónu 1 l | 99 | 185 | 99 | 45 |



HLUSTENDAVERÐLAUN FM 957 • Hverjir eru tilnefndir? [6]

# SIRKUS

5. JANÚAR 2007



BRITNEY Í RUGLINU [12]



BJÖSSI BASTI LEIKSTÝRIR AUGLÝSINGUM Í HOLLYWOOD

## Hefur séð brjóstin á Angelínu Jolie



GARÐBÆINGARNIR Í DIKTU

### Spila á sama stað og U2



SNYRTIPINNINN JÓHANN

### Fyrsti karlkyns snyrtifræðingurinn



EINS ÁRS AFMÆLI MINNSIRKUS.IS

### Risatónleikar á Broadway




Greiðslukjör í allt að 36 mánuði

(visa/euro) Engin útborgun

Gleraugað

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími: 568 1800

Sjónmælingar
linsumælingar.

# Sókrates

Pælingar í þessu plássi hafa ekki verið allra og því verður nú fjallað um eitthvað sem allir geta verið sammála um: Landsliðið í handbolta. Ein frétt í vikunni hafði meiri áhrif á mig en allar hinar til samans. Og ég er ekki að tala um aftökuna á Saddam eða samkomulag flugumferðarstjóra við Flugstoðir ohf. Fréttin sem fékk mitt litla hjarta til að slá aukaslag var fréttin um puttann á Einari Hólmgeirssyni.



Um það geta allir verið sammála sem eitthvað vita um handbolta (les. íslenska þjóðin) að Einar Hólmgeirsson er skotfastasti djöfull sem nokkurn tímann hefur klæðst bláu og hvítu treyjunni með Icelandair-lógóinu. Sorrý Siggi Sveins, sorrý Stjáni Ara og sorrý Geiri Hallgríms. Einsi Hólm gæti skorað frá miðju ef hann vildi það.

Tíminn stóð því kyrr eitt andartak þegar mér voru fluttar þær fréttir að hann hefði slasað sig í sínum síðasta leik fyrir Heimsmeistaramótið í handbolta sem fram fer síðar í mánuðinum. Öll bjartsýnin sem safnast hefur saman síðan við slátruðum Svíunum á sautjánda júní hvarf eins og dögg fyrir sumarsólu og á einni örskotsstundu.

Tómt vonleysi vofir nú yfir strákunum okkar. Getur þetta verið rétt? Eru strákarnir hjá HSÍ hundrað prósent vissir um að Einar sé úr leik? Spilaði ekki Alexander Pettersons sinn besta leik gegn Rússum í síðasta móti kjálkabrotinn?

Inn við beinið veit ég samt að þetta verður allt í lagi. Að skelfingin sem skapaðist við tíðindin af puttanum hans Einars hafi verið létt janúar paranoja. Ég veit þetta því að við eigum aðra örvhenta skyttu í liðinu okkar. Hún er kannski ekki sú skotfastasta í heimi en hún stundar hugleiðslu og les heimspeki. Og ef einhver getur reddað okkur úr þessari klípu þá er það gáfaðasti leikmaður heimi, Sókrates handboltans. Óli Stef, við treystum á þig!

*Andri Ólafsson*



**HITA UPP FYRIR UK TÚR Á GRAND ROKKI**

# Þrettándagleði Diktu

„Fyrstu tónleikarnir verða á rokkklúbbnum Hope & Anchor en þar héldu U2 sína fyrstu tónleika í London,“ segir Skúli Gestsson, bassaleikari hljómsveitarinnar Diktu, um væntanlega tónleikaferð sveitarinnar um England.
Tónleikaferðin verður farin til að undirbúa jarðveginn fyrir útgáfu sveitarinnar á hljómplötu sinni Hunting for Happiness í Englandi en hún kom út hér á Íslandi snemma á síðasta ári. Áður er þó fyrirhugað að gefa út smáskífu með laginu Breaking the Waves þar í landi. Eins og áður hefur verið greint frá var það gítarleikari sveitarinnar góðkunnu Skunk Anansie, Ace, sem stýrði upptökum á Hunting for Happiness.
Til að undirbúa hljómleikaferðina munu Diktu-menn halda tónleika annað kvöld á rokkbúllunni Grand rokki. 500 króna aðgangseyrir er á tónleikana sem mun væntanlega nýtast ágætlega í fríhöfninni.
Skúli Gestsson segir að ásamt því að leika efni af Hunting for Happiness-plötunni verði flutt nokkur ný lög á tónleikunum á Grand rokki.
„Við höfum verið á fullu að semja síðustu mánuði og stefnum að því að gefa út nýja plötu á árinu. Mikið af því efni sem er á Hunting for Happiness er að verða þriggja ára gamalt og við því æstir að koma með ný lög.“

Hægt er að grennslast nánar fyrir um tónleikaferð Diktu á heimasíðu þeirra, myspace.com/dikta
vb
Með Diktu á Grand rokki verður hljómsveitin Ourlives sem hefur verið að gera góða hluti í Bretlandi og hafa haldið þar yfir 40 tónleika.









## 6 ATRIÐI SEM BENDA TIL ÞESS ...

# ...Að þú sért í fangelsi

1. Þú gengur bara í fötum með svörtum og hvítum röndum
2. Þú ferð bara í sturtu með öðum karlmönnum
3. Þú lítur á sígarettur sem munaðarvöru
4. Besti vinur þinn var 10 ára gamall strákur
5. Þú þekkir stelpurnar í afgreiðslunni í héraðsdómi
6. Þú ert trúnaðarmaður fanga





Stór pizza með 2 áleggjum
Kr. 1.199
TVÆR Á 2.000
Opnunartími:
Virka daga 16 - 22
Um helgar 12 - 22
PAPINOS PIZZA
Hækkaðu þig upp um einn
5 9 12345
Núpalind 1 Kópavogi
Hverafold 1-5 Grafarvogi
Reykjavíkurvegi 62 Hafnarfirði


**HEPPINN HLUSTANDI X-INS 977**

# Vann rafmagnsgítar á gamlársdag

Þórður Rafn Guðjónsson er heppinn náungi. Ekki bara vegna þess að hann hlustar á X-ið 977 alla daga heldur líka vegna þess að hann er í X 977 samfélaginu á minnsirkus.is
Á gamlársdag var Þórður nefnilega dreginn úr lukkupotti X 977 samfélagsins og vann hann sér þá inn glæsilegan Paul Reed Smith rafmagnsgítar frá Tónastöðinni í Skipholti.



Máni á X-inu 977, gaur sem finnst gott að fara í heitan pott, Doddi sem vann gítarinn og Frosti á X-inu 977.


**SIRKUS**

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is, Breki Logason, breki@minnsirkus.is, Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Heimir Hermannsson, heimir@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is **Yfirmaðursirkusmiðla** Árni Þór Vigfússon arni@minnsirkus.is **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is




FABRIKAN 2006 Ljósmynd: K.Maack

## Djammið um áramótin...



Það var heldur betur fjör um síðustu helgi í miðbæ Reykjavíkur. Eiður Smári reddaði sér fram fyrir á Oliver en með honum var meðal annars Auddi Blöndal sjónvarpsstjarna ársins. Vignir Svavarsson handboltakappi lét einnig sjá sig á Oliver um helgina. Siggi Jóns var með sænskt bros á vör enda nýráðinn þjálfari Djurgarden í Svíþjóð. Nýr skemmtistaður Boston opnaði líka um helgina og þar mátti sjá Röddina sjálfa Atla Rafn ásamt Brynhildi spúsu sinni. Danni Dans var á Oliver í mikilli sveiflu og rifjaði upp gamla takta síðan 99. Ragnheiður Guðfinna steig kynþokkafullan dans við óþekktan karlmann. Á nýársgleði Andrésar Péturs á Lídó mátti einnig sjá Ragnheiði Guðfinnu í miklu stuði. Þar var sjálfur Kolbs, Ásgeir Kolbeins, og Villi Vill og Anna Lilja. Ragnar Zólberg var eldhress á Laugaveginum með rokkaravinum sínum. Erpur Eyvindarson lét sig ekki vanta í hip hop geggjun Dóra Dna og Danna Deluxe á Prikinu. Halli Valli í Ælu var í 90´s partii Curvers á Nasa. Sölvi Snær, fimmti best klæddi maður landsins, tékkaði á stemmingunni á Oliver ásamt Ómari Valdimarssyni félaga sínum. Annars var mjög góð stemming í bænum.









### JÓHANN DANÍELSSON ER FYRSTI KARLKYNS SNYRTIFRÆÐINGUR ÍSLANDS

# Ætlaði fyrst að verða smiður

„Jú, ég er fyrsti strákurinn," segir Jóhann Daníelsson, nuddari og nú snyrtifræðingur, en Jóhann er fyrsti karlmaðurinn sem útskrifast sem snyrtifræðingur frá Íslensku snyrtiakademíunni.

Jóhann segir marga reka upp stór eyru þegar hann segir hvað hann hafi verið að læra.

„Það er mjög fyndið að segja fólki að maður sé að læra snyrtifræði. Því það rugla þessu svo margir við förðunarfræði. Og halda að ég sé að læra eitthvert make up," segir Jóhann. Hann útskýrir að snyrtifræði sé hins vegar fyrst og fremst vinna með húðina. „Við erum að laga ytra útlit fólks án skurðaðgerða. Kenna fólki hvernig á að laga slæma húð. Til þess þurftum við til dæmis í náminu að læra heilmikið um anatómíu húðarinnar sem er stærsta líffærið. Það var mjög ákveðið."

Varla stefndir þú að því að verða nuddari og snyrtifræðingur þegar þú varst lítill?

„Nei, þegar ég var níu ára vildi ég verða smiður. Ég er kominn ansi langt frá þeirri pælingu núna. Þetta var náttúrlega ekkert planað."

Hvað var það sem vakti áhuga þinn við þetta nám?

„Ég er sko lærður nuddari. Búinn að vinna lengi á spa-stofum og þekki mikið af snyrtifræðingum. Finnst mjög gaman af þesu spa-konsepti. Vildi alltaf læra svona



spa-management. Ætlaði til dæmis aldrei að vera nuddari, langaði bara að læra, það er svo gaman.

En hvernig er það að vera frumkvöðull í svona námi? Fyrsti strákurinn. Var ekki meiri pressa á þér en öllum þessum stelpum?

„Ég veit ekki. Þetta er náttúrlega bara eins og var með hjúkrunarfræðina fyrir nokkrum árum. Þá voru bara stelpur, en nú eru komnir fullt af strákum. Og það eru mörg önnur fög sem eru að breytast hvað þetta varðar. Ég get ekki sagt að ég hafi fundið fyrir mikilli pressu. En ég fann að það var alveg verið að fylgjast með mér, með áhuga. En það er líka bara ágætt."

Og hvað tekur svo við?

„Ég hef mikinn áhuga á að starfa við spa og þá sem stjórnandi. Mér finnst mikilvægt að þeir sem stýra svona heilsulindum viti um hvað þeir eru að tala um. Viti út á hvað allt gengur. Séu ekki bara að telja krónur og aura. Því þetta snýst um svo miklu, miklu meira."






stelpubögg með
Siggu Dögg

## Týpan mín

Ég hef ávallt staðið hörð á því að ég eigi mér ákveðna týpu þegar það kemur að karlmönnum. Ég tel mig laðast að einsleitnum hóp sem uppfyllir mínar hugmyndir um hvað sé gott og eftirsóknarvert í fari maka. Skilyrðin spanna allt frá borðsiðum til hárlits. Sumar kröfur eru mikilvægari en aðrar en því fleiri sem hann stenst því betra. Þeir sem ekki falla undir þessar kröfur eða skilyrði fljúga undir radarnum og fara því framhjá mér.

Vinkonur mínar hafa gert mikið grín að þessu því þær segja mig gersamlega misskilja það að eiga týpu. Það er til dæmi um eitt atvik þar sem ég gerðist litblind og neitaði raunverulegum hárlit piltsins. Ég beit það í mig að laðast aðeins að dökkhærðum drengjum en þessi var víst skolhærður. Þannig tróð ég þessum dreng í mitt mót, hvort sem hann passaði í það eða ekki.

Kröfurnar hafa þróast og aukist með aldrinum. Ég man þá gömlu góðu daga þegar fimm útlimir og fallegt bros var nóg til að heilla mig upp úr skónum. Með árunum urðu kröfurnar flóknari og nú hafa hlutir líkt og gráður, greindarvísitala og gen bæst inn í myndina. Kvenmaður með allt sitt á hreinu ætlar sér alls ekki að klikka á þessu sviði, það vill auðvitað enginn kaupa köttinn í sekknum.

Í hinum mikla hraða nútímans er gott að geta gripið í flokkunarkerfi staðalmynda. Það eitt að vita hvar hann starfar getur sagt mikið um hvernig týpa hann er. Með þessa vitneskju má þá annaðhvort sækja í hann eða forðast. Þannig er veraldarvefurinn algerlega sniðinn fyrir fólk sem telur sig hafa ákveðna týpu og veit að hverju það leitar í fari makans.

Það er þó eitt sem gleymist. Nútímakonan sem ætlar sér að leika á „kerfið" og vera sniðug með öllum sínum útreikningum og áhættumati á viðkomandi pilt gleymir oft að taka tilfinningar inn í spilið. Þegar allt kemur til alls og maður hittir einhvern sem snertir streng innra með manni þá skipta hlutir eins og skór, hárlitur og meistaragráða engu máli. Tilfinningarnar fylgja ekki alltaf þó að drengurinn líti vel út á pappír og passi í mótið manns.

Kröfurnar sem eiga að sía út þá réttu frá þeim röngu er því ekki jafn skotheld trygging fyrir ástarsorg og mætti halda. Á nýju ári er því tilvalið að stokka upp í kröfunum og ákveða hverjar þeirra skipta í raun og veru máli. Þegar öllu er á botninn hvolft ber að passa að kröfurnar kæfi ekki niður tilfinningarnar því það eru jú þær sem eru lykilatriðið …




NordicaSpa – heilsurækt á heimsmælikvarða



NordicaSpa er heilsurækt á heimsmælikvarða sem veitir fyrsta flokks þjónustu í rólegu og fallegu umhverfi.

Viðskiptavinir NordicaSpa hafa aðgang að þjálfara sem fylgir þeim eftir í tækjasal í hvert skipti sem komið er í heilsuræktina. Boðið er upp á fjölbreytta hóptíma við allra hæfi. Nánari upplýsingar um stundaskrá og hóptíma á nordicaspa.is.

Í heilsulindinni er slökunarlaug og tveir heitir pottar þar sem boðið er upp á herðanudd. Hjá pottunum eru einnig tvær vatnsgufur með ilmi og úti á veröndinni er sauna.

Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan – NordicaSpa er heimur út af fyrir sig.

slökun
styrking
hreyfing

Nordica Hotel ▪ Suðurlandsbraut 2 ▪ Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is ▪ www.nordicaspa.is

NORDICASPA





# Tilnefningar til hlustendaverðlauna FM957

Hlustendaverðlaun fm 957 fara fram í Borgarleikhúsinu þriðjudaginn 23. janúar. Þar verða veitt verðlaun í átta flokkum. Það má segja að hljómsveitin Jeff Who? sé sigurvegari tilnefninganna en sveitin er tilnefnd í öllum flokkum nema einum. Einnig kemur á óvart að margar af þessum hljómsveitum eru ekki týpískar fm hljómsveitir heldur rokkaðri en þær sveitir sem hafa verið viðloðandi stöðina síðustu árin. Hljómsveitir eins og Í Svörtum fötum og Á móti sól víkja fyrir nýjum hljómsveitum. Þetta eru allavega tilnefningarnar. Hægt er að kjósa inni á www.minnsirkus.is/fm957 og á www.fm957.is

## TÓNLEIKAR ÁRSINS

Bubbi 06.06.06
Sálin og Gospel
Bó og Sinfó
Rockstar í Höllinni
Sigur Rós á Klambratúni



## SÖNGVARI ÁRSINS

Magni
Birgir (Ampop)
Stefán Hilmarsson
Bjarni Hall (Jeff Who?)
Ragnar Kjartansson (Trabant)



## SÖNGKONA ÁRSINS

Klara í Nylon
Silvía Nótt
Ragnheiður Gröndal
Regína Ósk
Halla Vilhjálms



## PLATA ÁRSINS

Sálin – Undir þínum áhrifum
Ampop – My delusions
Jeff Who? – Death Before Disco
Trabant – Emotional
Nylon - Nylon








## TÍSKU- OG LJÓSMYNDAFÖRÐUN

Í fararbroddi í 10 ár

VIRTUR SKÓLI-SPENNANDI NÁM:

Förðunarskóli Snyrti-Akademíunnar (áður Förðunarskóli NO NAME) hefur verið starfandi frá 1997 og fagnar því 10 ára starfsafmæli á árinu. Yfir 1000 förðunarfræðingar hafa útskrifast úr skólanum frá upphafi enda er skólinn þekktur fyrir metnaðarfulla kennslu. Kennarar skólans hafa allir mikla starfsreynslu og eru starfandi við öll helstu tímarit landsins. Nemendur fá að spreyta sig á spennandi verkefnum á námstíma og eru sendir í verkefni á vegum skólans. Sérstakir myndadagar þar sem nemendur vinna með atvinnuljósmyndara að lokaverkefni sínu.



Ljósmyndari: Hörður Sveinsson Förðun: Sigrún Hannesd.

NÁM Í BOÐI:

**Tísku- og ljósmyndaförðun**
6 vikur-Grunnur
14 vikur-Grunnur og framhald

**Leikhús- og kvikmyndaförðun**
Stutt hnitmiðað námskeið fyrir förðunarfræðinga sem gefur innsýn í heim leikhúsa og kvikmynda

**Airbrush námskeið**
Helgarnámskeið,
grunnur fyrir förðunarfræðinga

**Stutt förðunarnámskeið**
Ein kvöldstund í dag- og kvöldförðun
Fyrir litla hópa og einstaklinga

NÝ VEFSÍÐA
www.
snyrtiakademian.is



Förðun: Auður Kristín Þorgeirsd.



Nýtt 14 vikna námskeið hefst 15. janúar nk.

Innritun hafin í síma 553-7900 eða á skoli@snyrtiakademian.is



Kennarar og förðunarmeistarar;
Anna Rún, Áslaug Dröfn og Kolbrún Pálína

SNYRTI-AKADEMÍAN
www.snyrtiakademian.is


## MYNDBAND ÁRSINS

Jeff Who? - Barfly
Skítamórall – Hún
Nylon – Closer
Í svörtum fötum – Paradís
Trabant – The One



## HLJÓMSVEIT ÁRSINS

Jeff Who?
Trabant
Sálin
Nylon
Ampop



## LAG ÁRSINS

Hvar sem ég fer
Barfly
Nasty Boy
Til hamingju Ísland
Losing a Friend



## NÝLIÐAR ÁRSINS

Jeff Who?
Trabant
Silvía Nótt
Ampop
Dr. Mister og Mr. Handsome





# Fjarnám

## með áherslu á starfstengt nám

**Byggingagreinar**
Efnisfræði, framkvæmd og vinnuvernd og grunnteikning.

**Tækniteiknun**
Húsateikning, raflagnateikning, innréttingateikning, vélateikning, AutoCad og grunnteikning.

**Tölvubraut**
Forritun, gagnasafnsfræði, vefsíðugerð, vefforritun, netstýrikerfi og vélbúnaður.

**Upplýsinga- og fjölmiðlabraut**
Allar greinar í grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlabrautar; eins og myndbygging og formfræði, myndgreining, týpógrafía og grafísk hönnun, myndvinnsla og margmiðlun, hljóðtækni, ljós- og litafræði, inngangur að fjölmiðlun.

**Meistaraskóli**
Allar stjórnunar- og rekstrargreinar.

**Almennt nám**
Enska 212, ENS303, GRT203, STÆ202, algebra og föll, STÆ 303, stærðfræði, UTN103, notkun upplýsingatækni og tölva í námi.

**Rafiðnanám**
Rafiðnabraut GR06 (ný námsskrá).

*Innritun og greiðsla á neti stendur yfir og er opin til 18. jan. 2007 á www.ir.is. Kennsla hefst fös. 19. jan. 2007.*

*Kennsla einstakra áfanga er með fyrirvara um næga þáttöku.*

*Allar frekari upplýsingar í síma 522 6500 eða á vef skólans www.ir.is.*

# Kvöldskóli

**Bygginga- og mannvirkjagreinar**
Verklegt og bóklegt grunn- og framhaldsnám.

**Rafiðnanám**
Grunnnám rafiðna 2. önn. Rafvirkjun 3.–7. önn.

**Listnám**
Ýmsir áfangar í kjarna og á kjörsviði almennrar hönnunar.
Öflugur undirbúningur fyrir framhaldsnám í hönnun.

**Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar**
Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina.
Undirbúningur fyrir nám í grafískri miðlun, vefsmíð, ljósmyndun, nettækni, prentun og bókbandi..

**Tækniteiknun**
TTÖ103 Tölvuteikning - AutoCad.

**Meistaraskóli**
Allar rekstrar- og stjórnunargreinar.
Faggreinar byggingagreina.

**Almennt nám**
Bókfærsla, danska, eðlis- og efnafræði, enska, félagsfræði, fríhendisteikning, íslenska, grunnteikning, spænska, stærðfræði, þýska, notkun upplýsingatækni og tölva.

*Innritun og greiðsla á neti stendur yfir og er opin til 14. jan. 2007 á www.ir.is.*

*Innritun með aðstoð verður í matsal skólans, þri. 2. og mið. 3. jan., frá kl. 16.30–19. (Hægt er að greiða með peningum, debet- eða kreditkorti). Kennsla hefst þri. 9. janúar 2007.*
*Kennsla einstakra áfanga er með fyrirvara um næga þátttöku.*

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

**BJÖSSI BASTI HEFUR BÚIÐ ÚTI Í L.A. Í TÓLF ÁR OG LEIKSTÝRIR AUGLÝSINGUM**

# Hefur séð brjóstin á Angelinu Jolie

Fyrir tólf árum fór Björn Baldvinsson til Bandaríkjanna. Í Reykjavík hafði Björn aldrei verið kallaður neitt annað en Bjössi basti eftir hljómsveit sem hann var í og hét Bleiku bastarnir. Hann var annálaður rokkhundur, djammaði og dópaði, hafði verið í hljómsveitum, stýrt Aðalstöðinni, stofnað X-ið en vildi meira. Hann vildi gera bíómyndir. Nú, átta árum síðar, er Bjössi sjóaður bransakall sem hefur marga fjöruna sopið í kvikmyndaborginni Hollywood.

„Mig langaði að vinna við kvikmyndir og mig langaði að búa erlendis," segir Bjössi þegar við spyrjum af hverju hann hafi flutt til Los Angeles. Bjössi talar hratt og ástríðufullt. Hann baðar út höndunum og slettir með alvöru Kaliforníuhreim.
„Stelpa sem ég var með á þessum tíma átti föður sem bjó þarna úti og við skelltum okkur. Fyrst var maður mikið að djamma og fara í partí og svona en svo ákvað ég að fara að gera þetta af einhverri alvöru."

Bjössi hóf nám við Columbia-háskólann og kláraði allt nema BA-ritgerðina.
„Þá bauðst mér að framleiða kvikmynd með félaga mínum og ég sló til. Ég trúi því nefnilega að í þessum bransa sé vinnan hin raunverulegi skóli. Auðvitað er hægt að læra margt gott í skóla. Og ég lærði margt ágætt í mínum skóla, en ekkert á við það sem maður lærir af því að vinna".

**Hvaða mynd var þetta?**
„Hún hét Evicted. Þetta var rétt eftir að Shannon Elizabeth varð fræg í American Pie-myndinni. Hún var í myndinni okkar og við náðum bara að selja hana út af því. Settum hana á kóverið þrátt fyrir að hún hafi bara verið í myndinni í korter. Svona er þetta bara þarna úti."

**Og hvernig var myndin?**
„Hún var hræðileg, maður. En ég lærði ótrúlega mikið af henni. Sem framleiðandi var þetta óborganleg reynsla fyrir mig, að framleiða heila kvikmynd.
Síðan þá hef ég stanslaust verið að læra. Eins og til dæmis í þessari auglýsingu sem ég gerði með John Cleese fyrir Kaupþing. Ekki nóg með að vera með þennan stórleikara þá vorum við líka með tökumann sem hafði unnið í Top Gun, Mission Impossible og True Romance. Og við vorum allan tímann að fá góð ráð og læra nýja hluti.

Síðan þegar kom að því að leikstýra John Cleese þá fattaði maður fljótlega að John Cleese veit nákvæmlega hvað John Cleese gerir best. Það þýðir voða lítið að leikstýra honum. Við töluðum því strax við hann og sögðum að ef hann væri með einhverja hugmynd að láta okkur vita. „Þú ert með miklu meiri reynslu en við. Við viljum læra af þér," sögðum við.
Og hann var til í það sem er ótrúlegt fyrir svona óreynda gæja eins og okkur. Margir af þessum stóru köllum líta bara á svona verkefni sem „easy money". Koma inn, klára verkefnið og fara. Cleese var samt mikið með í hugmyndavinnunni, var alltaf að hringja í okkur og kasta fram og til baka hugmyndum um hvernig best væri að gera þetta vel. Það hefðu ekki allir á hans kaliberi gert.

Svo kom að tökudegi og að því að leikstýra þessu. Við vorum náttúrlega ansi stressaðir þegar við fórum á settið. Cleese æfði sig áður og var ótrúlega góður. Við skutum eina töku og hann var frábær. Ég sagði því við hann: „Mr.Cleese. That was great, let´s do it again?" Og hann svaraði „Hvað! Þú segir að þetta hafi verið frábært. En vilt samt meira. Hvað viltu núna, óviðjafnanlegt?!"
Ég fór létt á taugum en svaraði að öryggisins vegna væri betra að taka fleiri en eina töku. Og hann skildi það náttúrlega. Ég fór þá til aðstoðarmannsins hans sem er búinn að vinna með honum lengi og spurði hann hvernig Cleese þætti best að vinna. Hann svaraði að hann þyrfti að vita nákvæmlega hvað leikstjórinn vildi. Hvort það væri meira af þessu, minna af hinu og svo framvegis. Og ég nýtti mér það til þess að klára tökurnar. Þetta er það sem ég fíla rosalega vel. Að vera stanslaust að læra. Ég er óhræddur við það. Veit að ég get alltaf gert betur. Og er þakklátur fyrir að hafa fólk í kring um mig sem getur kennt mér."



**Hvað tekur næst við?**
„Ég er að fara aftur út enda bókaður í þrjú verkefni með Dave LaChappelle sem er ásamt Mario Testino dýrasti ljósmyndari heims. Dagurinn með honum kostar ekki minna en hundrað þúsund dollara. Ég hef verið nokkuð lengi að vinna með honum. Byrjaði sem setdresser en hef smátt og smátt verið að vinna mig upp. Ljósmyndataka hjá honum er eins og að vera á setti í risa bíómynd. Það er alltaf ótrúlega mikið í gangi. Maður sér bókstaflega allt á einum degi. Einu sinni vorum við í tökum úti í eyðimörk. Þar var Angelina Jolie aðalfyrirsætan og ég veit ekki fyrr en hún kemur skyndilega út úr treilernum sínum og vindur sér úr slopp sem hún var í og stillir sér fyrir framan myndavélina. Eins og ekkert sé eðlilegra. Það voru örugglega tuttugu gaurar þarna og allir með svört sólgleraugu, nema ég. Það var mjög fyndið. Og Angelina Jolie er líka örugglega með flottustu „boobs" sem ég hef séð á ævinni."

**Hvernig er Hollywood. Er þetta ekki klikkaður bær?**
Ég veit um einn bæ sem er klikkaðari; Reykjavík. Ég veit það ekki en ég er öruggur í Hollywood. Það er „working town". Allir vakna snemma, um fimm, og fara að vinna. Það mundi aldrei líðast það sem er gert hér. Að mæta klukkutíma of seint í tökur og þannig. Allir staðir loka klukkan tvö. Ef fólk fer í partí þá fer það heim klukkan tólf. Allt mjög rólegt og afslappað.
Mér finnst einhvern veginn vera miklu meiri aggressjón hér í Reykjavík Ég er miklu óöruggari hérna.

Þegar ég var að djamma og dópa á mínum yngri árum voru það í mesta lagi tvö hundruð manns sem voru í því. En þegar ég geng um miðbæinn seint um nótt þá finn ég hvað það eru margir sem eru að nota efni. Ég sé það bara á fólki. Ég meina, hérna er djammið rétt að byrja um klukkan tvö. Ég var í bænum um daginn og ætlaði heim en vinir mínir voru alveg: „partíð er rétt að byrja. Fólkið kemur allt klukkan fjögur". Ég bara hef ekki orku í svona. Í því kom glas fljúgandi ofan af efri hæðinni á Kaffibarnum og smallaðist við hliðina á mér. Þetta er náttúrlega klikkaður bær."




**HREYFI GREINING**

- Fagleg heilsurækt
- Frábær aðstaða
- Frábær lífsstíls námskeið
- Frábær staðsetning

# Viltu komast í form?



Talya Freeman,
Jógakennari, Joga flæði



Arna Hrönn Aradóttir,
Rope-Yoga kennari



Gígja Þórðardóttir,
sjúkraþjálfari BSc



Harpa Helgadóttir,
sjúkraþjálfari BSc, MTc,
MHSc



Haukur Guðmundsson,
leiðbeinandi



Sandra Dögg Árnadóttir,
sjúkraþjálfari BSc

## Ný námskeið eru að hefjast

### Breiðu bókin



Betri líðan í hálsi, herðum og baki.
Skráning í síma: 897 2896.
**www.bakleikfimi.is**

### Í formi til framtíðar

Bókanir eru hafnar í þessi vinsælu aðhalds- og lífsstílsnámskeið fyrir konur.
8 eða 16 vikur.

### Rope Joga

hjá Örnu Ara.
Námskeið eru að hefjast.
Skráning í síma 895 7275.
**www.arnaara.com**

### Joga Flæði

Talya Freeman heldur þessi Joga námskeið þar sem öndun og hreyfing flæða saman. Námskeið hefjast á helgarnámskeiði þann 15. janúar.

### Einka-þjálfun

Fagleg þjónusta, markviss og örugg einkaþjálfun hjá sjúkraþjálfurum.

### Bumban burt

Lokuð námskeið fyrir karla sem vilja ná árangri.
8 vikna námskeið.

### Móðir og barn

Bókanir eru hafnar í fimm vikna námskeið Söndru Daggar Árnadóttur.
Námskeiðið byrjar 9. jan.

### Líkamsrækt

Frábær aðstaða til að æfa á eigin vegum á þægilegum stað.
Opnir tímar. Stundaskrá:
**www.hreyfigreining.is**

**Nánari upplýsingar um fleiri námskeið og stundaskrá fyrir vorið 2007 á www.hreyfigreining.is**

**HREYFI GREINING**
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

# Á ég að fara á útsölur?

Eftir alla jólaneysluna, er þá ráðlegt að fara á útsölur og halda áfram að eyða? Veturinn á Íslandi er aldeilis ekki búinn þó að vetrarvörurnar séu komnar á útsölu.







**Hlutir sem þú ættir að kíkja eftir á útsölunum núna eru:**
- kósí prjónapeysur
- dökkar gallabuxur
- rúllukragabolir
- lakkskór

PS! Ef þú ert að fara í mörg brúðkaup næsta sumar mæli ég með að þú kíkir eftir kjólum (ekki svörtum) sem eldast vel.

**Hlutir sem þú ættir ekki að kaupa á útsölunum núna eru:**
- pallíettu- og glimmerfatnaður
- flegnir bolir
- stuttar bolero-peysur
- pinnahælar

TÍSKA Á NÝJU ÁRI!

## Hentu út gömlum syndum!

Á nýju ári er tími til að henda út gömlum syndum. Út með stóru töskuna, hentu gamla glossinu, innkaupakvittunum, súkkulaðibréfum, götóttum nælonsokkabuxum og tyggjóklessum. Fáðu þér litla tösku í áberandi lit og aðeins það nauðsynlegasta fær að fara þar ofan í, síminn, kortið og húslyklarnir.





## tískumolar

Helgu Ólafsdóttur





## Því hærri hælar því betra!

Ef þú ert lágvaxin ættir þú að gleðjast núna. Súperháir hælar eru að ryðjast inn á sjónarsviðið með miklum látum. Ef þú hefur ekki tekið þátt í fegurðarsamkeppni á 12 cm hælum og bikiníi, þá eru takmörk fyrir því hvað er hægt að ganga í háum hælum. Mundu bara eitt, að vandaðir skór eru með traustum hælum og engir pinnahælar, takk, heldur þykkir hælar.


Dane Cook Jessica Simpson Dax Shepard

X 977



Employee of the Month

GEGGJUÐ GRÍNMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM WEDDING CRASHERS



ego ÓDÝRT BENSÍN

EINFALT GOTT ÓDÝRT

KÍKTU Á KVITTUNINA
Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA Á GRÍNSMELLINN EMPLOYEE OF THE MONTH

KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

# útsala



**Curve stóll á snúningsfæti**
39.900 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 29.900 kr.**



**Tungusófi** litir: brúnn • hvítur
192.800 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 129.800 kr.**



**Simply stóll**
14.900 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 9.900 kr.**



**Prag stóll**
12.800 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 8.900 kr.**

## 10 – 50% afsláttur af öllum vörum

**Soho hilla**
89.700 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ 59.900 kr.**



# LÍNAN
H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

Eitt sem ég er ekki til í að gúddera* … ég get svarið það að mér er slétt sama hversu fokkin ríkur þú ert, stundum þarf ekki að eyða pening í eitthvað sem er bara brjáluð þvæla.. exibit A* = hérna er Ashley Olsen að sjoppa* í Holly sem er svo sem ekkert nýtt en fyrir aftan hana er gaur með ferðatösku sem hún var að kaupa ok, gott og blessað en hún sjálf heldur á krókódíla Hermés tösku sem kostar $40.000!! HALLÓ við erum að tala um tæpar 2,8 millur íslenskar fyrir krókódíla-tösku!! Þá meikar alla vega 2 milljón króna útidyrahurðin hans Hannesar Smárasonar sens* hún á þó alla vega eftir að standa fyrir sínu í langan tíma en taska .. neii ég kaupi þetta ekki!

ARG!



## 1 DOTTIÐ Í (ÞAÐ) LAS VEGAS!



Brit Brit kúkur ársins byrjaði árið á hverju.. júpp you know it* að kúka á sig veiiii! Ekki við öðru að búast en hérna mætir hún á Pure skemmtistaðinn í Las Vegas sem henni var borgað 300 þúsund smackers* fyrir að telja niður og segja gleðilegt nýtt ár … og hún sagði einmitt „Happy fuckin new year", smart, enda class act*, stelpan …



# Britney Spears í ruglinu!!

DD UNIT

Með svarta beltið í Hollywood

## 2 ZETA-JONES Í SÓL OG SÍGÓ!

Nei sko ef það er ekki gamla brýnið hún CZJ* massa fersk hérna á snekkjunni með eldra brýninu honum Michael Douglas eiginmanni sínum – verður seint sagt að hún sé skínandi dæmi um heilbrigt líferni, alla vega á þessari mynd virðist hún vera jafnfersk og tuskan sem Oliver hefur verið skúrað með eftir gamlársdjammið! Hún er eins og svona kelling sem heitir Lóló og fer alltaf til Kanarí og svo í Súlnasal á myndashow Kanarí-fara og talar með svona reykingarödd! Og hvað er með brjóllurnar? Þær virðast alla vega gera heiðarlega tilraun til að sleppa út úr gula bíkíníinu!



## 3 EDRÚ OG PÚFFÍ!

Ferskleikinn hreinlega lekur af henni Blohan hérna eða þannig en hún er mætt (edrú) til Miami að fagna nýju ári en ég verð að segja að ég veit ekki alveg með hvað er að gerast með þetta átfitt! And still with the puffiness*??? Hún má nú eiga það blessunin að hafa verið edrú núna í tæpar tvær vikur eða svo og einmitt á þessum tíma þar sem allir djamma og tjútta fram í rauðan dauðann en ekki Blohan hún er líklega búin að wake up and smell the Tara Reid-fnykinn* sem var farin að umlykja hana um of!



## ELDVARPA VIKUNNAR

Eldvarpa vikunnar er enginn annar er olíu-apinn hann Brandon Davis en hann er einmitt einn af helstu vinum Hilton-systra og svona young Hollywood* pakks! Fyrir utan það að vera olíuerfingi og kallaður Fat Elvis er hann maðurinn á bak við það að uppnefna Blohan „Firecrotch"*. Hann er ógeðslegur smjörbobbi* sem gerir ekkert annað en að fitna, djamma, fara í meðferð og drulla yfir fólk sem á ekki pening sem af öllu ofantöldu er ófyrirgefanlegt! Sagði að Blohan væri fátæk því hún ætti ekki nema um 7 millur dollara mú ha ha ha, oj, það geta ekki allir notað smjörið úr hárinu á sér til að fylla bílinn, kúkurinn þinn!



## 4 DUNZO – DONT THINK SO!

Justin og Cammie eru á allra vörum þessa dagana vegna þess að allir eru að vonast til þess að þau séu að hætta saman af því þau eyddu ekki jólunum saman og hann á að hafa látið þau orð falla á bar að þau væru dunzo* en ég verð nú að segja fyrir mitt leyti að ég stórefast um það – og fólk sem heldur að nýi singúllinn* hans, „What goes around", sé um Brit Brit þá er það að vaða í villu því hann er um Elishu Cuthbert, glyðruna í 24 þáttunum, dóttur hans Bauer – hún fór nefnilega illa með besta vin hans JT, Trace Alaya, og JT var bara alveg tjúllaður út í hana, enda skoffín!!



## 5 SAMRUNI NEFANNA?

Who care´s frétt ársins so far* hlýtur að vera ekki-brúðkaupið hjá KatPee* en þau sem sagt eru ekki búin að gifta sig og ég segi nú bara sem betur fokkin fer mar! Ég sé ekki fram á að þetta sé ferð til fjár fyrir þau - sérstaklega hana það er að segja en það er nú samt ekki eins og ferill hennar hafi orðið fyrir hnjaski eiginlega varð hún vinsælli fyrir vikið eftir kókaín-skandalinn mikla, anyways þau voru á Taílandi og þau giftu sig ekki … there you have it!*







G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007
ÚTSALAN ER HAFIN
30-50% AFSLÁTTUR
G-STAR · RAW DEFENDER · marc newson · g-star.com

GLÓSUR

## LÆRÐU LINGÓIÐ

**CZJ**
Catherine Zeta-Jones
**dunzo**
búin að vera, hætt saman
**singúllinn**
smáskífa
**glyðra-galore**
risa glyðra
**so far**
eins langt og liðið er af því
**KatPee**
Kate Moss og Pete Doherty kölluð kattapiss sökum ósjarmerandi hegðunar og óhreinlætis hans
**there you have it**
og þar hafið þið það
**you know it**
þið vitið það
**300 þúsund smackers**
300 þúsund dollarar
**class act**
smart og elegant stúlka
**And still with the puffiness**
ennþá svona púffí og bólgin í framan
**wake up and smell the Tara Reid-fnykinn**
vaknað og fundið Tara Reid fnykinn
**gúddera**
taka sem gott og gilt
**exibit A**
sönnunargagn A
**sjoppa**
versla
**meikar sens**
þá botnar maður í, að skilja
**young Hollywood**
unga fræga fólkið í Hollywood
**Blohan**
Lindsay Lohan
**Firecrotch**
að að vera rauðhærð-ur alls staðar
**smjörbobbi**
að vera óforskammað-ur, smjörugur og óþolandi

# ÚTSALAN er hafin



MEÐAL VÖURMERKJA

- Estee Lauder
- Dior
- Chanel
- Guerlain
- Ghost



Gjafaaskja



## 20-70% afsláttur



TVÆR GLÆSILEGAR VERSLANIR



Suðurver



Hamraborg

Vildarpunktar

Bylgjan - snyrtivörur
Suðurveri • 105 Reykjavík
Hamraborg 14a • 200 Kópavogi
S. 414 4200 • ghost@ghost.is • www.ghost.is

BYLGJAN
SNYRTIVÖRUR

## Kvikmyndagagnrýni

# Öðruvísi Ferrell

★★★☆



Í kvikmyndinni Stranger Than Fiction heldur Will Ferrell áfram að feta í fótspor leikara á borð við Adam Sandler og Jim Carrey. Allt eru þetta leikarar sem hófu feril sinn í Saturday Night Live en sigruðu svo alla samkeppni í heimi grínmyndanna. Eftir að hafa fest sig í sessi þar hafa þeir líka allir þreifað fyrir sér í öllu alvarlegri hutverkum, eins og til að sanna fyrir sér eða öðrum að þeir væru í raun og veru meira en bara trúðar. Það sannaði Adam Sandler í Punch Drunk Love og Jim Carrey í Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Báðir fóru þeir flekklaust með krefjandi hlutverk sín í þeim myndum.
Það sama gerir Will Ferell í Stranger than Fiction. Hann hreinlega blómstrar í snilldarhandriti Zach Helm og undir fagmannlegri leikstjórn Marc Forster (Monster´s Ball), sem hinn litlausi skattaeftirlitsmaður Harold Crick.
Þegar kvikmyndin hefst er Crick líklega leiðinlegasti maður allra tíma. En eftir því sem líður á myndina áttar hann sig á því að lífið er fullt af tækifærum sem nauðsynlegt er að grípa. En hvort það reynist of seint get ég ekkert sagt um.
Aðdáendum Will Ferell verð ég að tilkynna að Stranger Than Fiction er ekki Old School né Ricky Bobby. Hún á ekki að vera það. Hér er verið að fást við annars konar húmor og annars konar kvikmyndagerð. Við eigum líka bara að fagna því. Því stundum verða myndirnar sem Hollywood færir okkur ansi keimlíkar. Stranger Than Fiction er hins vegar bæði ótrúlega fyndin, falleg og sniðug kvikmynd. Ferell fer á kostum í mest krefjandi hlutverki ferils síns og sannar að þar fer enginn trúður.

*Andri Ólafsson*




**FROSTI MÆLIR MEÐ**

**1**



**Bloc Party**
**The Prayer**
„Nýja lagið með Bloc Party er klárlega langflottasta efnið sem þeir hafa gert til þessa. Ég bíð spenntur eftir plötunni sem kemur út 5. febrúar."

**2**



**The Rapture**
**Whoo! Yeah Alright Uh Huh**
„Þetta lag er bara eitt stórt áramótapartí. Svölustu nördar í heimi."

**3**



**Chris Cornell**
**Black Hole Sun (live)**
„Tónleikaupptaka af leðurbarkanum sjálfum að rifja upp gamla góða takta … ómetanlegt."

**KRISTINN BJARNASON, VEFSTJÓRI MINNSIRKUS.IS, LOFAR HÖRKU ÞRETTÁNDAPARTÍI Á BROADWAY ANNAÐ KVÖLD**

# Skráðu þig og fáðu frítt inn

„Þetta er þrettándapartí Sirkuss í tilefni af eins árs afmæli Minn Sirkus. Við ætlum að vera með gott „game" á svæðinu og skemmtilegar uppákomur. Hljómsveitirnar Últra Mega Teknóbandið Stefán, Sprengjuhöllin og Ampop spila í afmælinu en þetta eru mikil stuðbönd og því er von á miklu fjöri þetta kvöld. Ég lofa því ekki en ég hef heyrt að það muni vera afmæliskaka á svæðinu," segir Kristinn en allir notendur minnsirkus fá frítt á tónleikana. „Glöggir hlustendur FM957, X-ins 977. Einnig getur þú skráð þig á póstlista Broadway.is og nælt þér í miða þar."



En hvað er minnsirkus.is?
„Í dag er Minn Sirkus einn af tíu mest sóttu vefjum landsins og er í stöðugri sókn. Vefurinn átti upphafleg að vera íslensk útgáfa af MySpace en er í dag svo miklu meira. Vefurinn er flottur samfélagsvefur sem hefur svo miklu meira upp á að bjóða heldur en bara blogg. Þú getur ritstýrt þínu eigin hópbloggi og læst því eingöngu fyrir þig og vini þína þar sem þið getið skipst á verkefnum úr skólanum ef svo ber við. Svo getur þú stofnað þitt eigið samfélag um áhugamál og fengið annað fólk úti í bæ til liðs við þig að setja myndir, texta, tónlist eða annað efni þar inn. Í dag eru rúmlega 20.000 notendur á Minn Sirkus og bætast við fimmtíu til hundrað manns á degi hverjum. Við sjáum einnig fram á að enn fleiri nýir notendur skrái sig inn út af afmælinu þar sem notendur vefjarins fá frítt inn," segir Kristinn sem lítur björtum augum á eins árs gamlan vefinn.
Er ekki líka rosalega mikið af fallegu fólki inni á minnsirkus.is?
„Að sjálfsögðu er fullt af fallegu fólki inni á vefnum hjá okkur. Enda erum við Íslendingar nú ekki þekktir fyrir að vera neitt annað, held ég. Fyrirsætur virðast nota vefinn í meira mæli til þess að kynna sig og verk sín. Reyndar með misgóðum árangri því miður en mjög auðvelt er að greina hvaða fólk leggur metnað sinn í það."
Kristinn hvetur fólk til þess að kíkja í þetta magnaða partí annað kvöld. Hægt er að fá miða með því einfaldlega að skrá sig inn í samfélagið.



Sprengjuhöllin



Ampop



Últra Mega Teknóbandið Stefán




**BRYNJAR MÁR MÆLIR MEÐ**

**1**



**STORM LARGE**
**LADYLIKE**
„Þetta lag er eiginlega lag sem ég kolféll fyrir þegar þættirnir voru í gangi á sínum tíma, hún er náttúrulega alveg að bræða mann með þessum „slutty" klæðnaði og frábærri rödd og attitjúti."

**2**



**JAMES MORRISON**
**THE PIECES DONT FIT ANYMORE**
„Þessi kappi kemur verulega á óvart með sinni fyrstu sólóplötu, hann er búinn að henda út þremur lögum á skömmum tíma núna, og þetta lag er langbesta lagið... án nokkurs vafa."

**3**



**KILLERS**
**WHEN YOU WERE YOUNG**
„Ég eiginlega féll fyrir þessu lagi þegar ég skellti mér til Ameríku um daginn, þá var þetta lag úti um allt, sem og reyndar Killers yfir höfuð. Lagið er náttúrulega bara alveg ÓGEÐSLEGA GOTT."

## Farðu á þessa …



Grínmyndin EMPLOYEE OF THE MONTH með Dane Cook, Jessica Simpson og Dax Shepard í aðalhlutverkum verður frumsýnd í kvöld, í Laugarásbíói, Sambíóunum Álfabakka og Keflavík. Fyrir starfsfólkið í hinni risavöxnu Super Club verslun er það sá mesti heiður sem nokkru þeirra getur hlotnast að vera valið „Starfsmaður mánaðarins". Málin flækjast þegar gullfalleg stúlka fer að berjast um titilinn. Farðu á þessa!

## Gleðifréttir fyrir þig

LITTLE MISS SUNSHINE er frumsýnd í kvöld í Smárabíói og Regnboga. Hérna er á ferðinni mikil perla sem hefur farið þó nokkra sigurför um heiminn undanfarið. Myndin er ofarlega á listum flestra gagnrýnenda yfir bestu myndir ársins og fékk meðal annars tvær Golden Globe-tilnefningar á dögunum.
Frumsýning myndarinnar markar að auki nýjan kafla í kvikmyndadreifingu hérlendis, því Græna ljósið blæs til nýrrar sóknar með sýningu myndarinnar. Héðan í frá verða frumsýndar 1-2 óháðar og listrænni myndir í hverjum mánuði allt árið unm kring og auk þess verður „gullnu reglunum" Græna ljóssins beitt við allar sýningar, en þær fela meðal annars í sér að íslenska hléið er afnumið og auglýsingar verða í minna mæli, sem þýðir að sýning myndarinnar byrjar fyrr.



## Horfðu á þetta …

Klukkan 20 á Sirkus er Queen kvöld. Glæný heimildarmynd um Freddy Mercury og strax á eftir henni verða hinir mögnuðu tónleikar Queen á Wembley síðan 1986. Það fíla allir konunga rokksins og því ætti enginn að láta þetta einstaka tækifæri framhjá sér fara. Ekki missa af Freddy og Queen á sérstöku Queenkvöldi á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Það er bara þannig!






# NÁÐU FRAM ÞVÍ BESTA!

***Við hjálpum þér að:***

- *Efla sjálfstraustið*
- *Ná framúrskarandi árangri í mannlegum samskiptum*
- *Bæta tjáningarhæfnina*
- *Efla leiðtogahæfileikana*
- *Draga úr áhyggjum, streitu og kvíða*
- *Setja þér raunhæf og krefjandi markmið*
- *Bæta þig í tímastjórnun*

## KYNNINGARFUNDUR -allir velkomnir:

Þriðjudaginn 9. janúar kl. 20:00-21:15
Ármúla 11, 3. hæð (við hliðina á Broadway).

## NÁMSKEIÐ HEFJAST:

*15. janúar*
*24. janúar* - Leiðtoga- og samskiptaþjálfun fyrir konur
*25. janúar*
*5. febrúar*

***Námskeiðin standa frá kl. 18:00 - 22:00, eitt kvöld í viku í 12 vikur.***

***Sæunn Sylvía Magnúsdóttir, skrifstofustjóri.***

*Á námskeiðinu lærði ég samskiptatækni sem nýtist mér á hverjum einasta degi. Ég lærði að setja mér markmið, að setja eldmóð í verkefni mín og koma hlutunum hraðar í verk. Ég er skipulagðari, hugrakkari og sjálfstraustið er mun meira. Ég er öruggari og hnitmiðaðri í tjáningu.*

*Eftir námskeiðið er ég óhrædd við að takast á við nýjar áskoranir og ég er meðvitaðri um hvernig ég get haft jákvæð áhrif á fólkið í kringum mig. Síðast en ekki síst lærði ég að byggja á styrkleikum mínum sem gerir mig sterkari í leik og starfi.*

DALE CARNEGIE© ÞJÁLFUN
Sími 555 7080

# RÁÐNINGARÞJÓNUSTAN





Ráðningarþjónustan er framsækið fyrirtæki, á traustum 11 ára grunni, sem sérhæfir sig í persónulegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og umsækjenda. Hjá Ráðningarþjónustunni starfa ráðgjafar með sterkan faglegan bakgrunn á sviði mannauðsfræða sem og víðtæka reynslu af íslenskum vinnumarkaði.

Atvinnurekendum stendur til boða að spara dýrmætan tíma, fyrirhöfn og fjármuni við að nýta sér ráðningar- og starfsmannaþjónustu fagfólks og geta með einu símtali sett af stað ferli sem við sjáum svo um að ljúka. Ráðningarþjónustan sér þannig um allt ráðningarferlið, frá upphafi til enda.

**Okkar þjónusta**

- Aðstoð við gerð starfslýsinga
- Gagnagrunnsleit
- Birting auglýsinga á heimasíðu okkar
- Hönnun og gerð auglýsinga í dagblöð
- Svörun fyrirspurna frá umsækjendum
- Fagleg ráðgjöf og þátttaka í ráðningarviðtölum
- Stöðluð viðtöl hjá ráðgjafa
- Sérhæfð viðtalstækni; hegðunartengd viðtöl
- Öflun umsagna
- Persónu- og hæfnismat
- Persónuleikapróf
- Fundaraðstaða
- Aðstoð við gerð ráðningarsamninga
- Túlkun og þýðingar fyrir ensku- og pólskumælandi umsækjendur
- Ráðningarferli lokað og umsækjendum svarað

**Ráðningar**

- Ráðningar í allar stöður frá stjórnendum til almennra starfsmanna
- Ráðningar erlends starfsfólks
- Einstaklingsskönnun (e. headhunting)

**Okkar sérstaða**

- Persónuleg og fagleg þjónusta
- Gagnkvæmur trúnaður
- Sterkur faglegur bakgrunnur ráðgjafa
- Tengsl við erlendar ráðningarstofur
- Öflugur gagnagrunnur
- Þekkt og fjölfarin heimasíða
- Samkeppnishæf verð
- Ábyrgð á ráðningum

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

## Íþróttavörur á góðum afslætti

ALLT UPP Í 70% AFSLÁTTUR ER Í INTERSPORTI, BÆÐI Í HÚSGAGNAHÖLLINNI OG SMÁRALIND.



Þeir sem vilja gera góð kaup í sportfatnaði, hjálmum, sleðum, skíðum eða boltum ættu að geta fengið eitthvað við sitt hæfi í Intersporti. Þar er verulegur afsláttur veittur þessa dagana enda vetrarútsalan nýhafin. Tölur eins og 70% sjást á sumum vörum þegar afslátturinn er skoðaður og svo hleypur hann á tugum niður í 20%. Skíðavörurnar ættu að falla í kramið núna, þótt snjólétt sé í Bláfjöllum. Mikið er eftir af vetrinum enn á voru landi og svo er líka farið að kyngja niður snjó í Ölpunum ef einhver skyldi eiga leið þangað!

Gönguskór eru eitt af því sem kemur sér vel allan ársins hring.



## Fín á þorrablótin

VETRARÚTSALAN ER HAFIN Í VERSLUNINNI NÆS CONNECTION AÐ HÆÐASMÁRA 4 Í KÓPAVOGI.

Þótt jólin séu liðin er ekki þar með sagt að þörfin fyrir glæsifatnað sé úr sögunni. Nú taka þorrablót og árshátíðir við og því er ánægjuefni að geta gert góð kaup í selskapsfatnaði og öðrum fallegum vörum á útsölunum. Ein slík útsala er í versluninni Næs Connection sem er í Hæðasmára 4 í Kópavogi. Þar er mikið úrval af pilsum, toppum, blússum og jökkum sem henta við hvers kyns tækifæri. Allt er það selt með 30% afslætti þessa dagana.

Næs Connection er með falleg föt á 30% afslætti.



## Merkin öll á einum stað

OUTLET 10 Í FAXAFENI 10 BÝÐUR UPP Á ÓDÝRA MERKJAVÖRU Í FATNAÐI ALLAN ÁRSINS HRING. NÚ ER ÞAR RISAÚTSALA OG HÆGT AÐ GERA REYFARAKAUP.

Buxur, peysur, bolir, pils, allt er þetta á stórlækkuðu verði í Outlet 10. Og ekki bara það, heldur líka jakkaföt og dragtir sem hæfa bæði í vinnuna og við hátíðlegri tilefni. Barnafatnaður með virtum merkjum eins og Lego og unglingafatnaður frá Levi's er sömuleiðis á útsölunni. Öll fjölskyldan ætti því að fá eitthvað við sitt hæfi.

Barna- og unglingafatnaður er meðal þess sem fæst á góðu verði í Outlet.



## Ódýrar skólavörur

SKIPTIBÓKAMARKAÐUR GRIFFILS ER HAFINN.

Auk þess sem hægt er að verða sér úti um notaðar skólabækur á góðu verði í Griffli er þar mikið úrval af alls konar skólavörum sem þurfa ekki að kosta mikið. Í versluninni má til dæmis fá sex áherslupenna í pakka á 78 krónur, teygjumöppur á 149 krónur og fjölnotapappír á 279 krónur búntið.

Skiptibókamarkaður Griffils er opinn um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Guðjón Ólafur Jónsson keypti handónýtt jólatré sem var ekki jafn mikið stofudjásn og hann vonaði. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Lítilfjörlegt jólatré

***Guðjón Ólafur Jónsson á ekki langan þingferil að baki en hefur þegar vakið heilmikla athygli á þingpöllum. Guðjón var í jólafríi þegar blaðamaður sló á þráðinn til hans, en var þó alveg til í að rifja upp slæm og góð kaup sem hann hefur gert.***

Guðjón Ólafur segist almennt vera nokkuð heppinn í viðskiptum og geri sjaldan slæm kaup, en honum hafi þó orðið á í desembermánuði þegar fjölskyldan fjárfesti í stofudjásni jólanna.

„Ef ég hugsa um það sem er næst í tíma þá get ég alveg nefnt jólatréð sem ég keypti fyrir jólin, það var ekki upp á marga fiska og virtist vera hálf andvana þegar það fór upp á Þorláksmessu. Það hefur sigið jafnt og þétt á ógæfuhliðina hjá því yfir hátíðarnar og það er óttalega lítilfjörlegt í dag," segir hann, en þvertekur fyrir að hafa sparað sérstaklega við kaupin. „Ég lenti greinilega á einstaklega slæmu jólatré."

Oftast gerir Guðjón Ólafur þó mun betri kaup en þessi, hann nefnir húsið sitt sem dæmi um það. „Við keyptum hús í Grafarholtinu fyrir jólin 2003. Okkur líður mjög vel þar og það hefur reynst okkur vel. Þar áður bjuggum við í eldra húsnæði sem var reyndar líka ágætt. Ég held að ég hafi alla tíð verið nokkuð lukkulegur í fasteignaviðskiptum."

Alþingi verður ekki sett á nýjan leik fyrr en 15. janúar, eru bara rólegheit hjá þingmanninum þangað til? „Það má segja að ég sé í einhvers konar jólafríi, en þessa dagana er auðvitað verið að undirbúa komandi þing."

*valgeir@frettabladid.is*



**Leikskólin Vesturborg, Hagamel 55, 107.**
**óska eftir að ráða starfsfólk til að vinna með börnum. Aðeins ábyrgir og heiðarlegir og hafa áhuga á börnum kma til greina. Upplýsingar gefur Íris leikskólastjóri í s. 693 9834 & 551 7665**

**Kaffi Sólon**
**Kaffi Sólon óskar eftir að ráða starfsfólk í sal og barþjóna. Tekið á móti umsóknum alla daga frá kl 15-18.**

**Bettís**
**Hresst duglegt og áreiðanlegt starfsfólk óskast á kvöldin og um helgar í afgreiðslustörf. Uppl. í s. 899 8212.**

**Bakarí Kópavogi**
**óskar eftir áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslustörf á tvískiptar dagvaktir. Uppl. í s. 899 8212.**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
**Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

**Hárgreiðslufólk ath !!**
**Flott stofa í miðbæ Reykjavíkur er að leita að hárgreiðslusveinum/meisturum í vinnu. Einnig stólar til leigu. Góð staðsetning. Uppl. í síma 899 9964 Hildur & 847 7690 Tóta.**

**Leikskólinn Sjónarhóll**
**Okkur á leikskólanum Sjónarhóli vantar áhugasaman og ábyrgan starfsmann. Við lofum skemmtilegu og síbreytilegu starfi með góðu fólki. Upplýsingar í s. 567 8585 & 693 9813. Bessý Leikskólastjóri.**

**Leikskólinn Ösp**
**Óskar eftir starfsmanni í skilastöðu frá ca. 15.30-17.30 alla virka daga. Áhugasamir vinsamlegast hafi samband við Kristínu leikskólastjóra í s. 557 6989.**

**Serrano Hringbraut - Eldhús**
**Óskum eftir að ráða kokk á Serrano við Hringbraut. Viðkomandi hefur yfirumsjón með eldhúsi staðarins. Vinnutími er virka daga frá 8-16 og annanhvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir sjálfstæðan og dugmikinn einstakling. Lágmarksaldur 20 ár. Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - Nánari upplýsingar veitir Einar Örn í síma 896 9577.**

**Ungur leikari!!**
**Saga Film leitar að leikurum fyrir nýja leikna sjónvarpsþætti. Strákur 11-14 ára. Stelpa 17-21 árs og strákur 17-21 árs.**

**Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Vinsamlegast sendið inn upplýsingar og ljósmynd, andlit + fulla stærð fyrir 15. janar til Saga Film Laugavegi 176, 105 Reykjavík eða harpa@sagafilm.is**

**Hlöllabátar Ingólfstorgi**
**óska eftir starfsfólki á kvöldin og um helgar (næturnar). Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 511 3500 & 861 0500, einnig á staðnum.**

**Kökuhornið í Bæjarlind.**
**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Vantar þig vinnu?**
Okkur vantar hresst fólk í sal. fullt starf eða hlutastarf, Umsóknir liggja frammi í Skipholti 19. Upplýsingar gefur eða 692 4310 Výtas eða 552 2211

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

**Kökubankinn Garðabær**
Starfsfólk óskast til afgreiðslustarfa sem fyrst. Tvískiptar vaktir. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

**Vort daglegt brauð - Hafnarfirði.**
Starfsfólk óskast til afgreiðslustarfa sem fyrst. Tvískiptar vaktir. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

Europris, vantar gott starfsfólk í verslun Skútuvogi 2, upplýsingar gefur verslunarstjóri, 898 3374, Europris.

Byggingarfyrirtæki á suðurlandi óskar eftir að ráða smiði eða verkamenn til vinnu. uppl. í S:8679690.

**Vantar aðstoðarmann**
í vélsmiðju. Upplýsingar í síma 897 2206.

Vantar vanan gröfumann á nýja 16 tonna hjólavél. Uppl. í s. 893 7320 og jon@landbrot.is

Café Roma Kringlunni óskar eftir fólki í fullt starf og hlutastarf. Góð laun og sveigjanlegur vinnutími í boði. Uppl. gefur Halla í s. 690 0557.

Duglegt starfsfólk óskast í skólamötuneyti. Dag og kvöldvinna. Uppl. í s. 892 9814.

Litbrigði vantar málara eða menn vana málningarvinnu. Uppl. í síma 697 9000, Kristján.

Vana sjómenn vantar á 65 tonna netabát. Uppl. í s. 848 4851.

**Meiraprófsbílstjórar**
Vantar góða farþegaflutningamenn. Upplýsingar í s. 822 9944, Gulli.

**Hrói Höttur**
Hringbraut. Óskar eftir starfsfólki í allar stöður. Grill - pizzabakstur -afgreiðslaúkeyrsla. Fólk eldri en 30 ára sérstaklega velkomið. Uppl. í s. 844 6292 og umsóknareyðublöð á staðnum.

Lítið dvalarheimili. Óska eftir að ráða starfsmann, unnin öll venjuleg heimilsstörf. Starfshlutfall samkomlag. Sími 562 1671 & 898 1323.

**Kaffihús**
Starfsfólk óskast í helgar og framtíðarstörf. uppl. gefur Saga s. 5513524

Vantar fólk í eftirtalin störf- Þjónustufólk í sal, bæði í fult starf og svo auka um kvöld og helgar, einnig aukafólk í eldhús. Bistro cafe, Laugavegi 73. Vinsamlegast sendið uppl. á andres@eign.is eða hringið í s. 898 8738.

**Konur á öllum aldri - fullt starf & hlutastarf**
Opnum nýja Ultratone stöð í Faxafeni. Okkur vantar starfsfólk í janúar. Ultratone eru tæki sem senda rafskilaboð til að örva svæði á líkamanum til grenningar og styrkingar. Sjá heimasíðu www.ultratone.is. Ef þú hefur áhuga sendu uppl. um þig til Fréttablaðsins merkt ultratone/faxafen fyrir 10. janúar 2007.

Fatahreinsun óskar eftir starfsm í afgreiðslu unnið virka daga. Uppl. 699 7878, Pálmi.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsfólk í áfyllingar. Vinnutími er dagvinna frá kl. 08.00-17.00. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur og stundvís og þarf að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sendi umsókn á netfangið leo@egils.is fyrir 9. janúar n.k.

Okkur vantar málara í vinnu eða menn vana málningar vinnu. Litalínan ehf S. 898 9591 & 896 5445.

Vantar sölumenn/konur í sölustörf á heilsuvörum. Þekking á mannslíkamanum nauðsynleg. Uppl. í s. 897 2853.

**Ræstingar**
Vantar starfsfólk í 50-100% starf við ræstingar á daginn og kvöldin. Upplýsingar í síma 824 1450 milli 9-17 á daginn.

Starfsfólk óskast á grill og í afgreiðslu. Kjúklingastaðurinn Suðurveri. Uppl. í s. 690 2765.

Leikskólinn Lyngheimar í Grafarvogi óskar eftir starfsfólki í fullt starf frá kl 9 -17 starfið er laust strax. Aðeins ábyrgir starfsmenn með áhuga á að vinna með börnum koma til greina. Upplýsingar gefa Júlíana og Kristín í símum 567 0277, 693 9850 & 846 8779.

**Rafvirki óskast.**
Óska eftir að ráða vanan rafvirkja til starfa sem fyrst. Nýlagnir og breytingar. Uppl. í s. 898 5808.

## Atvinna óskast

**Smiður**
Get bætt við mig smærri verkefnum. Uppl. í s. 691 8842.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Hann Kisi, svartur/hvítur stór og fallegur, tapaðist á aðfangadag jóla úr Skipasundinu. Hann er eyrnamerktur ROH 155 en hann var ekki með hálsól. Vonandi hefur einhver séð hann og hafið þá vinsamlega samband við Björgvin í s. 867 6392.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## Tilkynningar

Kærleikssetrið

**Kynningarfundur**
**Kynningarfundur verður haldinn laugardaginn 6. janúar kl. 14. Vorstarfið verður kynnt og hópastarf, og verður hægt að skrá sig í hópa. Kærleikssetrið Álfabakki 12, Mjódd, 2. hæð.**

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

TANTRA
ERÓTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS




**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

## TILKYNNINGAR

**Auglýsing um niðurstöðu sveitarstjórnar Flóahrepps á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015 og deiliskipulagi í landi Galtastaða sbr. 3. mgr. 18. gr. skipulags-og byggingarlaga**

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt að hafna tillögu að breytingu aðalskipulags Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015 og tillögu að deiliskipulagi í landi Galtastaða, Flóahreppi.
Tillögurnar voru auglýstar samhliða og lágu frammi til kynningar á skrifstofu Flóahrepps frá 20. september til 18. október 2006.
Frestur til að skila inn athugasemdum var til 1. nóvember 2006 og bárust fimm athugasemdir.
Sveitarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína.
Skipulagsstofnun hefur verið send niðurstaða afgreiðslu sveitarstjórnar sbr. 21. og 25. gr skipulags-og byggingarlaga svo og hlutaðeigandi aðilum.

## Til leigu: Bolholt 4, Reykjavík.

**(Áður Ísleifur Jónsson ehf.)**
**Næsta hús á milli Laugavegs 180 og Kauphallar Íslands.**

***Eftirtaldir hlutar í húsinu eru lausir:***

| | |
|---|---|
| 1. h. austur. Verslunarhúsnæði | 245 fm. |
| 2. h. austur. Iðn. eða skrifst.húsn. | 187 fm. |
| 2. h. vestur. Iðn. eða skrifst.húsn. | 219 fm. |
| 1. h. bakhús. Vörusk. óupphituð. | 250 fm. |

Leigist í ofangreindum hlutum eða saman.
Innangengt á milli eins og er , tvennar vörudyr á 2. hæð, bakvið, en innkeyrslud. á skemmu.

***Uppl.: Ragnar Aðalsteinsson fh. Grensás ehf. Sími 893-8166. Netfang: grensas@isl.is***

Frum

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega.**

**Stórmarkaður í stofunni heima.**

**PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS**

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá



# Hótel Örk - ATVINNA



Óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf:

**Gestamóttaka (Dagvinna):**
Vinnutími frá klukkan 07.00 - 19.00
*Hæfniskröfur:*
- Almenn tölvukunnátta
- Íslenska, enska og helst eitt norðurlandamál.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Þjónar:**
Þjónusta í veitinga, funda og ráðstefnusölum hótelsins
*Hæfniskröfur:*
- Íslenska, enska og helst eitt norðurlandamál.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknir skulu sendast Sigurði hótelstjóra á netfangið sigurdur@hotel-ork.is og veitir hann nánari upplýsingar í síma 483 4700.

*Hótel Örk*
*Hveragerði*
*www.hotel-ork.is*
*info@hotel-ork.is*

HÓTEL ÖRK

JB Byggingafélag

## Smiðir

**Óskum eftir smiðum í mælingu eða tímavinnu - næg verkefni framundan**

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð. Sterkt og gott fyrirtæki

Upplýsingar gefur Kári Bessason í síma 693-7004 en einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

## Hjúkrunarfræðingar

**SÁÁ óskar eftir að ráða áhugasama hjúkrunarfræðinga í fastar stöður til starfa sem fyrst við Sjúkrahúsið Vog.**

Á Sjúkrahúsin Vogi er starfrækt afeitun og meðferð áfengis og vímuefnasjúkra. Þar eru 70 sjúkrarúm af þeim eru 11 á sérstakri deild fyrir ungt fólk. Auk þess er starfandi við Sjúkrahúsið göngudeild og bráðamóttaka.

Nú þurfum við að fjölga í hjúkrunarfræðingahópnum, þurfa að geta unnið nætur og/eða helgarvaktir. Stöðuhlutfall samkomulag. Góð kjör í boði, góð vinnuaðstaða og umhverfi.

Við hvetjum þá hjúkrunarfræðinga sem eru að hugsa um að breyta til í starfi þessa dagana að hafa samband við okkur og líta á aðstæður og ræða málin.

Nánari upplýsingar veitir Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri SÁÁ **thora@saa.is** í síma 824 7615

NÁMSKEIÐ

# Námskeið

**vegna leyfis til að gera eignaskiptayfirlýsingar.**

Námskeið í gerð eignaskiptayfirlýsinga hefst 15. janúar 2007. Kennt verður 15. janúar-24. janúar 2007, mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga, kl. 09:00-16:00. Próf verður 3. og 5. febrúar 2007. Námskeiðið er haldið samkvæmt lögum um fjöleignarhús og reglugerð um leyfi til að gera eignaskiptayfirlýsingar.

Þátttöku ber að tilkynna til Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, Dunhaga 5, 107 Reykjavík, sími 525 4444, í síðasta lagi mánudaginn 8. janúar 2007. Námskeiðsgjald er kr. 95.000 og prófgjald kr. 31.000. **Fyrirvari er gerður um næga þátttöku.**

*Prófnefnd eignaskiptayfirlýsinga*

TILKYNNINGAR

# AUGLÝSING
## UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU
### Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða-og Gnúpverjahreppi.

**Samkvæmt 1.mgr 21.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**
**Virkjanir í Þjórsá, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

*Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Breytingin tekur til svæða þar sem skipulagi var frestað vegna óvissu um fyrirkomulag virkjanaframkvæmda í Þjórsá, þ.e.a.s. hvort að virkja ætti í einu þrepi með Núpsvirkjun eða í tveimur þrepum með Hvammsvirkjun og Holtavirkjun.*
*Í breytingunni er gert ráð fyrir að virkjað verði í tveimur þrepum sem felur í sér að stöðvarhús fyrirhugaðra virkjana verða í Rangárþingi Ytra en hluti tveggja virkjunarlóna ná inn í Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Svokallað Árneslón verður um 670 ha að stærð og Hagalón um 460 ha og er u.þ.b. helmingur þeirra innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Auk svæða undir lón er gert ráð fyrir fjórum nýju efnistökusvæðum og einu haugsvæði.*
*Á svæði þar sem skipulagi var frestað vegna hugsanlegrar Núpsvirkjunar (aðrennslisgöng og haugssvæði) er nú gert ráð fyrir landnotkuninni landbúnaðarsvæði og svæði fyrir frístundabyggð.*
*Auk breytinga í tengslum við Hvammsvirkjun og Holtavirkjun er gert ráð fyrir að fyrirhugað setlón vegna Urriðafossvirkjunar verði fellt út.*

**Skipulagstillagan liggur frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 5. janúar til 2. febrúar 2006. Einnig er hægt að nálgast tillöguna á slóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar auk þess sem hægt er að óska eftir því við skipulagsfulltrúa að fá tillöguna senda með tölvupósti.**
**Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 16. febrúar 2006 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.**

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu**
**29. desember 2006**

## Styrktarfélag vangefinna

# Störf í Búsetu

Starfsmenn óskast til starfa á heimili í Fýlshólum. Um er að ræða kvöld-, helgar- og næturvaktir í hlutavinnu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veita Margrét Guðnadóttir í síma 699-8409 og Henný Gústafsdóttir í síma 551-4478.

Starfsmenn óskast til starfa á heimili í Barðavogi. Um er að ræða 67% og 21% starfshlutfall og vinnutíminn er á kvöldin og um helgar. Staðan er laus frá 01.01.07 og upplýsingar veitir Þóra Þórisdóttir í síma 553-1726 og 822-0158.

Starfsmann vantar í 20% starf á heimili á Hátegsvegi. Um er að ræða vaktir alla mánudaga og annan hvorn þriðjudag. Staðan er laus frá 01.01.07 og upplýsingar veitir Hrefna Sigurðardóttir í síma 551-0014 og 1230.

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að leiðbeina og styðja íbúa í daglegu lífi

Upplýsingar um Stykrtarfélagið má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is

Laun eru greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum.

# DRAUMAHELGIN

## *Í sápukúlu um heiminn*

„Ég hæfi mína draumahelgi á því að fara í ferðalag í stórri sápukúlu ásamt góðu fólki,“ segir Sveinbjörg Bjarnadóttir, ljósmyndari og uppfinningakona, og bætir því við að þessi sérkennilegi ferðamáti yrði fyrir valinu vegna þess hversu friðsælt er inni í sápukúlum.

„Við hefðum fyrst viðkomu á einhverri fallegri strönd þar sem við færum að veiða, svo sem ekkert ákveðið heldur eitthvað gott sem hlypi á snæri,“ heldur Sveinbjörg áfram. „Svo borðuðum við, drykkjum kampavín, spiluðum og færum á gott trúnó.“

Daginn eftir ferðaðist hópurinn í sápukúlunni í fallegan skóg, þar sem hann færi í lautarferð. „Skógurinn væri þéttur og grænn og sól í heiði,“ útskýrir Sveinbjörg. „Þarna væri fínasti bjálkakofi sem við gætum haldið áfram að spila í og haft náttstað á.“

Sunnudeginum myndi Sveinbjörg vilja verja með sambýliskonu sinni, Kristínu Ómarsdóttur, í þyrluflug. „Kristín er raunverulega mjög lofthrædd en hefði sigrast á óttanum um helgina,“ útskýrir hún. „Við skiptumst meira að segja á að flújga á þyrlunni og á gólfinu væri gluggi sem við gætum horft niður um. Við myndum síðan lenda þyrlunni í fallegum afdal, en framhaldið yrði óráðið.“ - rve



Sveinbjörgu Bjarnadóttur ljósmyndara langar í bjálkakofa í fallegum skógi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA


**Markaðsstofan**

► Markaðs- og rekstraraðstoð við fyrirtæki og stofnanir

► Fjárhagsaðstoð við einstaklinga og smærri fyrirtæki

*Föst verðtilboð – engin kostnaður*

Markaðsstofan ehf, Nethyl 2d, 110 Reykjavík
s: 517 7701 / markadsstofan@markadsstofan.is


## VISSIR ÞÚ

... að hávöxnustu leikarar sem nú starfa í Hollywood eru Vince Vaughn, Christopher Lee og Clint Eastwood sem allir eru 194 cm á hæð?

... að þrjár hávöxnustu stjörnuleikkonur í Hollywood eru Sigourney Weaver, Brigitte Nielsen og Geena Davis sem allar eru 182 cm á hæð?

... að stysti leikarinn í Hollywood er Verne Troyer? Hann er frægastur fyrir leik sinn í Austin Powers og er aðeins 81 cm á hæð.

... að Errol Flynn var sannarlega góðkunningi lögreglunnar á sínum tíma?

... að hann fékk sinn fyrsta fangelsisdóm fyrir að gefa kínverskum manni á lúðurinn vegna þess að hann gleymdi að segja „herra“?

... að hann var settur á bak við lás og slá fyrir að myrða mann? Hann varði sig sjálfur fyrir dómi og náði fram sýknu þar sem ákæruvaldinu láðist að finna líkið af hinu meinta fórnarlambi?

... að hann þurfti að dvelja nótt í tukthúsi í borginni Djíbútí við Rauðahaf, fyrir að lúskra á tollverði?

... að hann trampaði á fæti lögregluþjóns þegar sá dirfðist að biðja um eiginhandaráritun?

... að hæstu laun sem greidd hafa verið fyrir mínútuleik í auglýsingu eru 6,505 milljónir króna? Það var taxtinn sem Nicole Kidman setti upp þegar hún kom fram í fjögurra mínútna langri auglýsingu fyrir ilmvatnið Chanel no. 5 árið 2003. Fékk hún alls 262 milljónir króna fyrir vikið.

... að hæstu árstekjur poppstjörnu í sögunni eru milljónirnar 8.826 sem Michael Jackson sankaði að sér 1989?

... að Japan er mesta myndasöguþjóð heims? 40 prósent af öllu prentuðu efni í Japan eru mangateiknimyndasögur en þar eru gefin út 13 slík blöð vikulega, 10 á hálfsmánaðar fresti og 20 mánaðarlega.

... að farsælasta myndasagan sem flutt hefur verið yfir á hvíta tjaldið er án efa Köngulóarmaðurinn? Miðasölutekjur í Bandaríkjunum af myndinni námu röskum 403 milljónum dala.

... að lengsta skáldsaga heims heitir Á la Récherche du temps perdu (Í leit að glötuðum tíma)? Skáldsagan er eftir Macel Proust og er 9.609.000 stafabil að því er talið er.

... að bækur eftir L. Ron Hubbard frá Bandaríkjunum hafa verið þýddar á 65 tungumál?

... að brasilíski rithöfundurinn José Carlos Tyoki De Alpiom Inoue hefur gefið út 1.058 skáldsögur?

*Heimild: Heimsmetabók Guinnes*




# Valgerði Bjarnadóttur svarað

**UMRÆÐAN**
Samgöngumál

Frambjóðendur og þingmenn Samfylkingarinnar eru byrjaðir í kosningabaráttu vegna þingkosninganna í vor. Það má merkja á málflutningi þeirra og skrifum um þessar mundir.

Valgerði Bjarnadóttur er nokkuð niðri fyrir í grein í Fréttablaðinu 2. janúar þar sem henni virðist hafa verið falið það verkefni af Samfylkingunni að gagnrýna samgönguráðherrann. Hún skrifar um klúður í samgöngumálum. Telur hún að samgönguráðherra (fyrir utan það að vera fúlan) skilji ekki að lög megi sín lítils ef framkvæmd þeirra er í molum og telur sig geta nefnt dæmi um slíkt. Þar nefnir hún m.a. fyrstu skref Flugstoða ohf. og þá miklu breytingu sem er verið að gera á skipulagi flugmála í landinu.

Ég tek ekki nærri mér köpuryrði Valgerðar Bjarnadóttur en leyfi mér hins vegar að svara hiklaust og bera af mér sakir. Ég tel ekki verk mín sem stjórnmálamanns vera hafin yfir gagnrýni fremur en verk annarra manna. Ég svara hins vegar ef mér finnst réttu máli hallað.

### Óraunhæfar kröfur

Greinarhöfundur segir allt benda til að vegna þess sem hún kallar klúður muni flugumferðarstjórn í háloftunum á norðurhveli flytjast úr landi. Hún spyr hvort hugsanlegt sé að störfin flytjist úr landi vegna þess að flugumferðarstjórar, sem ekki vilja ráða sig til Flugstoða, geri óraunhæfar kröfur. Það er einmitt mergurinn málsins og augljóst að greinarhöfundur hefur ekki fylgst með. Hún ræðst gegn samgönguráðherranum án þess að kynna sér málavexti. Ég hef sagt að það sé algjörlega óviðunandi að fallast á kröfur formanns Félags ísl. flugumferðarstjóra um tuga prósenta launahækkun við það eitt að störf flytjast frá ríkinu til opinbera hlutafélagsins Flugstoða. Þetta hefði þýtt að meðallaun flugumferðarstjóra gætu hækkað úr um 740 þúsund krónum í um 900 þúsund á mánuði.

Stefnan er skýr í þessu máli. Opinbera hlutafélagið Flugstoðir tekur að sér flugumferðarþjónustu og rekstur flugvalla sem áður var sinnt af Flugmálastjórn Íslands. Flugmálastjórn sinnir stjórnsýslu og eftirliti á öllum sviðum flugmála. Þessi breyting var ekki gerð og undirbúin á einni nóttu og ekki umræðulaust. Tilgangur hennar er annars vegar að mæta alþjóðlegum kröfum um aðskilnað eftirlits og þjónustu og hins vegar að auka sveigjanleika og hagkvæmni í þessari þjónustu. Meðal annars til þess að geta mætt betur samkeppni í flugumferðarþjónustu yfir Norður Atlantshaf.

Nú hefur lausn fengist í málinu. Stjórn Flugstoða stóð gegn kröfum sem forráðamenn Félags ísl. flugumferðarstjóra hafa ítrekað sett fram síðustu daga og vikur enda kjarasamningur ekki laus. Aðeins var fallist á að hnýta betur nokkra hnúta varðandi lífeyrisréttindi. Ef þessi lausn er klúður að mati Valgerðar Bjarnadóttur þá má það heita svo mín vegna. Það er sérkennilegt að Valgerður Bjarnadóttir skuli vera tilbúin til þess að skeiða fram á ritvöllinn til þess að mæla slíku háttalagi bót og leggja til að látið verði undan kröfum eins hóps á kostnað annarra sem hafa fallist á að hefja störf og ganga inn í gildandi samninga. Það verður að hafa það þótt samfylkingarfólk eins og Valgerður gagnrýni störf mín í þessu tilliti. Hún fellur þar í sömu gryfjuna og Jón Bjarnason alþingismaður sem vildi láta samgöngunefnd Alþingis skerast í leikinn og hætta við allt saman.

### Nýr sæstrengur undirbúinn

Valgerður Bjarnadóttir ræðir einnig fjarskiptatengingar landsins við umheiminn. Rétt er að truflun varð á dögunum á fjarskiptasambandi vegna bilunar í sæstreng. Mjög áríðandi er orðið í nútímaþjóðfélagi að geta átt örugg og ótrufluð samskipti við umheiminn á netheimum. Þess vegna hefur nú verið ákveðið að ráðast í undirbúning á lagningu nýs sæstrengs til viðbótar við Farice-1 og Cantat-3. Með því er sambandið tryggt.


STURLA BÖÐVARSSON

Sæstrengirnir tveir eru reknir af hlutafélögum sem eiga ekki og mega ekki njóta ólögmætra ríkisstyrkja. Huga þarf að fjármögnun og hvernig verkinu verður best hrint í framkvæmd. Eigendur sæstrengjanna hafa hins vegar orðið að gæta þess að leggja ekki í offjárfestingu á þessu sviði því gjald á fjarskiptaumferðina, á notkunina á samskiptaleiðunum má ekki verða alltof hátt. Á þetta hefur verið m.a. bent að forsvarsmönnum RH-netsins sem eru talsmenn rannsókna, heilbrigðis- og menntastofnana sem nýta sér netið og tengingar til útlanda. Kostnaðurinn við lagningu strengjanna er borinn uppi af notendum eins og gerist á frjálsum markaði. Nokkuð sem Valgerður Bjarnadóttir ætti að vita í ljósi þess hve lengi hún starfaði í Brussel þar sem regluverkið er undirbúið. Hún ætti einnig að vita að það er verkefni ESA að sjá til þess að ólögmætir ríkisstyrkir eigi sér ekki stað. En undirbúningur að lagningu nýs strengs er að komast í farveg og ég vonast til að við munum fá nýjan sæstreng fyrir árslok 2008. Ef þetta er klúður þá má það heita það mín vegna.

### Vegamálin

Í lok greinar sinnar tekur Valgerður fyrir vegamálin og telur forgangsröðun þar ranga. Þar sýnist sitt hverjum og verður jafnan svo. Stefnan er mörkuð hverju sinni í samgönguáætlun sem Alþingi samþykkir. Sameiginlegt markmið allra framkvæmda í vegamálum er að greiða mönnum leið, auka hagkvæmni í flutningum og auka umferðaröryggi. Vitaskuld þarf að leggja mest fjármagn í framkvæmdir þar sem umferð er mest. Það hefur verið gert. En við getum heldur ekki horft framhjá nauðsynlegum framkvæmdum á landsbyggðinni. Þær snúast líka um öryggismál viðkomandi byggðarlaga rétt eins og stórframkvæmdir á suðvesturhorni landsins. Þess vegna þarf líka að sinna þeim. Það er þekkt og sannað með skrifum margra samfylkingarmanna að þeir vilja fæstir sinna málefnum landsbyggðarinnar og telja allt eftir sem fer í samgöngubætur þar.

Óvíst er að við Valgerður Bjarnadóttir verðum sammála um forgangsröðina í þessum efnum. Og ég tek undir með henni að í ráðuneytinu starfar gott fólk og hæft og ekki síður í stofnunum samgöngumála sem heyra undir ráðuneytið. Það góða fólk hefur náð miklum árangri og ég er stoltur af því að hafa fengið tækifæri til þess að stýra samgönguráðuneytinu í nærri átta ár og náð jafn miklum og góðum árangri í vegamálum, flugmálum, fjarskiptamálum og ferðamálum og raun ber vitni. Ég fagna umræðu um þessi máefni og get stundum jafnvel skemmt mér yfir henni. Ég spyr bara hvar er klúðrið? Og er það ekki einhver annar en samgönguráðherrann sem er fúll og hefur allt á hornum sér?

Að lokum óska ég Valgerði Bjarnadóttur góðs gengis á nýju ári.

*Höfundur er samgönguráðherra*





*Innilegar þakkir til til allra þeirra sem sýndu okkur ómetanlega hlýju og samúð við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ragnhildar Ingvarsdóttur**
Engjavegi 28, Selfossi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks taugadeildar L.S.H. í Fossvogi og starfsfólks Sjúkrahúss Suðurlands á Selfossi fyrir alúð og frábæra umönnun.

**Hafsteinn Þorvaldsson**
**Þorvaldur Guðmundsson** **Hjördís Leósdóttir**
**Ragnheiður Hafsteinsdóttir** **Birgir Guðmundsson**
**Þráinn Hafsteinsson** **Þórdís Lilja Gísladóttir**
**Aðalbjörg Hafsteinsdóttir** **Ólafur Óskar Óskarsson**
**Vésteinn Hafsteinsson** **Anna Östenberg**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elín Margrét Sigurjónsdóttir**

lést 28. desember. Útför hennar fer fram frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 6. janúar kl. 13.00.

**Sigríður Birna Birgisdóttir**
**Ingibjörg Birgisdóttir**
**Sveinbjörn Birgisson**
**Sigurjón Halldór Birgisson**
**Sævar Birgisson**
**Rúnar Birgisson**
**tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigrún Guðmundsdóttir**
Eiði, Eyrarsveit, Rósarima 2,

lést á Landspítalanum Hringbraut að morgni 2. janúar. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 9. janúar kl. 13.00.

**Bryndís Theodórsdótir** **Guðni E. Hallgrímsson**
**Þröstur Theodórsson** **Áslaug Árnadóttir**
**Lilja Theodórsdóttir** **Birgir Guðmundsson**
**Hrönn Theodórsdóttir** **Davíð Heiðberg**
**Freyja Theodórsdóttir**
**Sveinn Theodórsson** **Ellen María Þórólfsdóttir**
**og barnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, dóttir, systir og mágkona,*

**Jóhanna Björnsdóttir**
læknir, Bergþórugötu 9, Reykjavík,

lést af slysförum laugardaginn 30. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ásta Ásbjörnsdóttir** **Hulda Ásbjörnsdóttir**
**Jónína Ósk Pétursdóttir**
**Pétur Björnsson** **Margrét Þorvaldsdóttir**
**Hólmsteinn Björnsson** **Þorgerður Ása Tryggvadóttir**
**Guðrún R. Björnsdóttir**
**Lilja V. Björnsdóttir** **Jón Ómar Finnsson**
**Birna Björnsdóttir** **Ríkharður Reynisson**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir og amma,*

**Sigrún J. Jóhannsdóttir**
Mávahlíð 36, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 29. desember. Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 5. janúar kl. 15.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð hjúkrunarþjónustu Karítas, sími 551 5606 milli kl. 9 og 10.

**Sigurður J. Stefánsson**
**Jóhann Kristján Kristjánsson** **Anna B. Gunnarsdóttir**
**Ingólfur Davíð Sigurðsson** **Rósa Árnadóttir**
**og barnabörn.**

**IÐUNN STEINSDÓTTIR RITHÖFUNDUR ER 66 ÁRA Í DAG**

*Áhrif bernskuáranna eru sterk og varanleg, þau eru grunnurinn og þau eru undirliggjandi í bókunum mínum hvort sem ég vil eða ekki.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, bróður míns, föður okkar, tengdaföður, afa, langafa,*

**Bergsteins Jónssonar**
Prófessors emeritus.

Með ósk um gleðileg jól og farsælt nýtt ár.

**Guðrún Þórey Jónsdóttir**
**Auður Bergsteinsdóttir** **Ólafur Árni Traustason**
**Soffía Sigríður Karlsdóttir** **Sigurður Jónasson**
**Hilmar Karlsson** **Brynja Kærnested**
**Guðrún Árný Karlsdóttir** **Sveinbjörn Enoksson**
**Bergsteinn Karlsson**
**Ólafur Finnbogi Ólafsson**
**Jón Bergsteinsson**
**Bergsteinn Jónsson** **Bára Hólmgeirsdóttir**
**Anna Bergsteinsdóttir** **Ólafur Sigurðsson**
**Oddrún Ólafsdóttir**
**Björg Ólafsdóttir**
**Karl Friðrik, Ólöf Sandra, Glódís, Bjartur og Enok,**
**Gunnar Jónsson og fjölskylda.**



*Okkar ástkæri*

**Hólmgeir Björnsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans á jóladag.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Hansína Jóna Traustadóttir**
**Sigurborg Íris Hólmgeirsdóttir** **Árni Eiríkur Bergsteinsson**
**Kristín Elísabet Hólmgeirsdóttir** **Agnar Birkir Helgason**
**Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir** **Pétur Kristmanns**
**Vigdís Birna Hólmgeirsdóttir** **Sigurjón Magnússon**
**Hanna Kristín Árnadóttir, Lína Rut Árnadóttir,**
**Hólmgeir Gauti Agnarsson, Helgi Björn Agnarsson,**
**Agnes Lea Agnarsdóttir,**
**Guðlaugur Geir Kristmanns og Ríkharður Kristmanns.**

Útförin hefur farið fram. Þökkum samúð og vinarhug.



*Útför elskulegs eiginmanns míns, föður, sonar, bróður, barnabarns, frænda og vinar,*

**Torfa Freys Alexanderssonar**

sem lést 13. desember 2006, fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 8. janúar kl. 13.00.

**Renata Edwardsdóttir**
**Karólína Vilborg Torfadóttir**
**Hafdís Lilja Torfadóttir**
**Alexander Valdimarsson**
**Hafdís Lilja Pétursdóttir** **Ágúst Guðmundsson**
**Bjarki Þór Alexandersson** **Elín Jónsdóttir og Óliver**
**Soffía Bæringsdóttir** **Helgi Hafsteinsson**
**Hlynur Bæringsson** **Unnur Edda Davíðsdóttir**
**Valdimar Ólafsson** **Helga Árnadóttir**
**Vilborg Torfadóttir**
**frændfólk og vinir.**



**FRIÐRIK VALUR KARLSSON** Var nýverið kjörinn Norðlendingur og Akureyringur ársins. MYND/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

## FRIÐRIK V. KARLSSON: HEIÐRAÐUR NYRÐRA

# Afar stoltur

Matreiðslumeistarinn Friðrik V. Karlsson var nýverið kjörinn Norðlendingur og Akureyringur ársins. Hlustendur svæðisútvarpsins á Akureyri kusu hann Norðlending ársins en fjölmiðlafólk í svæðissjónvarpinu N4 valdi hann Akureyring ársins.

Ástæðan fyrir valinu er aðallega sú að veitingastaður Friðriks á Akureyri, Friðrik V, var valinn einn af hundrað athyglisverðustu svæðisbundnu veitingastöðum heims af bandarísku samtökunum Slowfood. „Í framhaldi af því fór ég til Ítalíu og sat málþing á hátíð sem er haldin þar annað hvert ár,“ segir Friðrik, sem segist vera rosalega stoltur af viðurkenningunum tveimur. „Akureyringar hafa greinilega meiri áhuga á þessu en margir halda. Ég er líka ofurstoltur af þeim matvælum sem eru framleidd hér á svæðinu,“ segir hann.

Að sögn Friðriks voru þúsund kokkar valdir til að koma til Ítalíu en hann sjálfur var einn af hundrað sem sátu málþingið. „Við funduðum og lögðum upp með hvernig við vildum sjá matvælageirann í framtíðinni. Slowfood er alltaf að hugsa um að borða ekki bara hreinan og góðan mat heldur líka að vitja upprunans,“ segir Friðrik.

Á nýju ári hvetur Friðrik almenning til að líta til baka og heiðra gamla matinn og gamla hráefnið. „Ég vil að fólk fari að elda kjötsúpu oftar og saltkjöt og baunir. Þetta eru bæði fallegar og góðar hefðir. Sumt af þessu er nánast í útrýmingarhættu.“ freyr@frettabladid.is



*Móðursystir mín,*

**Lilja Jónsdóttir**
hárgreiðslumeistari,

sem lést á heimili sínu, hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Garðabæ 28. desember sl., verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 8. janúar nk. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Holtsbúðar, sími 535 2200.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Karl Eiríksson.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorsteinn M. Árnason**
frá Miðfjarðarnesi, Skeggjastaðahreppi,

verður jarðsunginn frá Skeggjastaðakirkju mánudaginn 8. janúar kl. 14.00.

**Kristín Þorsteinsdóttir** **Kristján Jónsson**
**Hugrún Þorsteinsdóttir** **Rafn Gunnarsson**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sölvína Herdís Jónsdóttir,**
Lyngholti, Ólafsfirði,

síðar Dvalarheimilinu Ási, Hveragerði, andaðist 2. janúar. Minningarathöfn verður haldin í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu í dag, 5. janúar, kl. 13.00. Jarðsungið verður frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 13. janúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Hjálparstarf kirkjunnar.

**Kristján Reykdal**
**Guðfinna Ólöf Friðriksdóttir** **Gunnar Ágústsson**
**Margrét Friðriksdóttir** **Einar Gestsson**
**Hildur Friðriksdóttir** **Gylfi Ólafsson**
**Jón Sveinn Friðriksson** **Jóna Gunnarsdóttir**
**Auður Regína Friðriksdóttir** **Sævar Anton Hafsteinsson**
**Eygló Friðriksdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**




# ALLT Í STEIK

*4. janúar - 28. febrúar*



4ra rétta matseðill ásamt sértilboði á vínum

*Verð frá* **3.990 kr.**

Hægt er að panta nautalund Bourguinonne, lambahrygg, kjúklingabringu eða **– í fyrsta sinn á Íslandi – Pétursfisk *(John Dory)*.**

*Borðapantanir í síma 562 0200*

## Þorraganga
*19. janúar*

Hin árlega Þorraganga Perlunnar um Öskjuhlíðina. Eftir gönguna bíður heitt rommkakó og hefðbundið þorrablót með öllu tilheyrandi; súru, nýju, reyktu, kæstu og sterku!

## Sjávarréttahlaðborð
*Hefst í mars*

Sjávarréttahlaðborð Perlunnar er einstakt tækifæri til að upplifa nýjungar í matargerð ólíklegustu skelfisk og fisktegunda. Margverðlaunaðir matreiðslumeistarar Perlunnar útbúa yfir 30 tegundir heitra og kaldra fiskrétta. Hér finna allir eitthvað við sitt hæfi.

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - S: 562 0200 - Fax: 562 0207 - Netfang: perlan@perlan.is - Heimasíða: www.perlan.is









## STUÐ MILLI STRÍÐA Hvenær varð allt of mikið ekki nóg?

**TRYGGVI GUNNARSSON** FURÐAR SIG Á PENINGAÞÖRF MILLJÓNAMÆRINGA



Hver hefur ekki velt fyrir sér hvað hann eða hún myndi gera ynni hann eða hún milljarð í lottó? Einhverja dreymir um að hætta í vinnunni, aðra dreymir um heimsreisur, á meðan sumir sjá villur og Benza á Arnarnesinu í hillingum.

Fyrir milljarð geturðu gert þetta allt, og gott betur. 100 millur í hús, 2 milljónir í ferðalagið, 10 í bílinn, og 300.000 þúsund í laun á mánuði næstu 60 árin (maður þarf ekki meira þegar það eru engar afborganir af húsinu eða bílnum). Þetta gera 328 milljónir. Þá eru enn 672 milljónir eftir. Ef þær fara í bankann á reikning með 5 prósenta vöxtum fást 33,6 milljónir á ári í vexti sem hægt er að nýta í frekari ferðalög og áhugamál.

Það sér hver heilvita maður að ekki þarf meira en milljarð til að lifa eins og kóngur. Ef meiru er spanderað í munað verður hann hversdagslegur og tilgangslaus. Kavíar bragðast ágætlega en ekki þegar hann er í morgunmat, hádegismat, kaffi, og kvöldmat.

Ég á engan milljarð og ég held að ég geri Kaupþing ekki mistök í tölvukerfinu, og nái ég ekki að flytja peningana á bankareikning á Kúbu áður en mistökin uppgötvast, eignist ég aldrei milljarð. Ég er ekki ósattur við það. Mér duga fyllilega þessar 328 milljónir.

Í staðinn fyrir milljarðinn held ég í barnslegu trú mína. Þegar ég var lítill hélt ég nefnilega að sá sem stofnaði fyrirtæki gerði það til að geta átt þak yfir höfuðið, jeppa, og riddaraplaymoið sem hægt var að kaupa. Fyrirtækið væri líka stofnað svo allir starfsmennirnir gætu fengið laun og allt nema playmoið. Ég trúi þessu enn.

Þið sem haldið að hlutverk fyrirtækja sé að eigandinn geti grætt sem mest og eignast sem flest hafið líklega rétt fyrir ykkur. Ég held að Jóni Ásgeiri sé svo sem slétt sama hvort ég eignist jeppann eða ekki. En mikið hlýtur hann að eiga ofboðslega mikið af riddaraplaymo. Hvað annað ætti hann að gera við peningana?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Verðhrun!

## á raftækjum og húsgögnum

### Fyrstur kemur fyrstur fær

## Allt að 42% afsláttur af raftækjum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Exido brauðrist | 2,990 kr. | ~~3,990~~ kr. | 25% |
| Melissa matvinnsluvél m/blandara | 2,990 kr. | ~~3,990~~ kr. | 25% |
| United 21" sjónvarp með DVD | 16,990 kr. | ~~24,990~~ kr. | 32% |
| Euroline digital útvarp | 3,990 kr. | ~~6,990~~ kr. | 42% |
| Olympus MJU700SIL myndavél | 19,990 kr. | ~~24,990~~ kr. | 20% |

## Allt að 80% afsláttur af húsgögnum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Svefnsófi | 14.995 kr. | ~~29.990~~ kr. | 50% |
| Svefnsófi með púðum | 17.495 kr. | ~~34.990~~ kr. | 50% |
| Stóll með snúningi | 6.495 kr. | ~~12.990~~ kr. | 50% |
| Relax sófasett 3+1+1 | 144.950 kr. | ~~289.900~~ kr. | 50% |
| Relax sófi 3ja sæta | 84.950 kr. | ~~169.900~~ kr. | 50% |
| Relax sófi 2ja sæta | 82.450 kr. | ~~164.900~~ kr. | 50% |
| Relax stóll | 42.450 kr. | ~~84.900~~ kr. | 50% |
| Rúm 90x200 | 25.740 kr. | ~~42.900~~ kr. | 40% |
| Rúm 120x200 | 32.940 kr. | ~~54.900~~ kr. | 40% |
| Rúm 150x200 | 40.140 kr. | ~~66.900~~ kr. | 40% |
| Hornsófasett | 86.400 kr. | ~~144.000~~ kr. | 40% |
| kommóða | 13.600 kr. | ~~40.000~~ kr. | 66% |
| Meubar borðstofuborð | 19.996 kr. | ~~49.990~~ kr. | 60% |
| Sea borðstofuborð | 27.960 kr. | ~~69.990~~ kr. | 60% |
| Skinnklæddur skenkur | 21.998 kr. | ~~109.990~~ kr. | 80% |

**Raftæki fást í Kringlu, Smáralind og á Akureyri.**

**Húsgögn eru einungis fáanleg í Smáralind og á Akureyri.**

HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*

**Kl. 14.00**

*Myndlistarmennirnir Sirra Sigrún Sigurðardóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir, Ásdís Sif Gunnarsdóttir og Daníel Björnsson sýna í Kling & Bang gallerí, Laugavegi 23. Sýningin ber heitið Ljósaskipti – Jólasýning Kling og Bang og stendur til 28. janúar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fastráðinn við óperuna

Ágúst Ólafsson barítónsöngvari var nýlega fastráðinn við Íslensku óperuna. Ágúst er ráðinn til eins og hálfs árs og mun hann taka þátt í óperuuppfærslum, tónleikum, kynningum og fleiri verkefnum á vegum Óperunnar á samningstímanum.

Á næstunni mun Ágúst koma fram á „Öðruvísi Vínartónleikar“ kammersveitarinnar Ísfold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópransöngkonu og syngja aðalhlutverkið í óperunni Flagara í framsókn, The Rake´s Progress, eftir Stravinskí, sem frumsýnd verður 9. febrúar.

Ágúst hefur nýlokið námi við Sibelíusar akademíuna í Finnlandi en hann hefur á undanförnum árum komið fram á tónleikum og tekið þátt í óperusýningum víða um Evrópu við góðan orðstír. Þess má geta að árið 2004 hlaut Ágúst önnur verðlaun í Ljóðasöngskeppni Hugo Wolf akademíunnar og haustið 2004 söng hann titilhlutverkið í uppsetningu Íslensku óperunnar á óperutryllinum Sweeney Todd eftir Stephen Sondheim og fékk góða dóma fyrir frammistöðu sína.



**KOMINN Á SAMNING** Ágúst Ólafsson syngur aðalhlutverkið í Flagara í framsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### > Dagar taldir

Eftir 20 daga heldur **Sinfóníuhljómsveit Íslands** tónleika í tilefni af árlegum **Myrkum músíkdögum** sem jafnan eru helgaðir nýjum tónsmíðum. Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir **Örlyg Benediktsson, Karólínu Eiríksdóttur, Erik Mogensen** og **Herbert H. Ágústsson.**




„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

ÓFAGRA VERÖLD
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Sun 21/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 28/1 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld 5/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

MEIN KAMPF
Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Sun 14/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 20/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 27/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

DAGUR VONAR
Mið 10/1 kl. 20 Forsýning UPPS.
Fim 11/1 Afmælissýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20
Fös 26/1 kl. 20

AMADEUS
Sun 7/1 kl. 20
Sun 14/1 kl. 20
Lau 20/1 kl. 20
Síðustu sýningar

FOOTLOOSE
Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20
Síðustu sýningar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 7/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 14
Sun 21/1 kl. 14

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 6/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20
Síðustu sýningar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR



KAMMERSVEITIN ÍSAFOLD
Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason
Einsöngvarar:
Hulda Björk Garðarsdóttir, sópran og Ágúst Ólafsson, barítón.
Á efnisskrá eru Sinfónía nr. 4 og Kindertotenlieder eftir Mahler
6. janúar kl. 17.00 í DUUS-húsum í Keflavík
7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni
Miðaverð kr. 2.000 – Námsmenn fá 2 fyrir 1 gegn framvísun skólaskírteinis,
www.opera.is

Flagari í framsókn The Rake´s Progress
IGOR STRAVINSKY
FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake´s Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 FÁAR SÝNINGAR
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX ! - 25 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í sal
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl. 19.15 (ekki á frumsýningu)
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN


# JSB breytir um nafn og skipan

Fyrir réttu ári urðu nokkur umskipti í umhverfi listdansins á Íslandi þegar menntamálaráðherra tilkynnti að Listdansskóli Íslands sem hafði starfað um nær fimmtíu ára skeið yrði lagður niður og starfsemi hans tekin að hluta inn í framhaldsskóla og Listaháskólann. Þrátt fyrir mótmæli gekk það eftir en Listdansskólinn átti langa sögu. Rök ráðherra voru að svo viðamikið og kröfuhart nám eins og listdansinn yrði að njóta viðurkenningar á framhaldsskólastigi og Listaháskólinn væri eðlilegur vettvangur fyrir framhaldsnám í svo sérhæfðu námi. Irma Gunnarsdóttir, dansari og danshöfundur, segir þessa breytingu hafa verið tímabæra og eðlilega framþróun í skipun dansins, þótt framan af hafi dansarar verið uggandi um framtíð kennslu í greininni.



**IRMA GUNNARSDÓTTIR**

Lengi framan af liðnu ári ríkti mikil óvissa um framtíð þessa fags, en hér á landi er starfandi fjöldi einkarekinna skóla sem starfa á þessu sviði og má áætla að listdansgeirinn haldi um tíu þúsund nemendum við nám þegar allt er talið. Námið hefst snemma og tekur drjúgan tíma í starfsviku nemenda sem heldur því áfram milli tektar og tvítugs. Á endanum leiðir það marga til framhaldsnáms í erlendum listdansskólum. Félag íslenskra listdansara stendur á gömlum grunni og hefur í áranna rás staðið fyrir margs konar framförum í málefnum listdansins.

Jazzballettskóli Báru er einn þeirra fjölmörgu skóla sem hefur jöfnum höndum sinnt kennslu í listdansi og nútímadönsum. Stendur hann á fjörutíu ára grunni en Bára Magnúsdóttir gekk þessa löngu braut sjálf; var í upphafi menntuð í Listdansskóla Þjóðleikhússins á þeim árum er Erik Bidsted var að ljúka þar sínum farsæla og áhrifamikla ferli og aðrir að taka við. Bára sótti sér síðan nám erlendis og réðist loks í eigin rekstur.



**LISTDANS** Hópur úr einni danssýningu Listdansskóla Báru sem nú hefur breytt um nafn.

Bára og hennar lið höfðu sótt um viðurkenningu ráðuneytis nokkru áður en breytingar gengu í garð. Nú hefur Jazzballettskóli Báru tekið stakkaskiptum til aðlögunar nýju umhverfi í dansmennt hér á landi, lagt niður sitt fjörutíu ára nafn; og breytti skólanámskrá sinni frá og með haustinu 2006 til samræmis við aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins í listdansi. Hefur menntamálaráðuneytið nú samþykkt skólanásskrána og er skólinn því orðinn listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi og fylgir þar í kjölfar Klassíska listdansskólans sem fékk viðurkenningu fyrir. Ákveðið var af því tilefni að breyta nafni skólans.

Danslistarskóli JSB sérhæfir sig í jazz- og nútímadansi og býður fjölbreytt dansnám sem hefur þróast á 40 ára starfsferli skólans. Námið er tvíþætt og skiptist í almenna braut og listdansbraut. Á almennri braut er megináhersla lögð á jazzballett. Námið er tómstundamiðað og jafnt fyrir stelpur og stráka. Engin sérstök inntökuskilyrði eru á almenna braut.

Nám á listdansbraut við Danslistarskóla JSB hófst síðastliðið haust og er þar um kröfuhart nútímalistdansnám að ræða fyrir þá sem stefna lengra í danslistinni og tekur námið mið af aðalnámsskrá menntamálaráðuneytisins varðandi kröfur og fagleg viðmið.

Irma, sem er deildarstjóri hjá Danslistarskóla JSB og forkólfur í Félagi íslenskra listdansara, segir þessar breytingar til þess fallnar að dansmenntun sé í takt við annað nám í grunn- og framhaldsskóla. Í Danslistarskólanum séu bekkir í hverjum árgangi, en alls eru um 750 nemendur í skólanum sem starfar á þremur stöðum; nýlega var húsnæði skólans í Lágmúla stækkað um 800 fermetra; hann hefur haft aðstöðu í Digranesi í Kópavogi um fimm ára skeið og er auk þess með sal í Laugardalshöll.

Nemendur á listdansbraut eru teknir inn frá 10 ára aldri. Inntökuskilyrði eru á listdansbrautina og eru inntökupróf haldin á vorin. Nám á listdansbraut JSB skiptist í grunnnám fyrir 10–15 ára og nútímalistdansbraut fyrir 16–20 ára. Við lok náms á nútímalistdansbraut eiga nemendur að vera færir um að stíga sín fyrstu skref sem atvinnudansarar eða hefja frekara dansnám á háskólastigi. Upplýsingar um listdansnám skólans er að finna í nýútgefinni skólanámskrá sem er að finna á vefnum www.jsb.is.

Dansstúdíó JSB er einnig nýtt af nálinni hjá JSB. Hér eru í boði fjölbreytt dansnámskeið fyrir 18 ára og eldri, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Ný námskeið hefjast 15. janúar og stendur innritun yfir. Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á heimasíðu skólans.

Irma segir fjárhagslega hlið þessara úrbóta enn vera nokkrum skrefum á eftir breytingum í umhverfi skólanna og innra starfi, en það standi til bóta. Hún er bjartsýn á að umstokkun á umhverfi dansmenntunar verði þegar fram líða stundir til góða. - pbb


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00
**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1 **nokkur sæti laus**, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**, lau. 20/1, lau. 27/1.
**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 13/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 27/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**, sun. 28/1 kl. 14:00.
**BAKKYNJUR** eftir Evrípídes
5. sýn. í kvöld fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1 **nokkur sæti laus**, fös. 12/1 **kl. 16:30 nokkur sæti laus**, lau. 13/1 **örfá sæti laus**, lau. 20/1. **Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**
Kúlan
**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00** uppselt, **kl. 12:15 örfá sæti laus** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 7/1 **kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00** uppselt, sun. 14/1 **kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15** og **kl. 14:00** uppselt.
**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

# 2 FYRIR 1 ALLA HELGINA

## Á LITLU BESTU MYND ÁRSINS FYRIR LESENDUR FRÉTTABLAÐSINS*

*Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar gegn framvísun úrklippunnar að neðan.

„Ljúfsár og yndisleg!"
- **Sigríður Pétursdóttir, Rás 1**

„Ótrúlega fersk, fyndin og notaleg."
- **Sæbjörn Valdimarsson, Mbl**

„Bráðfyndin, ljúf og hugguleg gamanmynd sem bæði heillar og snertir við manni."
- **Tómas Valgeirsson, Kvikmyndir.is**

„Ein af þessum myndum sem þig langar til að sjá aftur og aftur og aftur."
- **Ásgeir Eyþórsson, Rás 2**

2 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR
BESTA MYNDIN – BESTA LEIKKONA



# LITTLE MISS SUNSHINE

LITLA UNGFRÚ SÓLSKIN | SÝND Í REGNBOGANUM OG SMÁRABÍÓI



KLIPPIÐ HÉR!

***Gullnu reglur Græna ljóssins***

**1** ***Ekkert hlé***
Myndin sýnd í einum rykk

**2** ***Minna af auglýsingum***
Sýning myndarinnar byrjar fyrr

**3** ***Engin truflun***
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ
Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna ljósið
*- Ekkert hlé á góðum myndum*

***www.graenaljosid.is*** – Skráðu þig á póstlistann og þér verður boðið á forsýningar allra mynda Græna ljóssins

# Samið um listir á Akureyri

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, undirrituðu á miðvikudag þriggja ára samning um samstarf menntamálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar um menningarmál í bænum. Samningurinn hljóðar upp á samtals 360 milljóna króna framlag ríkisins til menningastarfs og gildir til ársloka 2009.**



**ÁFRAMHALDANDI STUÐNINGUR** Kristján Júlíusson bæjarstjóri og Þorgerður Katrín menntamálaráðherra undirrituðu samninginn á miðvikudag.

Fyrsti samningurinn um framlög ríkisins til menningarmála er tengjast Akureyrarbæ var undirritaður árið 1996 og var þá Akureyri skilgreind sem tilraunasveitarfélag. Samningar hafa verið gerðir síðan um uppbyggingu á menningarlífi í bænum og er með þeim tryggð markviss uppbygging á aðstöðu og tækjum. Ráðherra fær með samningnum sveitarfélagið að rekstri allra menningarstofnana í bæjarfélaginu, gerðir eru þjónustusamningar við einstakar stofnanir þar sem vettvangur þeirra, fjárhagsrammi og markmið eru skilgreind. Nýr samningur teygir sig allt til ársloka 2008 en þá verður menningarhúsið á Akureyri risið, en framkvæmdir við það standa nú yfir.

Í samningnum eru skilgreind nokkur verkefni sem aðilar eru sammála um að halda áfram: „Með stuðningi við meginstofnanir á sviði myndlistar, tónlistar og leiklistar vilja samningsaðilar stuðla að því að Akureyri verði þungamiðja öflugs menningarstarfs, með möguleikum til aukinnar atvinnumennsku á listasviði“ segir í sameiginlegri yfirlýsingu Þorgerðar Katrínar og Kristjáns Júlíussonar. Í þeim orðum felst að störf verði til sem tryggi búsetu á svæðinu. Samningurinn virkar þannig að fjármagnið rennur beint til bæjarsjóðs en tryggt er að annað eins komi á móti þeim megin og sér svo bæjarstjórn alfarið um að útdeila fénu.

**Markmiðin eru þessi:**

- að efla starf Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands: Sinfónían er djörf tilraun til að halda uppi tónleikahaldi norðan fjalla, en hefur sótt starfskrafta sína fullmikið suður fyrir heiðar. Var það gagnrýnt af tónlistarfólki í dreifðum byggðum Norðurlands að ekki skyldi kallað til æfinga meira af fólki sem er ekki í stöðugri þjálfun, heldur flogið inn liði frá Reykjavíkurflugvelli.

Hljómsveitin hefur staðið fyrir nokkrum tónleikum á ári og átt samstarf bæði við kóra og Leikfélagið. Henni er búin aðstaða í nýja menningarhúsinu og hún á bakland í Tónlistarskólum víða um Norðurland. Hljómsveitin fékk á síðasta ári 24 miljónir króna í styrk en rekstur hennar mun hafa kostað meira.

- að styrkja starf Listasafnsins á Akureyri sem meginstoð myndlistar utan höfuðborgarsvæðisins. Hannes Sigurðsson hefur reynst lunkinn að læsa sig í erlendar sýningar sem annars hefðu farið hjá sunnar í Atlantshafinu. Hannes gerði nýjan og skárri samning við bæinn um rekstur safnsins sem að sögn kunnugra styrkti laun hans og lausafé safnsins um eina milljón. Á síðasta ári fékk Listasafn Akureyrar frá bænum með tilleggi ríkisins rúmlega 40 milljónir.

- að renna enn styrkari stoðum undir starfsemi atvinnuleikhúss á Akureyri: gamla áhugamannafélagið á Akureyri er litlu yngra en elstu félögin á landinu í Reykjavík og á Sauðárkróki. Það hefur starfað sem atvinnumannafyrirtæki í þrjá áratugi rúma. Rekstur þess hefur alltaf gengið erfiðlega sem ráðist hefur af árssamningum leikara sem núverandi leikhússtjóri hefur snúið frá, og sætafáum húsum sem bera í sér feigðina. Á móti kemur að markaðssvæðið er lítið. LA náði því fyrst allra listastofnana nyrðra að draga gesti norður að sunnan í tíma Signýjar Pálsdóttur sem leikhússtjóra þar. Velgengni Magnúsar Geirs sem leikhússtjóra þar hefur skilað LA góðri stöðu. Þar eru nú í fyrsta sinn til varasjóðir, en samt mun það álit manna að hagur LA verði að vænkast enn frekar og standa vonir til að framlög hækki frá fyrra ári en þá fékk félagið 80 milljónir og aukastyrk sem nam 10 milljónum vegna árangurstengdra ákvæða.

- að Amtsbókasafnið geti gegnt hlutverki sínu sem eitt af skylduskilasöfnum í landinu. Mun áætlaður styrkur til þessa verða um 18 milljónir og gefur orðalag samningsins til kynna að Amtsbókasafninu hafi reynst trautt að standa við lögbundnar skyldur sínar en það er svo kallað prentskilasafn, þangað skulu fara eintök af öllu prenti í landinu og varðveitast þar.

- að kynna fornleifaverkefnið að Gásum og miðla þeirri þekkingu sem til hefur orðið. Uppgröfturinn á Gásum er stórmerkilegur og gefur Norðlendingum tækifæri til að styrkja ferðamannaiðnað í nágrenni Akureyrar gildri stoð. Er hugmynd manna að koma þar upp sýningaraðstöðu og vera með lifandi eftirmynd af staðnum eins og hann var á miðöldum.

Bæjarstjórn Akureyrar skal gera skriflega samninga við ofangreinda aðila. Í samningum skulu koma fram markmið verkefna og hvaða mælikvarðar verða lagðir til grundvallar þegar árangur þeirra verður metinn. Munu norðanmenn vinda sér í samningagerð við alla þá aðila sem málið varðar: allavega voru þeir á fundi með Leikfélagsmönnum nyrðra strax í gær sem bendir til að einhverjir hafi verið þreyjandi þegar Þorgerður brá sér norður og gekk frá samningnum við Kristján í Davíðshúsi á miðvikudag. **-pbb**

www.volvo.is







VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma akstursseiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

Volvo S40 bensín. Verð frá 2.695.000 kr.*
Volvo S40 dísil. Verð frá 2.895.000 kr.*

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Ekdahl á ný

Sænska söngkonan Lisa Ekdahl heldur þrenna tónleika hér á landi í byrjun mars. Tónleikarnir fara á Nasa, Græna hattinum á Akureyri og í Víkurbæ í Bolungarvík.

Ekdahl lék fyrir fullu húsi í Austurbæjarbíói og Háskólabíói í fyrra og bíða því vafalaust margir spenntir eftir öðru tækifæri til að hlýða á hana aftur. Að þessu sinni er Lisa á ferð með kassagítar og undirleikaranum Mattias Blom-dahl sem spilar á gítar, hljómborð og önnur hljóðfæri. Draumur hennar var að spila úti á landi á Íslandi og þann draum lætur hún rætast nú.

Miðasala á tónleikana hefst þriðjudaginn 9. janúar kl. 10 á midi.is og í verslunum Skífunnar, BT Akureyri, BT Egilsstöðum og BT Selfossi.



**TROÐFYLLTI BÍÓIN** Færri komust að en vildu á tónleika Lisu Ekdahl í fyrra en nú geta aðdáendur tekið gleði sína á ný.
FRETTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**TVEIR UNGLINGAR Á ÚTIHÁTÍÐ Á SJÖUNDA ÁRATUGNUM** Sá í úlpunni vill ekki þekkjast - hvað skyldi vera í appelsínflöskunni? Þessi mynd er meðal þeirra sem koma upp eftir að jólamyndir þeirra bræðra fara niður eftir helgina
LJÓSMYND ÚR SAFNI INGIMUNDAR OG KRISTJÁNS MAGNÚSSONA

# *Jól út og tvistið inn*

Það eru sýningaskil á Veggnum í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu nú eftir helgina. Þá verður fyrri hluti af sýningu úr safni þeirra bræðra Kristjáns og Ingimundar Magnússona tekinn niður og nýr settur upp. Þeir bræður settu svip sinn á Reykjavík á seinni helmingi síðustu aldar: þeir voru báðir fríðir menn og dökkir, tvíburar og komu víða við: báðir voru iðnmenntaðir, Kristján bólstrari en Ingimundur var trésmiður, en svo fór að þeir sneru sér báðir að ljósmyndun og luku iðnprófum í þeirri grein.

Á sjöunda áratugnum voru þeir báðir að; Ingimundur tók fyrir Vísi en Kristján fyrir Vikuna og Tímann. Þetta voru hræringarmiklir tímar og því er safn þeirra bræðra mikilvægur vitnisburður um þjóð í hraðri þróun.

Þegar Kristján lést 2003 afhenti Ingimundur Þjóðminjasafni ljósmyndasafn þeirra bræðra. Fyrsta sýningin úr safninu var tekin saman í byrjun aðventu og sýnir jólastúss á sjöunda áratugnum og kölluð Hátíð í bæ. Henni lýkur nú á sunnudag.

Annan laugardag verður seinni hluti þessarar kynningar á safni þeirra bræðra, Tyggjó og túberað hár, sett upp á Veggnum innan við kaffistofu og safnbúð á jarðhæðinni í Þjóðminjasafninu. Þar er líka uppi stórmerk sýning á myndum Guðna Þórðarsonar frá hans mektardögum í ljósmyndun þjóðarinnar milli 1946 og 1961.

- pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

2 3 4 **5** 6 7 8

**Föstudagur**

### KVIKMYNDIR

☐ 20.30 Alþjóðlegt **kvikmyndakvöld** í **gallerí Boxi** í Kaupvangsstræti **á Akureyri**. Verk eftir **Önnu McCarthy, Sofíu Bempeza, Katri Walker, Erica Eyres „www.ericaeyres.com“, Maj Hasager, Luke Collins, Raquel Mendes, Yuen Fong Ling ofl**. Boðið verður upp á popp og kók á staðnum.

### TÓNLEIKAR

☐ 12.15 **Guðrún Óskarsdóttir** semballeikari leikur í **Ketilhúsinu** á fyrstu hádegistónleikum **Tónlistarfélagsins á Akureyri.** Einar Geirsson matreiðslumeistari sér um veitingarnar að vanda.

☐ 19.30 **Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í **Háskólabíói** við Hagatorg. Einsöngvari á tónleikunum er **Þóra Einarsdóttir** en sveitinni stýrir **Christopher Warren-Green.**

### SKEMMTANIR

☐ Unglingahljómsveitin **Pops** leikur á **Kringlukránni** ásamt **Eiríki Haukssyni** og flytja alla smellina með **Bítlunum**, **Stones**, **Kinks**, **Small Faces** og fleirum.

☐ Hljómsveitin **Bermuda** spilar á skemmtistaðnum **Players** í Kópavogi.

### SÝNINGAR

☐ 09.00 í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en **Listvinafélag kirkjun-nar** stendur fyrir henni.

☐ 13.00 Myndlistarmaðurinn **Haraldur Jónsson** sýnir í menningarmiðstöðinni **Skaftfelli** á **Seyðisfirði**. Sýningin **Framköllun** stendur til 20. janúar og er opin um helgar frá 13-17 eða eftir samkomulagi.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 10.00 Sýningu á grafíkverkum myndlistarmannsins **Errós** sem staðið hefur yfir í **Listasafni Reykjavíkur**, **Hafnarhúsi**, lýkur þann 7. janúar næstkomandi. Á sýningunni eru verk sem gerð voru á áttunda áratug síðustu aldar allt til dagsins í dag. Flest öll verkanna hafa einnig verið unnin sem málverk, líkt og grafíkverkin úr seríunni **Síðasta heimsókn Maó til Feneyja.**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


AUSTURBÆR

**Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)**

Verkið er aðeins sýnt í viku. Frumsýning Sun 14. jan kl. 20 / Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is





Volvo. For life.

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
**Öruggur staður til að vera á**

Brimborg Reykjavík:
Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Akureyri:
Tryggvabraut 5, sími 462 2700
www.volvo.is





## Í SPILARANUM

**My Latest Novel** - Wolves
**The Shins** - Wincing the Night Away
**Dóri DNA** - Stelpur & Chill
**Frightened Rabbit** - Sing the Greys
**Tenacious D** - The Pick of Destiny

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Þórunni spáð velgengni

Bresk-íslensku hljómsveitinni Fields er spáð góðu gengi á árinu 2007. Plötubúðin HMV hefur birt lista sinn yfir þær hljómsveitir og listamenn sem talið er að verði áberandi í Bretlandi á þessu ári og Fields er ein þeirra. Sem kunnugt er spilar íslenska tónlistarkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir á hljómborð í Fields og syngur.

„Það er mikið í gangi hjá þessari fimm manna sveit frá London (með viðkomu í Reykjavík),“ er ritað í fréttatilkynningu frá HMV. „Í Fields eru tveir forsöngvarar, annar er dóttir höfundar íslenska þjóðsöngsins,“ er enn fremur ritað og vísar höfundur þar í lagið Ísland er land þitt eftir Magnús Þór Sigmundsson, föður Þórunnar.

Þórunn Antonía hefur verið búsett í London um nokkurra ára skeið og starfað við tónlist. Fyrsta útgáfa Fields var EP-plata sem kom út á síðasta ári og fékk prýðisgóðar viðtökur.



**ÞÓRUNN ANTÓNÍA** Gerir það gott í bresku tónlistarlífi.

## > Plata vikunnar



And You Will Know Us By the Trail of Dead - So Divided

★★★

„Ekki beint vonbrigði en Trail of Dead á enn mikið inni.“ - SHA



## TÓNNINN GEFINN

**Freyr Bjarnason**

# *Spilin stokkuð upp á nýtt*

Í nýlegu viðtali við bandaríska tímaritið Billboard segir Bono, söngvari U2, hljómsveitina vera tilbúna til að enduruppgötva sjálfa sig. Hann segir að nú sé komið að leiðarlokum eftir útgáfu síðustu tveggja platna og tími sé kominn til að prófa nýja hluti. Tekur hann sem dæmi að hann vilji taka upp nokkur órafmögnuð lög þar sem rödd hans getur fengið að njóta sín betur. „Við ætlum að halda áfram sem hljómsveit en kannski þarf rokkið að víkja eða kannski þarf rokkið bara að vera enn þá meira. Hvað sem verður þá eiga hlutirnir eftir að breytast.“

Ég fagna þessum orðum Bono, því það er svo sannarlega orðið tímabært að U2 breyti um áherslur. Þó svo að sveitin hafi átt góða spretti á síðustu plötum með lögum á borð við Beautiful Day, Stuck In A Moment You Can´t Get Out Of og Sometimes You Can´t Make It On Your Own hafa þreytumerki verið augljós í lagasmíðunum. Meðal annars má heyra það í nýja smáskífulaginu Window in the Skies, sem reyndar hefur að geyma nokkuð grípandi viðlag. Ekki má samt rugla því lagi saman við tökulagið gríðarþétta The Saints Are Coming sem U2 og Green Day endurgerðu á fagmannlegan hátt. Það lag sýnir að það er enn þá töggur í Írunum en betur má ef duga skal.

U2 er farin að endurtaka sig, sem auðvitað er það eðlilegasta í heimi með sveit sem hefur verið til eins lengi og raun ber vitni. Þá er einmitt kominn tími til að stokka spilin upp á nýtt og það er eitthvað sem þeir félagar hafa verið ófeimnir við að gera í gegnum árin. Hver man ekki eftir Achtung Baby sem kom eins og ferskur andblær inn í tónlistarheiminn á sínum tíma, hinni tilraunakenndu Zooropa og The Passengers-ævintýrinu, þar sem sjálfur Pavarotti fékk að njóta sín í mögnuðu lagi? Beautiful Day kom einnig sterkt inn fyrir tæpum sex árum en sveitin náði ekki að fylgja því nógu vel eftir.

Ný plata mun vera í smíðum sem á að koma út undir lok þessa árs. Tónleikaferð mun væntanlega fylgja í kjölfarið og vitaskuld verður uppselt á hana undir eins, enda er U2 og verður áfram ein besta ef ekki allra besta tónleikasveit heims. Til að sveitin haldi áfram að endurnýja sig og laða að nýja aðdáendur þarf hún engu að síður að taka sig saman í andlitinu. Vonandi hafa Bono og félagar enn getuna til þess.



**U2** Írska hljómsveitin U2 ætlar að gefa út nýja plötu í lok þessa árs. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES








**ÓSÁTTUR** Nas er ekki sáttur við stöðu hip-hopsins á nýju plötunni.

# Nas og dauði rappsins

**Árið 2006 var tíðindalítið í hip-hop tónlistinni, en samt komu út nokkrar fínar plötur. Snillingurinn Nas sendi frá sér nýja plötu, Hip-Hop Is Dead, rétt fyrir jólin og maður ársins í rappinu vestanhafs, Ghostface Killah, var að senda frá sér plötu númer tvö á árinu, More Fish, en sú fyrri, Fishscale, er að flestra mati besta hip-hop plata ársins 2006. Trausti Júlíusson tók stöðuna.**

Árið 2006 var ekki sérlega gott hip-hop ár. Plötusala var minni en undanfarin ár og það komu ekki út nein meistaraverk sem tónlistaráhugamenn úti um allan heim gátu sameinast um eins og gerðist t.d. 2005 með plötu Kanye West, Late Registration og 2003 með OutKast-plötunni Speakerboxx/The Love Below. Nas sendi frá sér sína áttundu plötu, Hip-Hop Is Dead, rétt fyrir síðustu jól og eins og nafnið gefur til kynna er hann ekki beint sáttur við stöðuna í rappinu. Hip-Hop Is Dead er fyrsta plata Nas hjá Def Jam fyrirtækinu og hans fyrsta plata síðan hin tvöfalda Street's Disciple kom út fyrir tveimur árum.

### Sættist við Jay-Z

„Mér finnst frábært að það komi loksins út Nas-plata hjá Def Jam,“ segir Nas í nýlegu viðtali við Rolling Stone, „Def Jam er Motown rappsins“. Eins og kunnugt er er það gamall fjandmaður Nas, Jay-Z, sem stjórnar Def Jam útgáfunni, en þeir sættust með eftirminnilegum hætti þegar Nas kom fram sem gestur á tónleikum Jay-Z í New Jersey í fyrra. Nas, sem heitir réttu nafni Nasir Jones, sló í gegn með sinni fyrstu plötu Illmatic árið 1997, en margir telja hana enn þá vera bestu plötu rappsögunnar. Nas er sonur djasstrompetleikarans Olu Dara. Hann er einn færasti rímnasmiður rappsins og er þekktur fyrir að vera sérstaklega heilsteyptur náungi. Sannur fagmaður sem setur tónlistina alltaf í fyrsta sætið.

### Dánartilkynning rappsins

Allt frá því að Nas tilkynnti í maí sl. að hans næsta plata ætti að heita Hip-Hop Is Dead hafa rapparar eins og T.I., Ludacris og Young Jeezy hneykslast mikið á honum að láta annað eins út úr sér.



**BESTUR Á SÍÐASTA ÁRI** Fishscale með Wu-Tang liðanum Ghostface Killah er besta hip-hop plata ársins 2006 að mati flestra tónlistarmiðla.

En Nas lætur sér fátt um finnast og stendur fast á sínu. Að hans mati eyða margar af stærstu stjörnum rappsins í dag mestri orku í að dissa aðra rappara og að upphefja ofbeldi í staðinn fyrir að einbeita sér að tónlistinni. Og það kemur niður á gæðunum. Taktarnir á Hip-Hop Is Dead eru m.a. gerðir af Scott Storch, Dr. Dre, Kanye West og Will.I.Am sem á heiðurinn af titillaginu. Kanye, Snoop Dogg, Jay-Z, Chrisette Michele og eiginkona Nas, Kelis, eru á meðal gesta. Fín plata sem kemst léttilega í hóp bestu hip-hop platna ársins 2006. Hún fær líka góðar móttökur plötukaupenda – fór beint á topp Billboard-listans.

### Ár Ghostface Killah

Flestir tónlistarmiðlar eru sammála um að besta hip-hop plata ársins 2006 sé Fishscale, fimmta plata Wu-Tang liðans Ghostface Killah, sem kom út síðasta vor. Frábær plata sem er bæði heilsteypt og fjölbreytt. Ghostface er í miklu stuði þessi misserin því að nú rétt fyrir áramótin kom önnur Ghostface plata, More Fish. Hún er ekki alveg jafn mögnuð og Fishscale, en á samt sína spretti.

Aðrar hip-hop plötur frá 2006 sem hægt er að mæla með eru t.d. Hell Hath No Fury með Clipse (taktarnir eftir Neptunes), Donuts með J. Dilla sem féll frá á árinu, Food & Liquor með nýstirninu Lupe Fiasco frá Chicago, Pick A Bigger Weapon með hinum ofurpólitísku The Coup, Game Theory með The Roots, Idlewild með OutKast, Kingdom Come með Jay-Z, hin fönkskotna Afro Strut með Amp Fiddler og The Dusty Foot Philosopher með K'Naan, Sómalíumanni sem nú býr í Kanada.

# Mike Myers leikur Keith Moon

Gamanleikarinn Mike Myers mun fara með hlutverk Keiths Moon, fyrrum trommara The Who, í nýrri kvikmynd sem verður byggð á ævi hans. Er hún væntanleg á hvíta tjaldið árið 2009.

Vinnuheiti myndarnnar er See Me Feel: Keith Moon Naked For Pleasure. Söngvari The Who, Roger Daltrey, hafði barist fyrir því að Myers fengi hlutverkið og nú hefur honum orðið að ósk sinni.

„Mike er mjög unglegur og Keith leit auðvitað út fyrir að vera miklu eldri en hann var," sagði framleiðandinn Nigel Sinclair um valið á Mike Myers í hlutverkið. „Draumur Rogers var að sköpunarkraftur Mike myndi koma verkefninu á flug."

Keith Moon lést árið 1978, aðeins 32 ára gamall, eftir að hafa tekið of stóran lyfjaskammt. Hann var þekktur fyrir skrautlegan lífsstíl sinn og eyðilagði eða reyndi að eyðileggja flest sem hann komst í tæri við.

Moon gekk til liðs við The Who árið 1964, aðeins sautján ára gamall. Hljómsveitin naut mikilla vinsælda og er vafalítið þekktust fyrir lagið My Generation. The Who er enn starfandi og á síðasta ári gaf hún út plötuna Endless Wire.

Næsta mynd Mike Myers er þriðja myndin um tröllið Shrek og nefnist hún einfaldlega Shrek the Third.

Hann hefur áður leikið í vinsælum myndum á borð við Wayne´s World og Austin Powers.



**MIKE MYERS** Gamanleikarinn vinsæli ætlar að fara með hlutverk trommarans Keiths Moon.



**KEITH MOON** Árið 2009 kemur út mynd byggð á ævi fyrrum trommara The Who.

## > Lög vikunnar



**Take That - Patience**
Alvöru ballaða og myndbandið var tekið á Íslandi.

**Benni Hemm Hemm - Sól á heyhóla**
Eitt af betri lögunum á flottri plötu.

**Justin Timberlake - My Love**
Lag ársins 2006 að margra mati.



**Ampop - Gets Me Down**
Flott grúv og skemmtilegar raddanir.

**Fields - Brittlesticks**
Smá upprifjun í tilefni af velgengni Þórunnar Antóníu.



**MODEST MOUSE** Gefur út nýja plötu í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Gefa nýtt lag á netinu

Hljómsveitin Modest Mouse hefur gefið aðdáendum sínum tækifæri til að hita upp fyrir útgáfu næstu breiðskífu hennar. Hægt er að hlusta á fyrstu smáskífu plötunnar, Dashboard, á heimasíðu hljómsveitarinnar og Myspace-síðu Modest Mouse sömuleiðis. Gripið var til þessa ráðs eftir að ókláruð útgáfa af laginu var sett á netið í byrjun vikunnar.

Modest Mouse, sem var stofnuð í Washington, gefur út plötuna We Were Dead Before The Ship Even Sank í mars. Meðal gesta á plötunni eru gítarleikarinn Johnny Marr og James Mercer, forsprakki The Shins, syngur bakraddir.



**BILLY CORGAN** Hefur endurvakið Smashing Pumpkins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Hlakkar til að snúa aftur

Billy Corgan, söngvari Smashing Pumpkins, hefur staðfest að sveitin gefi út plötu á þessu ári og leggi upp í tónleikaferð um heiminn. Á Myspace-síðu Smashing Pumpkins skrifar Corgan: „Á þessu ári kemur plata með nýjum lögum og við förum í túr um heiminn. Við hlökkum mikið til þess að spila aftur fyrir aðdáendur okkar," skrifar Corgan. Hann hefur ekki staðfest hvort gömlu meðlimirnir James Iha og D'arcy Wretzky verða með á plötunni eða á tónleikaferðalaginu.


TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090







NÚ FER KENNSLA EINNIG FRAM Í FOLDASKÓLA Í GRAFARVOGI

TONVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ HALLA OG HEIÐA KENNA

Frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, framsögn og framkomu, dans og samhæfingu söngva og dansa. **Heiða úr Idolinu** og **Halla Vilhjálms úr X-factor** kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SELMA OG VALGERÐUR KENNA ÞÉR AÐ SYNGJA

Söng- og framkomunámskeiðið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. **Selma Björns** og **Valgerður Guðnadóttir** kenna, en námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

GÍTARNÁMSKEIÐ MEÐ VIGNI OG GUNNARI

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Markmið námskeiðanna eru að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru **Vignir Snær** (Írafár), **Gunnar Þór Jónsson** (Sóldögg) o.fl. Nánari upplýsingar á www.tonvinnsluskoli.is.



SKRÁNING ER HAFIN

BLUES- OG JAZZSÖNGUR MEÐ ANDREU GYLFA

Námskeiðið er sérsniðið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitthvað nýtt. **Andrea Gylfa** kennir en meðal hljóðfæraleikara eru **Kjartan Valdemarsson** og **Vignir Snær.** Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í **FOLDASKÓLA** OG **SNÆLANDSSKÓLA**

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

**REYKJAVÍKURNÆTUR** HÖRPU PÉTURSDÓTTUR FINNST AÐ FÓLK EIGI AÐ BERA ÁBYRGÐ Á SJÁLFU SÉR

# *Í fram(hjá)haldi af jólunum*

Ég las hugvekju um daginn þar sem bréfritarinn mæltist til þess (grátbað eiginlega) að fólk færi ekki í eða héldi makalaus vinnustaðapartí. Mér fannst þetta nokkuð sérstæð bón, best væri jú að fólk réði slíkum hlutum sjálft.

Bréfritarinn sá ástæðu til að stinga niður penna vegna þess að um og eftir jól komast fleiri sambönd í uppnám en venjulega; fjöldi sambandsslita er slíkur að prestar anna varla eftirspurn eftir sáluhjálp.

Í fyrstu hristi ég að sjálfsögðu hausinn og hugsaði með mér að þetta hlyti að vera grín. En við nánari umhugsun komst ég að þeirri niðurstöðu að þessi aumingja einstaklingur fær örugglega ekki frið til að setjast niður með fjölskyldu sinni vegna vitleysunnar í drukknu liðinu. Fyrir utan að hækka hlutfall þeirra hjónabanda sem enda í skilnaði, sem er nú nógu sorglegt fyrir!

Í framhaldi af þessu er ekki annað hægt en að spyrja sig hvað gangi eiginlega á hjá fólki í dag? Hefur enginn sjálfsaga lengur? Verður að binda fólk niður um leið og glittir í vínglas svo ekki fari allt í bál og brand? Hvað varð um sjálfsagann og meðvitundina í fólki? Það virðist sem fólk sé farið að þurfa hjálp við allan fjandann; að halda ekki fram hjá, að borða ekki þangað til það getur ekki lengur hreyft sig, að koma sér upp úr rúminu og alla leið í vinnu í myrkrinu á morgnana og svo framvegis.

Það er alveg sjálfsagt að viðurkenna að á vinnustöðum takast oft ástir með fólki. Þá verður hver og einn að gera upp við sig hvort það sé með réttu manneskjunni eða hvort hann þurfi að endurráða í rúmið sitt. Ef niðurstaðan er sú að svo sé er auðvitað best að láta verða af því og reyna svo að skipa það pláss betri aðila. Nú ef ekki þá á það bara að láta hugmyndina niður falla! Að falla í freistni þýðir að manneskjan er ekki á réttum stað í lífinu hvað makann snertir. Það heitir frekja að vilja fá allt í senn og það er einfaldlega ekki í boði. Manni finnst nú að fólk eigi að geta skemmt sér saman án þess að þurfa að hafa eftirlitsmann með sér til þess að villidýrið brjótist ekki út og það fari í sleik á dansgólfinu eða hverfi inn í herbergi.



Þarf ekki bara að tuska fólk aðeins til og hrista í það heilbrigðið aftur? Ég held að það þurfi að minna fólk á að það er sjálfbjarga og beri ábyrgð á sjálfu sér. Það er ekki hægt að segja: Það var ekki mér að kenna að boðið var makalaust! Við erum svo sannarlega ekki fórnarlömb aðstæðna í þessu samhengi og erum fullfær um að stjórna okkur sjálf. Þetta er svona eins og þegar maður var lítill: Það var ekki ég sem gerði þetta, það var bara hendin á mér!



**IRWIN OG TERRI** „Krókódílafangarinn" lést þann 4. september við strendur Ástralíu.

# Myndband afhent

Áströlsk yfirvöld hafa afhent ekkju „krókódílafangarans" Steve Irwin myndband sem var tekið upp þegar hann var stunginn til bana af stingskötu.

Þetta er eina myndbandið sem er til af dauða hans. Létu yfirvöld eyða öllum afritum af því til að koma í veg fyrir að atvikið yrði sýnt opinberlega. Hafði ekkjan Terri óskað eftir því að fjölmiðlar fengju ekki að nota myndbandið.

Irwin lést þann 4. september í fyrra þegar hann var stunginn í hjartað af baneitraðri stingskötu er hann var að taka upp heimildarmynd við strendur heimalands síns Ástralíu.

# Justin hættur með Diaz

**Eitt af þekktustu pörum afþreyingariðnarins, Justin Timberlake og Cameron Diaz, hafa sagt skilið við hvort annað eftir þriggja ára samband.**



**JUSTIN OG DIAZ** Justin Timberlake og Cameron Diaz byrjuðu saman fyrir þremur árum. Svo virðist sem samband þeirra sé á enda.

Samkvæmt bandaríska slúðurblaðinu Star ákvað parið að slíta sambandinu í byrjun desember en kjaftasögur hafa verið á kreiki ansi lengi um að ekki væri allt með felldu þeirra á milli. Þegar Diaz sótti Ísland heim fyrir ári voru bandarísk og bresk götublöð uppfull af fréttum um meint sambandsslit en þau neituðu öllum fréttum og sögðust vera ástfangnari en nokkru sinni áður. Ef marka má fréttir Star er greinilegt að sambandið hefur hangið á bláþræði.

Samkvæmt heimildum Star var parið ekki saman yfir hátíðarnar eins og upphaflega stóð til heldur fór Justin til fjölskyldu sinnar í Tennessee á meðan Diaz renndi sér niður snæviþaktar brekkur Colorado ásamt vinkonum sínum. „Þau ætluðu að eyða jólunum saman með fjölskyldu Justins en hann fór þangað einn á meðan hún varð eftir í Los Angeles," sagði heimildarmaður blaðsins. Á Þorláksmessu sást síðan til Justins úti á lífinu með vinum sínum á næturklúbbi í Memphis en þar mun hann hafa sagt hverjum sem vildi heyra að hann væri hættur með Diaz.



**BRITNEY SPEARS** Samband hennar og Justin Timberlake var sagt gott en þau hættu saman, öllum að óvörum, árið 2002.

Samkvæmt bandarískum vefmiðlum er Justin sagður hafa leitað strax til fyrrverandi kærustu sinnar, Veronicu Finn, en hún starfar sem fasteignasali á Flórída. Finn var á sínum tíma valin til að hlaupa í skarðið fyrir Britney Spears, fyrrum kærustu Justin, í stúlknasveitinni Innocense eftir að Spears ákvað að einbeita sér að sólóferli sínum. Reyndar veltir vefsíðan Thinkfashion.com því fyrir sér hvort Timberlake hafi verið kominn með nóg af drykkjusögum og skrílslátum Britney í fjölmiðlum og hafi hugsað sér að bjarga æskuást sinni frá glötun.



**YNGIR UPP** Sienna Miller er að leita sér að kærasta á aldur við sig.

# Vill yngri kærasta

Sienna Miller segist vera hætt að vera með eldri karlmönnum. Sienna er 25 ára gömul og hefur upp á síðkastið verið með þeim Jude Law, 34 ára, og Daniel Craig, 38 ára. Nú vill hún yngri kærasta, því þeir eldri haldi ekki í við hana. „Þeir vilja þroskaða og fágaða konu sem geti sinnt tilfinningum þeirra. Á sama tíma vilja þeir unga og flotta stelpu. Ég get ekki verið hvort tveggja," segir Sienna sem bætir við: „Þeir geta ekki haldið í við mig vegna þess að stundum haga ég mér eins og ung og rugluð stelpa."




# Máni og Frosti pissa sitjandi

„Jájá, það má vel vera að starfsmannahald hér sé hundrað prósent karlmenn. En við höfum femínísk gildi í hávegum og pissum sitjandi," segir Þorkell Máni Pétursson á útvarpsstöðinni X-inu 977.

Aðeins tveir starfsmenn, Máni og Frosti Logason, sjá um dagskrána á útvarpsstöðinni sem leitast við að spila nýjasta nýtt í rokktónlist. Þeir sitja nú að nokkru leyti einir að þeim markaði sem segja má að séu rokksinnaðir hlustendur í yngri kantinum eftir að X-Fm og KissFm voru settar á ís. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins keypti 365 þessar útvarpsstöðvar af Sigurði G. Guðjónssyni og Íslenska útvarpsfélaginu.

Þorkell gefur reyndar lítið út á þessa samkeppni, segir sig og Frosta vera sér á báti og X-Fm hafi verið að þróast meira í þá átt að vera svipuð og útvarpsstöðin Skonrokk var með Capone sem morgunþátt og Valtý Björn og Böðvar Bergsson með sitt fótboltaspjall.

Gríðarleg gleði ríkir nú meðal félaganna tveggja en þeim barst jólakort frá Femínistafélagi Íslands þar sem ánægju er lýst yfir með siðaskrá sem X-ið 977 hefur samið og segist fara eftir. En í siðaskránni er tekið tillit til femíniskra sjónarmiða. Sem skýtur skökku við þegar horft er til þess að starfsmenn stöðvarinnar eru bara karlmenn.

„Já, en við eigum báðir konur og erum alltaf að leita eftir kvenmannsrödd. Og tökum fullt tillit til femíniskra sjónarmiða." - jbg



**MÁNI OG FROSTI** Eru ákaflega ánægðir með jólakortið sem þeim barst frá Femínistafélaginu.


40% AFSLÁTTUR
ÚTSALA
HEFST Í DAG
GK REYKJAVÍK
KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK










**BJÖRN BRAGI ARNARSSON** Björn Bragi er ritstjóri veftímaritsins Panama.is sem hefur göngu sína í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nýtt veftímarit

Veftímaritið Panama.is hefur göngu sína á hádegi í dag. Stefna tímaritsins er að höfða til ungs fólks á öllum aldri með fróðlegu og skemmtilegu efni. Auk frétta um hvers kyns dægurmála verða þar greinar, pistlar og viðtöl ásamt ítarlegri umfjöllun um tónlist og kvikmyndir.

„Þetta er hugmynd sem kviknaði fyrst fyrir tveimur árum síðan en svo varð þetta ekkert að neinu alvarlegu fyrr en fyrir nokkrum mánuðum. Þá sáum við að við vorum með eitthvað alvöru í höndunum,“ segir Björn Bragi Arnarsson, ritstjóri Panama.is, sem var áður blaðamaður á Blaðinu.

Hann telur að hið nýja veftímarit eigi fullt erindi á íslenskan fjölmiðlamarkað. „Það er mikið af blöðum og tímaritum á markaðnum en mér finnst vefurinn hafa orðið úti í útgáfu á skemmtiefni. Það vantar þennan tímaritafíling sem er ekki til staðar.“

Panama.is er í eigu Fóðurhúsanna ehf. og munu tæplega tuttugu manns starfa við rekstur vefjarins. Í fyrstu útgáfunni er m.a. rætt við fyrirsætuna Tinnu Bergsdóttur, tónlistarkonuna Lay Low og leikarann Gunnar Hansson. - fb

# Eins og mannskepnan deyr

Guð gefur björg með barni, segir málshátturinn en árið 2027 virðist veröldin sannarlega orðin guðlaus; mannsbarn hefur ekki fæðst í rúm átján ár og heimurinn kominn á vonarvöl. Upplausn hefur liðað flest ríki í sundur og fjöldi jarðarbúa kominn á vergang. Í krafti hersins hefur Bretum þó tekist að tryggja lágmarksstöðugleika innanlands og eyjarnar því vinsæll áfangastaður flóttamanna, sem eru aftur á móti fangelsaðir jafnóðum.

Theo er uppgjafa róttæklingur og núverandi skriffinnur sem dag einn er numinn á brott af hryðjuverkahópi sem kallar sig Fiskana og berst fyrir réttindum flóttamanna. Forsprakki þeirra er fyrrverandi unnusta Theo og falast eftir greiða, biður hann um að útvega flutningspappíra fyrir Kee, sem er með barni, og koma henni til bandamanna við strendur Brighton. Theo fellst á það en kemst fljótlega að því að margir vilja hafa hendur í hári Kee og veigra sér ekki við að ryðja honum úr vegi í leiðinni.

Cuarón er forvitnilegur leikstjóri, ekki bundinn á klafa hefðanna. Hrynjandin í Children of Men er hægari en oft í dystópískum framtíðartryllum en er brotin reglulega upp og heldur manni á bláþræði; stígandi er góð og nær risi í mögnuðu atriði undir lokin. Umgjörðin er öll til fyrirmyndar, allt frá myndatöku til tónlistar og sérstakrar litaáferðar – allt leggst á eitt og skapar annarlega stemningu sem setur sterkan svip á myndina.

Clive Owen er í fantaformi í hlutverki Theo, dofið flak sem finnur



helst frið í flöskunni og siglir í gegnum lífið á sjálfstýringu. Michael Caine er skemmtilega reytingslegur í hlutverki Jaspers, hassræktanda sem skýtur skjólshúsi yfir förunevtið.

Cuarón dregur upp sannfærandi mynd af ástandi sem minnir á miðaldir; trúflokkar sem aðhyllast sjálfstyftun hafa sprottið upp og sveitirnar eru á valdi barbara 21. aldarinnar. Sagan kallast á við samtímann, hún er staðsett nærri í tíma (það er ekki nema ár til stefnu þar til ófrjósemin ríður yfir) auk þess sem Cuarón snýr upp á karllæga messíasarspádóma.

Helsti styrkur myndarinnar er óhugnanlegt raunsæið sem svífur yfir vötnum án þess þó að skilja áhorfandann eftir úrkula vonar. Á heildina litið er Children of Men sterk mynd og áhrifamikil.

**Bergsteinn Sigurðsson**

**KVIKMYNDIR**
**Children of Men**
Leikstjóri: Alfonso Cuarón
Aðalhlutverk: Clive Owen, Julianne Moore, Michael Caine og Claire-Hope Ashitey.
★★★★
Niðurstaða: Óhugnanleg framtíðarsýn og óþægilega trúverðug í sterkri og spennandi mynd.






# Busta handtekinn

Rapparinn Busta Rhymes hefur verið ákærður fyrir að hafa lamið mann eftir peningadeilu þeirra á milli. Var maðurinn fluttur á sjúkrahús eftir að Rhymes hafði slegið hann og sparkað í hann nokkrum sinnum fyrir utan byggingu á Manhattan í New York.



**BUSTA RHYMES** Rapparinn þekkti hefur verið ákærður fyrir líkamsárás fyrir utan byggingu á Manhattan.

Rhymes, sem er 34 ára, gaf sig fram við lögregluna og var hann þar bókaður fyrir minni háttar líkamsárás.

Rhymes, sem heitir réttu nafni Trevor Smith, hefur áður komist í kast við lögin. Hann var ákærður fyrir líkamsárás eftir að hafa komið fram á tónlistarhátíðinni AmsterJam í ágúst í fyrra og í nóvember var hann sektaður fyrir að tala í símann á meðan hann ók fram hjá lögreglustöðinni á Manhattan.

Lögreglan hefur einnig yfirheyrt Rhymes sem hugsanlegt vitni að skotárás í febrúar í fyrra sem leiddi til dauða lífvarðar hans, Israel Ramirez.

Á meðal þekktustu laga Rhymes eru Put Your Hands Where My Eyes Could See, Dangerous og Touch It. Hann hefur einnig leikið í myndum á borð við Shaft og Finding Forrester.

## > Áhugi á Ólafi Inga mikill



Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Ólafs Inga Skúlasonar knattspyrnumanns, stendur nú í ströngu við að finna nýtt lið en Ólafur Ingi er einn fimm leikmanna sem var leyft að fara frá félaginu vegna fjárhagsörðugleika. Ólafur Garðarsson sagði við Fréttablaðið í gær að mikill áhugi væri á Ólafi Inga og ekki útilokað að hann færi í æfingaferð með norsku úrvalsdeildarliði síðar í mánuðinum. Þá eru lið á Norðurlöndunum, Þýskalandi, Belgíu og Englandi að fylgjast með hans máli.

**sport**

sport@frettabladid.is

BÁRÐUR EYÞÓRSSON: HEFUR EKKI STJÓRNAÐ LIÐI TIL SIGURS SÍÐAN 22. OKTÓBER

# *Ég hef gengið í gegnum erfiða tíma áður*



Bárður Eyþórsson, núverandi þjálfari Fjölnis í körfuboltanum, hefur gengið í gegnum ýmislegt á undanförnum mánuðum. Hann hætti að þjálfa Snæfellsliðið eftir fimm frábær ár og tók við ÍR. Hann hætti með liðið um miðjan nóvember og tók við Fjölni um mánaðarmótin nóvember-desember. Snæfell vann 48 af 66 leikjum sínum undir hans stjórn undanfarin þrjú tímabil og tapaði aldrei meira en tveimur leikjum í röð. Lið Bárðar í vetur hafa hins vegar tapað 9 af 10 leikjum sínum þar af hefur hann nú þurft að horfa upp á átta tapleiki í röð. „Þetta er búinn að vera erfiður tími og þá sérstaklega í Breiðholtinu þar sem það var lítill mannskapur til að vinna með. Ég hef gengið í erfiða tíma áður," segir Bárður, sem er vanur ölgusjó úr sjómennskunni. „Við stóðum lengi í uppbyggingu í Hólminum og hún tók oft verulega á. Ég veit alveg út á hvað þetta gengur. Ef við höldum mannskap þá kemur þetta Fjölnislið til með að verða mjög gott lið eftir tvö til þrjú ár." Bárður vonast til þess að fyrsti sigurleikurinn síðan 22. október komi í kvöld, þegar hans menn í Fjölni heimsækja Grindvíkinga. „Það er engin uppgjöf í okkur. Það er mjög skemmtilegt og gott hugarfar í þessum hópi og ekki eins og hjá liði sem er búið að tapa mörgum leikjum í röð. Ég er sannfærður um að þegar þetta fer að detta inn hjá okkur þá komumst við upp töfluna," segir Bárður og bætir við. „Við verðum að fara að hala inn stigum, það er engin lygi." Bárður sér ekkert eftir því að hafa farið frá ÍR. „Ég samgleðst alltaf öllum sem gengur vel," segir Bárður en ÍR-ingar hafa nú unnið fimm af sex leikjum sínum síðan Bárður hætti með liðið. „Það var alveg vitað mál að þegar Hreggviður og Nate Brown kæmu inn í ÍR-liðið þá yrði það nánast helmingi betra. Það kemur mér ekkert á óvart að þeir hafi verið að vinna leiki og spila vel því það eru góðir leikmenn í ÍR-liðinu," segir Bárður.

2007 GERMANY HANDBALL WORLD CHAMPIONSHIP

**15** DAGAR Í HM Í ÞÝSKALANDI

28 landsliðsmenn á lista:

## Átta menn á varalista

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason hefur tilkynnt 28 manna leikmannahóp til forráðamanna HM í Þýskalandi og getur hann einungis kallað á leikmenn úr þessum hópi forfallist einhver eins og Einar Hólmgeirsson gerði fyrr í vikunni. 16 manna lokahópur fer svo til Þýskalands á mótið sjálft og verður hann valinn skömmu fyrir mót.

Alfreð kallaði á nítján leikmenn í æfingahóp í síðasta mánuði. - esá

### HÓPURINN

**Æfingahópur**

| | |
|---|---|
| Roland Valur Eradsze | Stjörnunni |
| Vignir Svavarsson | Skjern |
| Logi Geirsson | Lemgo |
| Sigfús Sigfússon | Fram |
| Sigfús Sigurðsson | Ademar Leon |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Lemgo |
| Arnór Atlason | FC Kaupm. |
| Markús Máni Michaelsson | Val |
| Guðjón V. Sigurðss. | Gummersb. |
| Snorri St. Guðjónss. | Minden |
| Ólafur Stefánsson | Ciudad Real |
| Birkir Í. Guðmundss. | Lübbecke |
| Einar Örn Jónsson | Minden |
| Ragnar Óskarsson | Ivry |
| Alexander Pettersson | Grossw. |
| Björgvin Gústavsson | Fram |
| Sverre Jakobsson | Gummersb. |
| Róbert Gunnarss. | Gummersb. |
| Hreiðar Guðmundss. | Akureyri |

**Varahópurinn**

| | |
|---|---|
| Baldvin Þorsteinsson | Val |
| Vilhjálmur Halldórsson | Skjern |
| Sigurður Eggertsson | Val |
| Ólafur Gíslason | Val |
| Heiðmar Felixsson | Burgdorf |
| Árni Þór Sigtryggsson | Haukum |
| Heimir Örn Árnason | Fylki |
| Guðlaugur Arnarsson | Fylki |

Æfingamót í Danmörku:

## Ísland mætir Noregi í dag



GUNNAR PETTERSSON

**HANDBOLTI Fyrsti leikur íslenska landsliðsins í handbolta í Lauritz Knudsen-mótinu í Danmörku er gegn Norðmönnum klukkan 16.00 í kvöld að íslenskum tíma. Á morgun mætir íslenska liðið Pólverjum klukkan 13.15 og svo er lokaleikurinn í mótinu gegn Dönum á sunnudaginn. Um næstu helgi koma Tékkar síðan til Íslands og spila tvo leiki í Laugardalshöllinni.** - óój

# Það boðar gott að mæta Íslandi rétt fyrir stórmót

**Átta þjóðir sem hafa mætt Íslandi fyrir síðustu sjö stórmót hafa unnið til verðlauna. Danir mæta Íslandi um helgina og ætla sér mikið á HM í Þýskalandi. Aron Kristjánsson segir að væntingarnar séu miklar í Danmörku.**

**HANDBOLTI** Danir ættu að vera í góðum málum fyrir HM í handbolta í Þýskalandi því það boðar gott að mæta íslenska landsliðinu á lokasprettinum. Íslenska landsliðið í handbolta hefur þrisvar sinnum spilað við verðandi meistara, þar af fyrir tvö síðustu stórmót.

Ísland mætir á næstu dögum Dönum, Norðmönnum, Pólverjum og Tékkum í undirbúningsleikjum fyrir HM í Þýskalandi.

Ísland mætti Evrópumeisturum Frakka í tveimur vináttuleikjum hér heima fyrir EM í Sviss 2006 og mætti verðandi heimsmeisturum Spánverja í æfingamóti rétt rúmri viku fyrir HM í Túnis 2005. Þá lék íslenska landsliðið þrjá vináttulandsleiki gegn Frökkum í janúar 2001 aðeins tveimur vikum áður en þeir hófu leið sína að heimsmeistaratitli á heimavelli. Að auki hefur íslenska liðið mætt tveimur verðandi silfurhöfum og þremur verðandi bronsliðum í lokaundirbúningi sínum frá því á HM í Frakklandi 2001.



**GEGN FRÖKKUM Í FYRRA** Snorri Steinn Guðjónsson og félagar í íslenska landsliðinu léku tvo leiki gegn verðandi Evrópumeisturum Frakka á lokasprettinum fyrir EM í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Aron Kristjánsson þjálfar danska liðið Skjern og hann hefur fylgst vel með undirbúningi danska landsliðsins. „Þeir eiga að mínu mati að geta verið með lið meðal þeirra fjögurra efstu," segir Aron og bætir við: „Danir hafa verið að búast við miklu meira af þessu liði því þeir hafa verið með sterkt lið undanfarin ár. Þeir hafa verið mjög óánægðir með síðustu heimsmeistaramót. Þeir eru alltaf að bíða eftir því að komast alla leið í úrslit á stórmóti. Þeir hafa alveg getu í það núna."

Aron hrósar mikið breiddinni í danska liðinu. „Það er mikil breidd í dönskum handbolta og það eru margir leikmenn í liðinu mjög góðir en það vantar kannski leikmenn í hóp þeirra allra bestu. Það eru ekki margir Danir í hópi bestu leikmanna heims," segir Aron sem er hrifinn af danska liðinu. „Þeir eru með gríðarlega sterka markmenn, eru sterkir í hraðupphlaupum og geta haldið uppi miklum hraða í sóknarleiknum."

Danir hafa ekki komist í undanúrslit á heimsmeistaramóti í 24 ár eða síðan HM var síðast í (Vestur-) Þýskalandi árið 1982. Danir hafa einu sinni unnið til verðlauna á stórmóti og það var silfur á HM í Svíþjóð fyrir 40 árum.

„Það eru miklar væntingar í Danmörku, þeir vilja vera meðal þeirra sex efstu og helst að spila um verðlaun. Þeir hafa náð í bronsverðlaunum á þremur Evrópumótum í röð en hafa síðan verið klikka á heimsmeistaramótunum inn á milli. Ég held að markmið Ulriks Wilbek sé að vera alltaf meðal þeirra sjö efstu og eiga um leið möguleika á að spila um verðlaun þegar allt gengur í haginn," segir Aron sem segir lærisveina sína í hópnum hafa verið mjög spenntir þegar hann kvaddi þá fyrir HM-hléið.

ooj@frettabladid.is

### GOTT AÐ MÆTA ÍSLANDI Á LOKASPRETTINUM

| | |
|---|---|
| Frakkland | 1. sæti á EM 2006 |
| Spánn | 1. sæti á HM 2005 |
| Frakkland | 3. sæti á HM 2005 |
| Þýskaland | 2. sæti á ÓL 2004 |
| Danmörk | 3. sæti á EM 2004 |
| Þýskaland | 2. sæti á EM 2002 |
| Danmörk | 3. sæti á EM 2002 |
| Frakkland | 1. sæti á HM 2001 |



**FLUGVÉLIN** Vincenzo Montella fagnar öllum mörkum sínum með því að baða út örmunum og leika flugvél. Hér er hann með Francesco Totti, fyrirliða Roma. NORDIC PHOTOS/AFP

Vincenzo Montella til Fulham:

## Nýr framherji til Fulham

**FÓTBOLTI Samkeppni framherja Fulham um stöður í byrjunarliðinu hefur harðnað enn með komu Ítalans Vincenzo Montella til liðsins en tilkynnt var í gær að hann yrði lánaður í sex mánuði frá Roma. Heiðar Helguson landsliðsmaður leikur með Fulham.**

**Montella spilaði stórt hlutverk með Roma er liðið varð Ítalíumeistari árið 2001. Hann var á sínu áttunda tímabili hjá félaginu.** - esá

AGF í Danmörku:

## Koma fleiri en Kári til greina

**FÓTBOLTI** Brian Steen Nielsen, yfirmaður íþróttamála hjá danska úrvalsdeildarliðinu AGF, sagði í viðtali við heimasíðu félagsins í gær að það ætti í viðræðum við fleiri leikmenn en Kára Árnason sem hefur þrálátlega verið orðaður við félagið. Nú hefur komið í ljós að norski miðvallarleikmaðurinn Tommy Knarvik komi einnig til greina.

„Ef fyrsti valkostur okkar er of dýr getum leitað annarra leiða til að styrkja liðið. Við ætlum okkur að halda okkur innan ákveðins fjárhagslegs ramma sem er ófrávíkjanlegur af okkar hálfu." - esá

Rússneski gallabuxnakeisarinn Vladimir Maximov:

# Bjór og svínakjöt besta „dópið"

**HANDBOLTI** Vladimir Maximov, þjálfari rússneska landsliðsins í handbolta, hefur unnið allt sem hægt er að vinna bæði sem leikmaður og þjálfari. Hann mun stýra rússneska liðinu á sínu sjöunda heimsmeistaramóti sem þjálfari og vonast til að endurvekja forna frægð rússneska björnsins.

„Þýskaland er kjörinn vettvangur fyrir rússneskan handknattleik. Hér viljum við leika eftir gömul afrek," sagði hann í nýlegu viðtali. „Við eigum ekki stóran möguleika á verðlaunasæti en við ætlum okkur að reyna hvað við getum. Önnur lið eins og Spánn, Króatía, Frakkland og Þýskaland eru með betri mannskap en við stillum upp liði sem hefur spilað lengi saman."

Hann er einnig þjálfari Medwedi Tschechow sem í vor varð Evrópumeistari bikarmeistara. Með félaginu spilar næstum allt rússneska landsliðið. Aðeins Eduard Kokscharov, sem leikur með Celje í Slóveníu, leikur utan Rússlands. Og af hinum leika 90% landsliðsmannanna með Medwedi.

„Það er erfitt að halda góðum leikmönnum í Rússlandi þar sem þeir geta þénað mun betur í vesturhluta Evrópu. Við getum aðeins höfðað til þjóðarstolts þeirra," sagði Maximov sem hefur stýrt Rússum til sigurs á öllum stórmótunum, heims- og Evrópumeistaramótum sem og Ólympíuleikum.

Ef einhver gerist svo djarfur að óhlýðnast Maximov, eins og Dennis Zacharov sem fór frá St. Pétursborg til Gummersbach fyrir rúmu ári síðan gerði, er viðkomandi einfaldlega kippt úr landsliðinu.

Hann hefur þegar tilkynnt hvert sé leyndarmálið að baki góðu gengi í Þýskalandi.

„Í Þýskalandi er hægt að finna besta „dópið" fyrir handboltamenn, nefnilega bjór og svínakjöt." - esá



**MAXIMOV** Mætir án efa í gallabuxunum á HM í Þýskalandi. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

# GLEÐILEGT REYKLAUST ÁR




**NÝTT ÚTLIT - SAMA BRAGÐ**

# 20% afsláttur

af Nicotinell nikótíntyggigúmmíi í 84, 96 og 204 stk pakkningum

## í öllum apótekum

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



**BENEDIKT** Fylgist með sínum mönnum gegn Snæfelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Benedikt Guðmundsson:

## Trúðum alltaf á sigur

**KÖRFUBOLTI Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, var að vonum kátur með sigurinn þótt hans menn hafi ekki spilað vel í þrjá leikhluta.**

**„Við vorum að elta allan leikinn gegn frábæru liði en þrátt fyrir það hamraði ég á mönnum að hætta ekki. Leikurinn er í fjörutíu mínútur og ég sagði mönnum í leikhléi að ég hafi vitað fyrir tveim dögum að við myndum vinna leikinn. Við trúðum því allan leikinn en það má samt segja að við höfum stolið sigrinum. Það er mikill vilji og karakter í þessu liði,“ sagði Benedikt og glotti við tönn.** - hbg

Sigurður Þorvaldsson:

## Þorðum ekki að vinna leikinn

**KÖRFUBOLTI** „Ég hreinlega veit ekki hvað gerðist hjá okkur. Ég meiddist og lá fyrir utan á þessum skelfilega kafla,“ sagði Sigurður Þorvaldsson Snæfellingur í leikslok.

„Það fraus allt og menn þorðu ekki að vinna leikinn. Mjög súrt að tapa hér í baráttu um toppleik fyrir fullu húsi en þetta var bara einn leikur og við verðum að gleyma honum sem fyrst.“ - hbg

# KR í gervi úlfsins í Fjárhúsinu

**Það var hálfgert rán framið í Fjárhúsinu í Stykkishólmi í gærkvöldi. Eftir að hafa lítið getað í þrjá leikhluta setti KR í lás gegn stressuðum heimamönnum og yfirgaf svæðið með stigin eftir þriggja stiga sigur, 71-74.**

**KÖRFUBOLTI** Það var rafmögnuð spenna í Fjárhúsinu í Stykkishólmi í gær þegar heimamenn í Snæfelli tóku á móti KR í baráttunni um toppsætið í Iceland Express-deildinni. Bekkurinn var þétt setinn og talsvert margir KR-ingar höfðu lagt leið sína vestur. Leikurinn var æsispennandi allt til enda og áhorfendur fengu vel fyrir aurinn en KR yfirgaf svæðið á toppi deildarinnar.

Það var talsverð spenna í báðum liðum í upphafi og nokkuð um mistök. Serbinn Edmund Asemi byrjaði vel fyrir KR en var síðan tekinn af velli og fékk að hvíla fulllengi á tréverkinu í kjölfarið. Þótt KR hafi byrjað betur voru heimamenn fljótir að taka við sér og náðu forystunni.

Lítill munur var á liðunum en Snæfell þó alltaf skrefi á undan og það gátu þeir þakkað góðri baráttu undir körfunni sem skilaði mikilvægum fráköstum. Munurinn eftir fyrsta leikhluta var þrjú stig, 20-17.



**KEYRT AÐ KÖRFUNNI** Jeremiah Sola reynir hér að prjóna sig í gegnum Snæfellsvörnina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það var mikið um mistök í öðrum leikhluta, margar villur dæmdar og lítið um fallegan körfubolta. Hlynur Bæringsson fékk dæmda á sig óíþróttamannslega villu í leikhlutanum þegar hann gaf Skarphéðni Ingasyni olnbogaskot. Voru ekki allir á eitt sáttir með villuna og vildu einhverjir láta vísa Hlyn úr húsi en flestir sáu þó að ekki var um ásetning að ræða þó Hlynur hafi sveiflað olnbogunum frekar frjálslega.

KR hélt áfram að hanga í Snæfelli í hálfleiknum og þegar annar leikhluti var allur munaði aðeins fjórum stigum á liðunum, 46-42, og allt útlit fyrir spennandi leik í síðari hálfleik.

Þriðji leikhluti var algjörlega eign heimamanna sem voru mikið grimmari á alla bolta, rifu niður flest fráköst og hreinlega lokuðu vörninni. KR-ingar að sama skapi máttlausir og völdu skot sín oft á tíðum illa. Þeir voru í vandræðum fyrir lokafjórðunginn enda komnir níu stigum undir, 64-55.

Leikmönnum voru verulega mislagðar hendur í upphafi lokaleikhlutans enda komu fyrstu stig hans ekki fyrr en eftir fjórar mínútur þegar Patterson setti niður þriggja stiga körfu fyrir KR. Þessi karfa virtist kveikja í gestunum því á þá rann hamur á meðan heimamenn frusu í bókstaflegri merkingu.

Pálmi Freyr kom KR yfir, 64-65, og Sigurður Þorvaldsson jafnaði í kjölfarið með vítaskoti. Það var fyrsta stig Snæfells í leikhlutanum og kom eftir rúmar 6 mínútur. Vörn KR í leikhlutanum var rosaleg og vörn Snæfells var einnig geysiöflug rétt eins og allan leikinn.



**BARÁTTA** Snæfellingurinn Justin Shouse og Skarphéðinn Ingason, leikmaður KR, berjast um boltann í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það var mikil spenna allt til loka en Sola og Asemi tryggðu KR sigurinn með öruggum vítaskotum á meðan heimamenn héldu áfram að klikka. KR komst þremur stigum yfir þegar þrjár sekúndur voru eftir og þá hefði verið gott fyrir Snæfell að eiga leikhlé sem þeir áttu ekki og lokaskotið var víðsfjarri.

KR sigur staðreynd, 71-74, og heimamenn trúðu ekki sínum eigin augum en menn geta sagt sér það sjálfir að þeir vinna ekki leiki með því að skora sjö stig í lokaleikhlutanum. Skiptir þá engu hversu góður varnarleikurinn er.

**henry@frettabladid.is**




## Stórt og glæsilegt sérblað um heilsu

Fylgir með Fréttablaðinu á morgun.

**Blaðinu er dreift með Fréttablaðinu í 102.000 eintökum um allt land.**

FRÉTTABLAÐIÐ

– vel lesið




**FARNIR** Thomas Soltau og Jermaine Williams eru tveir af þremur erlendum leikmönnum sem Keflavík hefur rekið í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Eftirmaður Soltau hjá Keflavík verður löglegur strax:

## Ætla sér greinilega að bæta vörnina

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar hafa nú skipt um báða útlendinga sína í körfuboltanum, fyrst létu þeir Bandaríkjamanninn Tim Ellis fara og fengu Ismail Muhammad í staðinn og nú síðast sömdu þeir við Sebastian Hermenier sem er Bandaríkjamaður með franskt vegabréf. Báðir nýju leikmennirnir eru rómaðir varnarmenn og eiga það sameiginlegt að vera hrósað mun meira á þeim megin vallarins en fyrir sóknarleik sinn.

Muhammad er 198 framherji og lék með Georgia Tech háskólanum á sínum tíma og vakti mikla athygli fyrir þrusu troðslur sínar en hann er að vinna sig út úr meiðslum og skoraði aðeins 5 stig á 19 mínútum í fyrsta leik sínum með Keflavík. Sebastian Hermenier er 198 sm og 105 kg framherji og var kosinn varnarmaður ársins á lokaári sínu með Binghamton Bearcats háskólanum þar sem hann var með 11,1 stig og 6,6 fráköst að meðaltali í leik.

Ólíkt öðrum svokölluðum Bosman-leikmönnum fær Hermenier leikheimild strax þar sem hann er að spila í fyrsta sinn í Evrópu. Nái Keflvíkingar að klára öll leyfisbréf hans fyrir helgi þá ætti hann að geta spilað með liðinu þegar Keflvíkingar heimsækja Skallagrímsmenn í Borgarnes á laugardaginn. - óój

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Iceland Express deild karla*

| | |
|---|---|
| SNÆFELL-KR | 71-74 |

**Stig Snæfells**: Magni Hafsteinsson 16, Sigurður Þorvaldsson 14, Justin Shouse 13, Hlynur Bæringsson 10, Helgi Reynir Guðmundsson 8, Jón Ólafur Jónsson 8, Guðni Valentínusson 2.
**Stig KR**: Pálmi Freyr Sigurgeirsson 12, Jeremiah Sola 12, Edmund Asemi 12, Fannar Ólafsson 11, Brynjar Þór Björnsson 8, Skarphéðinn Ingason 7, Tyson Patterson 7, Darri Hilmarsson 2.

| | |
|---|---|
| NJARÐVÍK-ÍR | 100-85 |

**Stig Njarðvíkur**: Brenton Birmingham 31, Jóhann Ólafsson 19, Jeb Ivey 18, Igor Beljanski 10, Friðrik Stefánsson 8 (13 frák., 7 stoðs.), Egill Jónasson 6, Guðmundur Jónsson 2, Rúnar Erlingsson 1.
**Stig ÍR**: Eiríkur Önundaron 19, Hreggviður Magnússon 18 (9 frák.), Nate Brown 13, Steinar Arason 13, Fannar Helgason 9, Sveinbjörn Claessen 6, Ómar Sævarsson 4, Ólafur Sigurðsson 3.

| | |
|---|---|
| HAMAR/SELFOSS-ÞÓR ÞORL. | 80-68 |
| TINDASTÓLL-HAUKAR | 79-75 |

### STAÐAN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **12** | **10** | **2** | **1058-929** | **20** |
| NJARÐVÍK | 12 | 10 | 2 | 1042-962 | 20 |
| **SNÆFELL** | **12** | **9** | **3** | **944-867** | **18** |
| SKALLAGR. | 11 | 8 | 3 | 972-895 | 16 |
| **KEFLAVÍK** | **11** | **7** | **4** | **981-903** | **14** |
| GRINDAVÍK | 11 | 6 | 5 | 941-868 | 12 |
| **HAMAR/SELF.** | **12** | **5** | **7** | **900-955** | **10** |
| TINDASTÓLL | 12 | 4 | 8 | 1032-1095 | 8 |
| **ÍR** | **12** | **4** | **8** | **969-1028** | **8** |
| ÞÓR ÞORL. | 12 | 3 | 9 | 967-1090 | 6 |
| **FJÖLNIR** | **11** | **2** | **9** | **918-1005** | **4** |
| HAUKAR | 12 | 2 | 10 | 1005-1132 | 4 |

Fylkismaður og Eyjamaður:

## Bjarni og Eyjólfur til GAIS

**FÓTBOLTI Eyjólfur Héðinsson, leikmaður Fylkis, og Bjarni Hólm Aðalsteinsson, leikmaður ÍBV, munu á næstu dögum halda til Svíþjóðar þar sem þeir verða til reynslu hjá úrvalsdeildarliðinu GAIS sem Jóhann B. Guðmundsson leikur með.**

**Eyjólfur er 22 ára gamall og á að baki 53 leiki í efstu deild með Fylki og hefur hann skorað í þeim tvö mörk. Bjarni Hólm er sömuleiðis 22 ára og á að baki 51 leik í efstu deild, þar af 21 með Fram þar sem hann skoraði eitt mark.** - esá


Skiptibóka
markaður
Office1
Í fullum gangi!
Skeifunni 17
Akureyri
Ísafirði
Vestmannaeyjum
JANÚARTILBOÐ
FRÁBÆRT VERÐ
Aðeins í verslunum Office 1
492270-12
BRÉFABINDI
Aðeins
99.-
Hámark 20 stk. á mann.
KARCE
ÁRAMÓTA TILBOÐ
492270-12
REIKNIVÉL
Tólf stafa reiknivél.
Aðeins
395.-
STÍLABÓK
5
Í PAKKA
020461
GORMABÓK
A4 fimm saman í pakka.
Aðeins
395.-
pakkinn
gilda til og með 12. janúar 2007 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.
20%
AFSLÁTTUR
af blek- og dufthylkjum
Aðeins í verslunum Office 1
ÁRAMÓTA TILBOÐ
Aðeins
195.-
10 vasar
Aðeins
395.-
40 vasar
280048/280049
VASAMÖPPUR
Með 10 og 40 vösum.
FABER-CASTELL
Góður sá GULI
Aðeins
69.-
stk.
2751548
ÁHERSLUPENNI
Allir litir.
Office1 Superstore

## > Stephen Dorff



Fæddist í Georgíu í Bandaríkjunum 29. júlí árið 1973. Hann hóf leiklistarferil sinn ungur að árum með litlum hlutverkum í sjónvarpsþáttum á borð við Rosanne, Married With Children og Blossom. Smám saman fór Dorff að vera meira áberandi á hvíta tjaldinu og vakti m.a. athygli fyrir frammistöðu sína í myndum á borð við Backbeat og Judgement Night. Vafalítið er hann þó þekktastur fyrir hlutverk sitt í vampírumyndinni Blade sem kom út 1999. Síðast sást hann í myndinni World Trade Center.
Dorff leikur aðalhlutverkið í Bófahasar, eða Deuces Wild, sem verður sýnd í Ríkissjónvarpinu í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER KOMINN MEÐ NÓG AF BANDARÍSKU SJÓNVARPSEFNI

# *Breska sakamálaþætti, já takk!*

Bretar eru fremstir í að búa til sakamálaþætti og sjónvarpsmyndir um rannsóknarlögreglumenn og þeirra flóknu viðfangsefni. Næg eru dæmin til að benda á; Jack Frost, Taggart og Morse að ógleymdri Jane Tenison sem sneri aftur á skjáinn í gærkvöldi í Prime Suspect. Í raun er sama hversu lélegar bresku glæpamyndirnar og -þættirnir eru á þeirra mælikvarða, aðrar þjóðir eiga ekki roð í Tjallann.
Ég hugsa mér hreyfingar upp úr húsbóndastólnum þegar bandarísku sápu-sakamálin koma til skjalanna, útþynntar af vellu og væmni. Náungar með Ray Ban-sólgleraugu sem notast við fullkomnar tölvur og nánast yfirskilvitlegan hæfileika til að greina táneglur í kílómetra fjarlægð og varpa grun á fáklæddar stúlkur eða mexíkóska dópbaróna. Hvað þá þegar þeir eru orðnir stærðfræðingar sem reikna út glæpamanninn með svo flóknum formúlum að áhorfandinn situr heima í stofu og bölvar sjálfum sér fyrir að hafa misst af öllum stærðfræðitímunum vegna óútskýrðra og skyndilegrar þreytu. Má ég þá heldur biðja um hinn lífsþreytta Morse sem þrælar samstarfsfélaga sínum út eða hinn kvikindislega Taggart með allt á hornum sér.
Flétturnar hjá Kananum eru það fyrirsjáanlegar að yfirleitt hefur áhorfandinn getið sér til um hver morðinginn er einungis með hliðsjón af því hvenær kauði birtist í þáttunum. Svo skottast foringjarnir um sjálfumglaðir á glæsibifreiðum með freðið glott. Undantekningarlaust notast bresku sakamálaseríurnar við svo skothellt handrit að áhorfandinn þarf að beita öllu sínu hyggjuviti og rökhugsun til að finna út morðingjann.



**HELEN MIRREN** Leikur Jane Tenison í Prime Suspect sem snéri aftur á skjáinn í gærkvöldi.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.10** Gillette sportpakkinn Sýn



▶ **20.30** X-Faktor Stöð 2



▶ **21.10** Bachelor VIII Skjár einn



▶ **21.30** South Park Sirkus



▶ **22.30** Liverpool - Bolton (frá 1. jan) Skjár sport

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Snillingarnir** (17:28)
**18.25 Ungar ofurhetjur** (9:26)
**19.00 Fréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Fjölskylduklúður II** Parent Trap II) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1986. Mary og Nicki, sem eru bestu vinkonur, reyna að koma pabba hennar Mary og mömmu hennar Nicki saman. Leikstjóri er Ronald F. Maxwell og meðal leikenda eru Hayley Mills, Tom Skerritt, Carrie Kei Heim og Bridgette Andersen.
**21.35 Lífverðirnir** (Livvakterna) Sænsk spennumynd frá 2001. Lögreglumaður sogast inn í æsispennandi atburðarás þar sem vinur hans á í höggi við eistneska glæpamenn og óprúttinn einkaspæjara. Leikstjóri er Anders Nilsson og meðal leikenda eru Jakob Eklund, Samuel Fröler, Alexandra Rapaport, Lia Boysen og Christoph M. Ohrt. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.25 Bófahasar** (Deuces Wild) Bandarísk bíómynd frá 2002 um tvo bræður sem eru í bófaflokki í New York um 1950. Þeir vilja halda yfirráðasvæði sínu eiturlyfjalausu en eiga í stríði við annað glæpagengi. Leikstjóri er Scott Kalvert og meðal leikenda eru Stephen Dorff, Brad Renfro, Fairuza Balk, Drea de Matteo og Matt Dillon. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Spy Kids 3-D. Game Over**
**08.00 Airheads**
**10.00 Garage Days**
**12.00 Le Divorce**
**14.00 Spy Kids 3-D. Game Over**
**16.00 Airheads**
**18.00 Garage Days**
**20.00 Le Divorce** (Skilnaðurinn)
**22.00 Gothika** Bönnuð börnum.
**00.00 Gang Tapes** Bönnuð börnum.
**02.00 Straight Into Darkness** Stranglega bönnuð börnum.
**04.00 Gothika** Bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**06:58 Ísland í bítið**
**09:00 Bold and the Beautiful**
**09:20 Í fínu formi 2005**
**09:35 Oprah**
**10:20 Ísland í bítið (e)**
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Neighbours**
**13:05 Valentína**
**13:50 Valentína**
**14:35 Andre Riou at the Royal Albert (e)**
**16:00 Hestaklúbburinn**
**16:23 Nýja vonda nornin**
**16:43 Kringlukast**
**17:08 Yoko Yakamoto Toto**
**17:13 Yoko Yakamoto Toto**
**17:18 Véla-Villi**
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Neighbours**
**18:18 Íþróttir og veður**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**20:05 Simpsons-fjölskyldan (1:22)**
▶**20:30 X-Factor** (7:20) (Judges home 1 - Heimsókn) Kynnir er Halla Vilhjámsdóttir. Hver verður næsta poppstjarna Íslands? Hver er með x-faktorinn?
**21:25 Prime Supspect - the final act** Helen Mirren snýr aftur í hlutverki Jane Tennison í nýju ævintýri sem er hugsanlega það síðasta sem sést af hinum vinsælu Prime Suspect. Aðalhlutverk: Helen Mirren, Stephen Tompkinson, Laura Greenwood. Leikstjóri: Philip Martin. 2006.
**23:00 Medallion** Háspenna, hasar, hugarburðir og húmor er aldrei langt undan þegar Jackie Chan er annars vegar og er The Medallion frá árinu 2003 engin undantekning hvað það snertir. Hún segir frá einkaspæjara í Hong Kong sem deyr í slysi og umbreytist í dauðlegan bardagamann með yfirnáttúrulega hæfileika. Aðalhlutverk: Lee Evans, Jackie Chan, Claire Forlani. Leikstjóri: Gordon Chan. 2003. Bönnuð börnum.
**00:30 Ash Wednesday** Leikstjóri: Edward Burns. 2001. Stranglega bönnuð börnum.
**02:05 Freddie** (14:22)
**02:30 Balls of Steel** (1:7)
**03:10 Ísland í bítið e**
**04:45 Fréttir og Ísland í dag**
**06:20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**
**18.00 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Beastie Boys - This Time Its**
**20.30 The Hills (e)** Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla.
**21.00 Sirkus Rvk (e)** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co eru að fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur. Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppákomur, opnanir og frumsýningar; það nýjasta í tískunni, tónlist, kvikmyndum og almennt í afþreyingarlífinu.
▶**21.30 South Park (e)** 9. serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.
**22.00 Chappelle´s Show 1 (e)** Önnur serían af þessum vinsælum gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.
**22.30 Pepper Dennis (e)** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago-borgar. En því miður fyrir hana þá er búið að ráða í stöðuna.
**23.15 X-Files (e)** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun!
**00.00 The Player (e)** 13 karlmenn berjast um hylli ofurskutlunnar Dawn Olivieri í þessu þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari.
**00.45 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum.
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

**Dagskrá allan sólarhringinn.**

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray (e)**
**13.50 Will & Grace (e)**
**14.20 Will & Grace (e)**
**14.50 The King of Queens (e)**
**15.20 Queer Eye for the Straight Guy (e)**
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray** Glænýir spjallþættir.
**18.00 Will & Grace** Bandarísk gamansería.
**18.30 Will & Grace**
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 Toppskífan** Glænýr tónlistarþáttur þar sem söngstjarnan Heiða kynnir vinsælustu tónlistina á Íslandi í dag.
**20.10 The Bachelor VIII - Upprifjun** Bandarísk raunveruleikasería þar sem læknirinn Travis Stork leitar að draumadísinni.
▶**21.10 The Bachelor VIII**
**22.10 Kojak** Sköllótta löggan með rauða sleikipinnann er mætt aftur.
**23.00 Everybody loves Raymond**
**23.30 Masters of Horror - Lokaþáttur** Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. Síðasta hrollvekjan í þessari seríu kallast Imprint en það er japanski leikstjórinn Takashi Miike sem gerði þessa mynd. Ungur, bandarískur blaðamaður heldur til Japan að leita að vændiskonu sem hann elskaði en yfirgaf nokkrum árum áður. Hann endar á eyju þar sem djöflar og hórur ráða ríkjum. STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.
**00.10 House (e)** Læknadrama um hinn skapstygga, fúla en jafnframt frábæra lækni Gregory House.
**01.20 Close to Home (e)** Lögfræðidrama af bestu gerð.
**02.10 Beverly Hills 90210 (e)**
**02.50 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

## SKJÁR SPORT

**14.00 Watford - Wigan (frá 30. des)**
**16.00 Charlton - Aston Villa (frá 30. des)**
**18.00 Upphitun** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**18.30 West Ham - Man. City (frá 30. des)**
**20.30 Man. Utd. - Reading ( frá 30. des)**
▶**22.30 Liverpool - Bolton (frá 1. jan)**
**00.30 Sheff. Utd. - Arsenal (frá 30. des)**
**02.30 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

### „X-Factor“



Nú þegar búið er að skera niður í átján atriði eru sex eftir í hverjum hópi. Og í tveimur næstu þáttum fá dómararnir tækifæri til að bjóða þátttakendum heim til sín í þeim tilgangi að geta kynnst þeim og fengið þannig betri hugmynd um hverjir þeirra séu líklegastir til að komast sem lengst áfram í keppninni. Keppendur fá þar að auki mikilvæga leiðsögn frá dómurunum og sérlega völdum sérfræðingum þeirra. En þættirnir verða ekki eintóm sæla fyrir þá því dómarar þurfa að halda áfram að skera niður. Einn verður sendur heim úr hverjum hópi í kvöld og einn í næsta þætti, sem þýðir að þá verða tólf atriði eftir sem hafa unnið sér þátttökurétt í úrslitakeppninni sem hefst í Vetrargarði Smáralindarinnar 26. janúar.

### ▶VIÐ MÆLUM MEÐ THE SIMPSONS STÖÐ 2 KL. 20.05

Fyrsti þátturinn í átjándu og nýjustu þáttaröð langlífustu og einnar allra farsælustu gamanþáttaraðar í sögu sjónvarpsins verður sýndur á Stöð 2 í kvöld.

Hómer og fjölskylda halda uppteknum hætti við að lifa sínu venjulega smáborgaralífi í smábænum Springfield þar sem ekkert gerist og ekkert fer úrskeiðis öðruvísi en að þeir feðgar Hómer og Bart eigi hlut að máli.

Þættirnir um Simpsons-fjölskylduna eru alltaf jafnvinsælir og nú hafa framleiðendur þeirra ákveðið að búa til langþráða kvikmynd í fullri lengd sem verður frumsýnd síðar á árinu. Gaman verður að fylgjast með því hvernig þessari óvenjulegu fjölskyldu reiðir af í henni.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn. **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **08.00** Fréttir **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.50** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Slóð fiðrildanna
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Herdísarvík - Einar og Hlín
**20.20** Kvöldtónar
**20.55** Síðasti dagur ársins
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**17:45 Presidents Cup 2007 - Official** (Inside the PGA Tour 2007) Inside the PGA tour er frábær þáttur þar sem golf-áhugafólk fær tækifæri til þess að kynnast betur kylfingunum á bandarísku PGA-mótaröðinni.

▶**18:10 Gillette-sportpakkinn**

**18:40 X-Games 2006 - þáttur 5**

**19:35 Spænski boltinn - upphitun** (La Liga Report) Upphitun fyrir alla leiki helgarinnar í spænska boltanum.

**20:00 Ameríski fótboltinn** (NFL Gameday 06/07) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum.

**20:30 Pro Bull Riding** (Dallas, TX - Frito-Lay Invitational)

**21:30 World Supercross GP 2005-06** (BC Place Stadium) Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkross-hjólum sem fram fer í íþróttahöllum á brautum með stórum stökkpöllum.

**22:30 World Poker Tour Bad Boys...** (World Poker Tour Battle of Champions 2) Mótaröðin World Poker Tour nýtur mikilla vinsælda í Bandaríkjunum þar sem bestu pókerspilarar heims sitja við spilaborðin.

**00:00 FA Cup - Preview Show 2007** (FA Cup - Preview Show 2007) Upphitunarþáttur fyrir ensku bikarkeppnina.

**00:30 Íþróttahetjur**

**01:00 NBA deildin** (San Antonio - Dallas) Bein útsending frá stórleik San Antonio Spurs og Dallas Mavericks í NBA-deildinni. Þarna eru á ferðinni tvö af sterkustu liðum vesturdeildarinnar. Dallas lék til úrslita í fyrra og San Antonio vann titilinn fyrir tveimur árum.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýj ignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

### DR 1

**8.30** DR1 Dokumentaren - Ej blot til lyst **9.30** Hva' så Danmark? - reform af den offentlige sektor **10.00** Den sidste slæderejse **10.30** Kender du typen **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Grøn glæde **12.00** Rabatten **12.30** Aftenshowet **13.00** Aftenshowet **13.30** Skibsreder på høje hæle **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Becoming **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** SvampeBob **16.00** Fra Barbie til Babe **16.30** Hunni*show **16.45** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV AVISEN **17.55** Vejret på DR1 **18.00** Disney Sjov **19.00** aHA! **20.00** TV Avisen **20.30** Heartbreakers **22.30** Sjakalen **0.30** Boogie Listen

### NRK 1

**10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Sport i dag **12.00** Siste nytt **13.00** Siste nytt **13.45** V-cup skiskyting: Sprint kvinner **14.00** Siste nytt **15.00** Siste nytt **15.03** Madrugada - live fra Oslo Spektrum **15.50** Size 5 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Sport i dag **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Franklin **17.10** Mekke-Mikkel **17.25** Pingvinen Jasper **17.30** Lure Lucy **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Underholdningsavdelingens nyttårskavalkade **20.15** En griselekker flukt **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Seks fot under **23.05** Ronnie Lanes mange ansikter **0.05** Alfred Hitchcock presenterer

### SVT 1

**8.00** Jullovsmorgon: Aktiebolaget Häxan Surtant **8.55** Jesus & Josefine **9.15** Jesus & Josefine **9.35** Fieteri **9.55** Julpyntargatan **11.00** Rapport **11.05** Drottning Margrethe i Grekland **11.50** Skidor: Världscupen Asiago **13.35** Stå på näsan **14.00** Vi ses i Havanna! **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** På spåret **17.00** Bolibompa: Flugsoppan **17.30** Energikampen **18.00** Fredagsröj **18.30** Rapport **18.45** Vid pianot: P. Ramel **19.00** Sportens årskönika **20.00** Tusenbröder III **21.30** Josh Groban - live **22.30** Rapport **22.35** Höga klackar **0.25** Sändningar från SVT24




## HRÓSIÐ ...



*... fær Ásta Björk Ríkharðsdóttir sem verið hefur grænmetisæta í 25 ár en segist samt ekki vera með hollustu á heilanum.*



**LÁRÉTT 2** líkamshluti **6** kusk **8** mál **9** angan **11** dreifa **12** strýta **14** duglegur **16** karlkyn **17** skýra frá **18** for **20** bardagi **21** fullnægja.

**LÓÐRÉTT 1** ljómi **3** borðaði **4** ítalskur ofnréttur **5** rá **7** hrekkur **10** sigti **13** farfa **15** nótt **16** kóf **19** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** háls, **6** ló, **8** tal, **9** ilm, **11** sá, **12** keila, **14** iðinn, **16** kk, **17** tjá, **18** aur, **20** at, **21** fróa.

**LÓÐRÉTT: 1** blik, **3** át, **4** lasanja, **5** slá, **7** óleikur, **10** mið, **13** lit, **15** nátt, **16** kaf, **19** ró.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Jóhannes Kjarval.
2. 40 milljónir.
3. Einar Hólmgeirsson.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# Latibær með nýja smáskífu í smíðum

„Mér þætti það mjög líklegt, við eigum fund með útgáfufyrirtækinu Gut Records í lok janúar og þá verður að öllum líkindum tekin ákvörðun um þetta," segir tónlistarmaðurinn Máni Svavarsson, spurður um næstu skref í tónlistarútrás Latabæjar.



**MÁNI SVAVARSSON** Segir ekki ólíklegt að stefnt verði að nýrri smáskífu sökum velgengni Bing Bang.

Eins og greint var frá í fjölmiðlum í lok síðasta árs fór smáskífan Bing Bang beint í fjórða sæti breska smáskífulistans sína fyrstu viku þar og hélt sér inni á topp tíu listanum vikuna eftir. „Við vorum síðan í tólfta sæti í þriðju viku og héldum okkur á topp fjörutíu í fjórar vikur," útskýrir Máni en það telst afburðagóður árangur. „Mér skilst að sala á smáskífu í níunda sæti fyrir jólin sé meiri en sala á smáskífunni í fyrsta sæti fyrstu mánuðina eftir jól," segir Máni en nú er verið að leggja lokahönd á nýja þáttaröð í herbúðum Latabæjar í Garðabæ.

„Stóra platan okkar hefur jafnframt selst í 120 þúsund eintökum og er komin í gull þannig að þetta er alveg frábært," segir Máni. Sökum þess að Gut Records er óháð fyrirtæki hefur Bing Bang trónað í efsta sæti óháða smáskífulistans í Bretlandi og er ljóst að forsvarsmenn fyrirtækisins binda miklar vonir við Íþróttaálfinn og félaga.

Máni segir að þessi mikla velgengni hafi ekki orðið til þess að atvinnutilboðum rigni yfir hann. „Ég er bara á samningi hjá Latabæ og uni glaður við mitt," segir hann. - fgg



**JULIANNA ROSE MAURIELLO** Syngur lagið Bing Bang sem trónir í efsta sæti óháða smáskífulistans í Bretlandi.



**REYKLAUS KÖTTUR** Gestir kaffihússins mega nú norpa úti vilji þeir reykja. Myndin er sviðsett. FRÉTTABLAÐIÐ/ RÓSA

### GRÁI KÖTTURINN: SKIPTAR SKOÐANIR Á REYKINGABANNI

# Reykingamönnum úthýst

Fastagestir Gráa kattarins, kaffihússins góðkunna við Hverfisgötu eru margir hverjir ósáttir við þá ákvörðun að staðurinn varð reyklaus nú um áramótin. Einhverjir hafa hótað að hætta að stunda staðinn. Þeir reykingamenn sem vilja halda tryggð við Gráa köttinn þurfa nú að svala fíkn sinni fyrir utan staðinn, hvernig sem viðrar.

Númi Þórðarson, starfsmaður á Gráa kettinum, segir þó að breytingarnar hafi mælst vel fyrir. „Það hefur verið fullt hjá okkur á hverjum degi frá því á áramótum. Fastakúnnarnir eru á sínum stað en auk þess erum við að fá marga nýja viðskiptavini sem sækjast eftir reykleysinu."

Grái kötturinn er vinsæll meðal listamanna og menningarvita, stétta sem margir reykingamenn tilheyra; menn sem reykja jafnvel af hugsjón frekar en fíkn. Númi segir að fáir hafi hins vegar amast við reykingabanninu og greinilegt sé að fastagestirnir sæki staðinn af öðrum ástæðum en reykaðstöðunni. „Það eru einn eða tveir sem hafa lýst yfir óánægju með nýja fyrirkomulagið en þeir koma hingað samt sem áður."



**HULDA HÁKON** Annar eigandi Gráa kattarins. Að sögn starfsfólks hafa breytingarnar mælst vel fyrir.

Að sögn Núma er starfsfólkið sátt við útkomuna. „Þetta hefur gefist vel," segir Númi sem telur að viðhorfsbreyting hafi orðið í garð reykinga á undanförnum árum. „Fyrir nokkrum árum prófuðum við að hafa staðinn reyklausan en það mistókst, fastagestirnir hættu að koma og viðskiptin minnkuðu. Það virðist vera annað uppi á teningnum í dag."

Ný lög taka gildi næsta sumar en samkvæmt þeim verða reykingar bannaðar á öllum matsölustöðum, kaffi- og vínveitingahúsum. Hulda Hákon, annar eigenda Gráa kattarins, vildi ekkert segja um málið eða hvort reykleysi kaffihússins tengdist yfirvofandi banni. bergsteinn@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Útvarpsþátturinn Capone virðist eiga í fá hús að vernda og jafnvel er útlit fyrir að dagar hans séu taldir. Ekki virðist mikill hugur hjá 365 miðlum að fá þá **Andra Frey Viðarsson** og **Búa Bendtsen** til liðs við sig en eftir að útvarpsmönnunum kjaftforu var sagt upp á X-FM töldu margir að þeir færu rakleiðis til gamalla félaga X-inu. Í samtali við Fréttablaðið sagði **Ágúst Héðinsson**, yfirmaður útvarpssviðs, að rokkstöðvum væri það nánast í blóð borið að sýna lítinn gróða og það væri forsendan fyrir rekstri útvarpsstöðva. Slíkt myndi þá væntanlega útiloka ráðningu nýrra útvarpsmanna á X-inu.



Forstöðumaður útvarpssviðs útilokaði hins vegar ekki endurkomu **Valtýs Björn Valtýssonar** á Bylgjuna en honum, eins og öðrum starfsmönnum Kiss FM og X-FM, var sagt upp á gamlársdag. Valtýr hefur um árabil stjórnað íþróttaþættinum Mín skoðun við nokkrar vinsældir á X-FM, hefur átt fastan hlustendahóp sem vill síður sjá á bak sínum manni og fagnar væntanlega endurkomu hans.



Urgur er í reykingafólki hjá Ríkisútvarpinu þessa dagana því tilkynnt hefur verið að Reykjum, athvarfi þeirra í útvarpshúsinu, verði lokað á næstunni. Þekktir einstaklingar á borð við **Þórhall Gunnarsson**, **Viðar Eggertsson**, **Ágúst Bogason**, **Brynja Þorgeirsdóttir** og **Helgi Seljan** telja dagana fram að lokun og munu einhverjir RÚV-arar hafa mótmælt þessari ráðstöfun. **Páli Magnússyni** og öðrum yfirmönnum RÚV verður hins vegar ekki haggað. -fgg/hdm



# Völlur á Einari Bárðarsyni í London

Einar Bárðarson, umboðsmaður Íslands svonefndur og X-Factor-dómari, hefur síður en svo dregið saman seglin eftir að hann seldi Senu Consert – umboðsskrifstofu sína – á síðasta ári. Hann hefur í kjölfarið söðlað um og gert heimsborgina London að leikvelli sínum. Og þar vex honum nú fiskur um hrygg.



**LONDON** Þarna er nú leikvöllur umboðsmanns Íslands.

Fyrirtæki hans heitir Believer Music og helstu verkefni eru að standa að útgáfu tónlistar Nylon-flokksins og Garðars Thors Cortes í Bretlandi. Í lok síðasta árs tók Einar á leigu skrifstofur undir starfsemi sína og eru þær skrifstofur víst ekki af verri endanum. Þetta eru fyrrum skrifstofur MTV Films í Evrópu, á mótum Tottenham Court Road og Oxford-strætis. Urðu margir Íslendingar, sem voru í jólainnkaupum í nóvember og desember, varir við þennan glaðbeitta umboðsmann á vappi í grennd við vinnustað sinn. Með allar klær úti.

„Já, það er rétt að við erum að koma okkur aðeins betur fyrir hérna í London," segir Einar í samtali við Fréttablaðið. „Þetta er fín skrifstofa enda nauðsynlegt til að efla keppnisandann að hafa gott búningsherbergi. Þetta er nú samt allt mjög hóflegt og kósí – við erum ekkert að missa okkur," segir Einar. - jbg



**EINAR BÁRÐARSON** Hefur leigt glæsilegar skrifstofur í London undir starfsemi sína.




ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON • ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR • HELGI BJÖRNSSON • ANÍTA BRIEM • HJALTI RÖGNVALDSSON • LILJA GUÐRÚN ÞORVALDSDÓTTIR
TÓMAS LEMARQUIS • HILMIR SNÆR GUÐNASON • HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR • MARGRÉT HELGA JÓHANNSDÓTTIR • STEFÁN JÓNSSON • LARS BRYGMANN
LEIKMYNDAHÖNNUN ÁRNI PÁLL JÓHANNSSON • BÚNINGAR REBEKKA A INGIMUNDARDÓTTIR • TÓNLIST VEIGAR MARGEIRSSON • HLJÓÐVINNSLA GUNNAR ÁRNASON
KLIPPING SVERRIR KRISTJÁNSSON • KVIKMYNDATAKA VÍÐIR SIGURÐSSON • SAGA BJÖRN B BJÖRNSSON • HANDRIT KRISTINN ÞÓRÐARSON • LEIKSTJÓRI BJÖRN B BJÖRNSSON
FRAMLEIÐENDUR KRISTINN ÞÓRÐARSON & MAGNÚS VIÐAR SIGURÐSSON • MYNDIN ER STYRKT AF KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS & NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐNUM

© 2006 REYKJAVIK FILMS & SAGAFILM

REYKJAVIK FILMS sena FRÉTTABLAÐIÐ NFTF Nordisk Film- & Tv Fond MEDIA SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ Landsvirkjun DOLBY DIGITAL IN SELECTED THEATRES

**20% afsláttur fyrir alla viðskiptavini Kaupþings ef greitt er með korti frá Kaupþingi**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 515 7506 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






**BAKÞANKAR**

**SIGURJÓNS KJARTANSSONAR**

## *Öfund*

Öfund er sterkasta afl íslensks samfélags í dag. Ég finn það sjálfur á hverjum degi, hvernig ég þarf iðulega að berjast við öfund mína í garð næsta manns. Ég öfunda hann út af fína Lincoln jeppanum, út af risastóra húsinu hans eða flottu eldhúsinnréttingunni hans sem ég hef séð í Innlit útlit, eða Hús og hýbýli.

**SUM** tímarit ala á öfund. „Sjáið nýja húsið þeirra“ „Sjáið flotta bílinn“ „Sjáið nýju einkaþotuna hans“. Við erum endalaust að bera okkur saman við aðra og erum þar af leiðandi í sífelldri naflaskoðun. Er hús mitt nógu flott? Er bíll minn nógu dýr? Er ég nógu flottur?

**ÍSLENDINGAR** eru aldrei meiri hópsálir en þegar kemur að neyslu. Þegar nýja IKEA opnaði í haust sat ég í næstum því klukkutíma traffík á Reykjanesbrautinni, því allir þurftu skyndilega að kaupa ný húsgögn, þar á meðal ég. Enginn vildi verða eftirbátur og eiga það á hættu að þurfa að öfunda næsta mann sem hefði þá orðið fyrri til að fara í nýja IKEA.

**EN** til að vera góður íslenskur borgari er ekki bara nóg að öfunda, heldur þarftu líka að vera öfundaður. Ef enginn öfundar þig ertu í vondum málum. Ég bara hlýt að vera öfundaður af einhverjum. Það bara kemur ekki annað til greina.

**STUNDUM** dettur mér í hug að ég sé kannski öfundaður af manninum sem ekur um á Lincoln jeppanum og á stóra húsið með flottu eldhúsinnréttingunni. Kannski horfir hann á mig þar sem við erum stopp á rauðu ljósi og hugsar um hvað ég hljóti að hafa það gott. Kannski skulda ég minna en hann? Ég er sennilega í skemmtilegri vinnu en hann og konan mín er örugglega fallegri en hans. Hann er öfundsjúkur út í mig, helvítið á honum!

**MEÐ** því að hugsa svona sigrast ég á öfundsýki minni í nokkrar mínútur og svo gýs hún upp aftur þegar ég mæti næsta Lincoln jeppa. Það er öfundsýkin sem rekur okkur áfram og gerir okkur að því sem við erum. Ég öfunda, þess vegna er ég.

**vísir**

**FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR**

**www.visir.is**




**ÓTRÚLEGA FJÖLHÆFUR JEPPI MEÐ EINSTAKA EIGINLEIKA**

Hinn sívinsæli L200 frá Mitsubishi snýr nú aftur hlaðinn nýjungum. Drifbúnaðurinn er byltingarkenndur og kemur þér auðveldlega þangað sem þú þarft að komast. Bíllinn hefur minnsta beygjuradíus sambærilegra bíla sem gerir hann ótrúlega lipran í innanbæjarakstri og öll hönnun er þannig að hinn nýi L200 vekur aðdáun hvar sem hann kemur.
Einnig fáanlegur með samlitu pallhúsi.

**Verð frá 2.990.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is